



Samskipsveldið á siglingu

Í viðtali í Viðskiptablaðinu fer Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, yfir rekstur félagsins, starfsemina erlendis sem telur stærstan hluta rekstursins, framtíðarmögu-leika Samskipa og loks umdeildan eiganda félagsins, Ólaf Ólafsson. » 26-28



congress
REYKJAVÍK

**Alhliða skipulagning
ráðstefna og funda**

www.congress.is - ☎ 585 3900

vb.is

Viðskiptablaðið

FIMMTUDAGUR

19. JANÚAR 2012
3. tbl. 19. árg.



Flestir vinnandi

Enginn starfsmanna Arion og Landsbanka, sem hefur réttarstöðu sakbornings, er í leyfi frá störfum. » 4

Dreift eignarhald

Fimm aðilar hafa keypt 82% hlut í Jarðborunum af Miðengi. » 12



Wenger malar gull

Arsenal hefur grætt um 311 milljónir punda á leikmannaviðskiptum, eitt enskra liða. » 34

Geimskipafélag Íslands

CCP hefur stofnað dótturfélag til að taka þátt í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans. » 19

ÓÐINN SKRIFAR UM

gjaldeyrishöftin. » 22

SNÝST FYRST OG FREMST UM PÓLÍTÍK

Þótt tillaga um að draga ákæru á hendur Geir H. Haarde til baka verði að öllum líkindum felld er ýmislegt sem á sér stað bak við tjöldin. » 16



BÆTIEFNIN VELTA MILLJARÐI

Fyrirtæki á íslenskum bætiefnamarkaði velta um milljarði króna og er Lýsi hf. langumsvifamest þeirra. » 24-25



Launastefna Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri hækkaði í launum um áramótin

Már situr eftir

» **Aðstoðarseðlabankastjóri** er með hærri laun en sjálfur seðlabankastjórinn.

» **Fimm** starfsmenn launahærri en Már Guðmundsson, sem sækir rétt sinn.

» **Kjararáð** ákvarðar laun seðlabankastjóra en Seðlabankinn annarra starfsmanna. » 8



**Við erum samstíga.
Þess vegna gengur samstarfið svona vel.**

Hugrún Dögg Árnadóttir og Magni Þorsteinsson,
hönnuðir og eigendur KronKron

Hver einasti viðskiptavinur okkar er einstakur og þarfirnar geta verið ólíkar. Með þetta að leiðarljósi höfum við þróað lausnir – sniðnar að þinni atvinnugrein. Hafðu samband og í sameiningu finnum við greiðslulausn sem hentar þínum rekstri.

Fyrirtækjalausnir Valitor | sími 525 2080 | www.valitor.is | fyrirt@valitor.is

Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.

☐ Heildsölur

☐ Íþrótt- og félagasamtök

☒ Verslun

☐ Þjónusta

☐ Veitingahús

☐ Ferðaþjónusta

☐ Ríki- og sveitarfélög

VALITOR
Lausnir án landmæra

Skattar Indriði H. Þorláksson varð eftir í fjármálaráðuneytinu þótt Steingrímur J. færi

Á sérsamningi og tímakaupi hjá ríkinu

Indriði H. Þorláksson er enn starfandi ráðgjafi í fjármálaráðuneytinu. Gerður var sérstakur starfssamningur við Indriða og er hann á tímakaupi fyrir að sinna verkefnum að ósk ráðuneytisins.

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Indriði H. Þorláksson, fyrrv. ríkisskattstjóri og ráðgjafi fjármálaráðherra, er enn við störf í fjármálaráðuneytinu. Indriði hefur frá árinu 2010 starfað sem ráðgjafi í ráðuneytinu.

Eftir að Steingrímur J. hætti sem fjármálaráðherra um áramótin gerðu margir ráð fyrir því að Indriði H. Þorláksson myndi láta af störfum í kjölfarið. Indriði var kominn á eftirlaun þegar Steingrímur J. hafði samband við hann í febrúar 2009 og bað hann um að taka tímabundið við stöðu ráðuneytissjóra af Baldri Guðlaugssyni. Síðan þá eru liðin þrjú ár og á þeim tíma hefur Indriði tekið að sér hin ýmsu hlutverk fyrir ráðuneytið. Fyrst um sinn var hann ráðuneytissjóri, síðan aðstoðarmaður ráðherra og loks var hann ráðinn sem ráðgjafi. Þá sat Indriði einnig í samninganefnd um Icesave-samningana, svokallaðri Svavarsnefnd.

Indriði er þó enn við störf í ráðuneytinu og hefur sem fyrr segir starfað sem ráðgjafi frá árinu 2010. Staðan var þó aldrei auglýst. Aðeins var



Á heimasíðu Indriða H. Þorlákssonar segist hann vera áhugamaður um skattamál, einkum skattapólitík. Hann er nú á tímakaupi hjá skattgreiðendum.

tilkynnt í byrjun apríl 2010 að Indriði hefði látið af störfum sem aðstoðarmaður ráðherra en myndi áfram starfa í ráðuneytinu að sérverkefnum án þess að það væri skilgreint frekar.

Sérstakur starfssamningur

Viðskiptablaðið sendi fjármálaráðuneytinu fyrirspurn í síðustu viku þar sem spurt var um stöðu Indriða inn-

an ráðuneytisins. Þá var einnig spurt um hversu langur ráðningarsamningur hefði verið gerður við Indriða og hvernig launagreiðslum til hans væri háttað. Þá var einnig spurt hvort Indriði greiddi aðstöðugjald, með þeim fyrirvara að hann fengi verktakagreiðslur frá ráðuneytinu.

Fjármálaráðuneytið brást fljótt við og í skriflegu svari til Viðskiptablaðsins kemur fram að gerður hafi

verið starfssamningur (sem inniheldur verkefnalýsingu og fyrirkomulag greiðslna) við Indriða um sérstaka ráðgjöf á sviði skattamála, auðlinda- og stóriðjumála, samskipti við sveitarfélög á sviði fjármála og tekna sveitarfélaga og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um áætlanir í ríkisfjármálum. Jafnframt voru Indriða falin verkefni á sviði lífeyrismála.

„Ekki er um eiginlegan ráðningarsamning að ræða. Starfssamningurinn gerir ráð fyrir greiðslu tímakaups, sbr. ákvæði [...] í kjarasamningum, fyrir vinnuframlag sem ræðst af þeim verkefnum sem unnin eru að óskum ráðuneytisins á hverjum tíma,“ segir í svari ráðuneytisins. Þá kemur fram að samkomulag sé um greiðslu tímakaups, en ekki utanaðkeypta þjónustu (t.d. verktakagreiðslu).

Huldumaður gagnvart almenningi

Þrátt fyrir að tilkynnt hefði verið að Indriði myndi starfa í ráðuneytinu að sérverkefnum er hann ekki á lista yfir starfsmenn á vef fjármálaráðuneytisins. Þá var nafn hans ekki að finna í yfirliti yfir þá sem þáðu verktakagreiðslur frá ráðuneytinu sem sent var Alþingi um mitt síðasta ár. Samkvæmt skýrslum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) var Indriði titlaður skattaráðgjafi. Samkvæmt útreikningum Frjálsrar verslunar voru launatekjur Indriða rúm milljón á mánuði árið 2010. Þó má gera ráð fyrir að hluti þeirrar fjárhæðar séu eftirlaun.

Í STUTTU MÁLI

Nýr markaðsstjóri hjá CCP

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP hefur ráðið nýjan markaðsstjóra, **David Reid**, sem hefur margra ára reynslu úr leikjageiranum erlendis.

Nú þegar styttest í að næsti leikur CCP, Dust 514, líti dagsins ljós er Reid ætlað að auka slagkraftinn í markaðssetningunni. Reid var áður markaðsstjóri hjá Trion Worlds,



sem gaf út fjölsþíllar tölvuleikjarnar Rift, og hjá GameTap leikjaveitunni. Þá var hann yfirmaður alþjóðlegrar markaðssetningar fyrir Xbox 360 leikjatölvu Microsoft.

Mál Baldurs tekið fyrir á miðvikudag

Mál ákærvaldsins gegn Baldri Guðlaugssyni, fyrrum ráðuneytissjóra í fjármálaráðuneytinu, verður tekið fyrir í Hæstarétti næstkomandi miðvikudag, 25. janúar. Dómarar í málinu verða Viðar Már Matthíasson, Ólafur Börkur Þorvaldsson, Garðar Gíslason, Benedikt Bogason og Greta Baldursdóttir. Mál af



þessu tagi hefur ekki áður komið inn á borð Hæstaréttar. Baldur var í héraðsdómi dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi vegna innherjasvika og brota í opinberu starfi. Hann seldi hlutabréf sín í Landsbankanum að andvirði 192 milljónir króna í september 2008, skömmu fyrir fall bankans. Þá

sat Baldur í sérstökum aðgerðahópi stjórnvalda um fjármálastöðugleika.

Keypti í Skýrr á genginu 5,0

Títan, fjárfestingarfélag Skúla Mogensen, keypti alls tæplega 28,7 milljónir nýrra hluta í Skýrr á genginu 5,0, samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár ríkisskattstjóra. Fyrir hlutina var greitt með reiðufé. Greint var frá því í síðustu viku að Skúli greiddi um 140 milljónir króna fyrir um 5% hlut í félaginu. Um er að ræða hlutafjárukningu sem var samþykkt á hluthafafundi og stjórnarfundi 15. desember síðastliðinn. Samþykkt var

að heimila stjórn Skýrr að auka hlutafé félagsins um allt að 50 milljónir hluta að nafnverði fram til 15. desember 2013. Eftir hlutafjárukninguna í desember er



hlutafé félagsins tæplega 554 milljónir hluta að nafnverði. Samkvæmt viðskiptum Skúla er heildarvirði Skýrr um 2,8 milljarðar króna.



PRENTBOX

ÖLL GÖGN Á EINUM STAÐ TILBÚIN TIL PRENTUNAR

Umslag ehf • 533 5252 • www.umslag.is

UMSLAG ehf



Ávöxtun sjóða Stefnis



Sjóður	Nafnávöxtun					Árleg nafnávöxtun frá stofnun*
	1 ár*	2 ár*	3 ár*	4 ár*	5 ár*	
Blandaðir sjóðir						
Stefnir – Samval ¹	13,1%	11,9%	13,7%	9,9%	8,2%	
Stefnir – Eignastýringarsjóður ¹	10,4%	11,1%	10,0%	9,5%	8,3%	
Íslensk hlutabréf						
Stefnir – ÍS 15 ¹	3,7%	9,5%	7,8%	-34,2%	-28,2%	
Íslensk skuldabréf og innlán						
Stefnir – Ríkisvixlasjóður ²	2,5%	4,4%				6,0% <i>(Stofnaður 18.02.2009)</i>
Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður ²	2,8%	11,3%				11,5% <i>(Stofnaður 28.01.2009)</i>
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður stuttur ²						6,5% <i>(Stofnaður 20.01.2011)</i>
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur ²	11,5%	12,0%	12,8%	16,5%	14,4%	
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur ²	14,5%	13,4%	14,1%	18,4%	15,0%	
Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð ²	16,3%	13,3%				13,7% <i>(stofnaður 13.11.2009)</i>
Stefnir – Skuldabréf stutt ¹	9,3%	10,1%	10,5%	9,6%	10,5%	
Stefnir – Lausafjársgjóður ²						3,4% <i>(Stofnaður 07.02.2011)</i>
Erlend hlutabréf**						
KMS – Global Equity ²	-4,0%	0,8%	11,7%	10,0%	7,1%	
KF – Global Value ²	-3,4%	3,2%	18,6%	6,6%	6,9%	
Stefnir – Erlend hlutabréf ²	-4,4%	-2,2%	13,8%	7,3%	6,8%	
MSCI World (viðmiðunarvísitala fyrir ofangreinda sjóði) ³	-1,4%	-0,6%	9,0%	9,8%	6,5%	
KMS BRIC ²	-20,7%	-10,3%	16,1%	5,8%	9,3%	
MSCI BRIC (viðmiðunarvísitala fyrir KMS BRIC) ³	-20,0%	-11,3%	15,5%	4,2%	10,2%	
Stefnir – Scandinavian Fund ²	-12,1%	0,4%	21,6%	7,8%		7,6% <i>(Stofnaður 04.07.2007)</i>
MSCI Nordic (viðmiðunarvísitala fyrir Stefnir Scandinavian Fund) ³	-14,5%	-2,1%	11,8%	5,5%		5,0%

** Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma. Vakin er sérstök athygli á því að sökum gjaldeyrishafta Seðlabankans er ekki hægt að fjárfesta í íslenskum krónum í þessum sjóðum.

* 1 ár: 31.12.2010 - 31.12.2011. 2 ár: 31.12.2009 - 31.12.2011. 3 ár: 31.12.2008 - 31.12.2011. 4 ár: 31.12.2007 - 31.12.2011. 5 ár: 31.12.2006 - 31.12.2011. Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrtæki landsins með um 300 milljarða króna í virkri stýringu.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð
Allar ávöxtunartölur eru í ISK. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Verdis hf. og upplýsingaveitu Bloomberg.

Verðbréfafjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis
Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. 2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. 3) Upplýsingar fengnar af upplýsingaveitu Bloomberg.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og útdrátti úr útboðslýsingu þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir

Í STUTTU MÁLI

Forstjóri og stjórn hækka um 35%

» Laun forstjóra og stjórnar Bláa lónsins árið 2010 námu 297 þúsund evrum árið 2010 en það svarar til um 47 milljóna íslenskra króna, en ekki kemur fram í ársreikningi hver hlutur forstjórans, Gríms Karls Sæmundsen, í þessari upphæð er. Athygli vekur að laun forstjórans og stjórnarinnar hækkuðu úr 218 þúsund evrum 2009 í umræddar tæplega 300 þúsund evrur eða um heil 36% milli ára. Tap Bláa lónsins árið 2010 nam um 856 þúsund evrum eða um 135 milljónum króna.

FME ætlar að klára hrunið í ár

» Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir stofnunina ætla að klára síðustu málin sem tengjast bankahruninu á þessu ári. „Við erum búin að afgreiða þau mál sem tengjast viðskiptabönkunum þremur en eigum eftir mál sem tengjast smærri eftirlitsskyldum fjármálafyrirtækjum. Þau ætlum við að afgreiða fyrir lok þessa árs,“ segir hann í samtali við Viðskiptablaðið.



Hlutur Landsbankans minnkar í Marel

» Landsbankinn seldi í fyrradag þrjár milljónir hluta í Marel á genginu 132. Við viðskiptin fór hlutur Landsbankans í félaginu niður fyrir 5% og er nú 4,86%, samkvæmt flöggun til Kauphallar. Áður var hann um 5,27%. Andvirði hlutarins sem var seldur er um 396 milljónir króna. Gengi hlutabréfa í Marel hefur farið hækkanði að undanförnu. Til að mynda var gengi bréfa um 118 krónur á hlut í byrjun desember en er nú rúmlega 130.

Lægsta krafa hjá ÍLS

» Íbúðalánasjóður (ÍLS) tók eingöngu tilboðum í lengsta flokk íbúðabréfa (HFF44) í fyrsta útboði ársins en tilkynnt var um niðurstöðuna nú í byrjun vikunnar og var meðalkraftan 2,57%. Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að það kunni að vera lægsta krafan sem sjóðurinn hefur fengið í útboði á þessum flokki. Daginn eftir, á þriðjudag, kom síðan tilkynning frá ÍLS þess efnis að sjóðurinn hefði ákveðið að lækka útlánavexti og verða útlánavextir íbúðalána með uppgreiðsluákvæði nú 4,20% og 4,70%.



„Meginstefna Landsbankans er að starfsmaður er saklaus uns sekt er sönnuð,“ segir í svari frá Landsbankanum.

Rannsóknir Staða starfsmanna könnuð ef þeim er gefin réttarstaða grunaðs

Flestir vinnandi þrátt fyrir réttarstöðu

Enginn starfsmanna Arion banka og Landsbanka sem hafa réttarstöðu grunaðs manns eru í leyfi vegna rannsóknara sérstaks saksóknara. Bankarnir kanna hvert tilvik fyrir sig.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Viðskiptabankarnir meta út frá einstökum atvikum hvort starfsmaður er sendur í leyfi, fáir hann réttarstöðu grunaðs manns í tengslum við rannsóknir sérstaks saksóknara. Hjá Landsbankanum og Arion banka er enginn í leyfi frá störfum vegna réttarstöðu sinnar. Tveir starfsmenn Landsbankans hafa réttarstöðu grunaðs, hvorugur er stjórnandi. Hjá Arion banka og Íslandsbanka fæst ekki gefið upp hversu margir þeir eru sem hafa slíka réttarstöðu, en eru sagðir fáir hjá Arion.

Viðskiptablaðið sendi skriflega fyrirspurn til Arion banka og Landsbankans um hvernig málum er háttað þegar starfsmaður fær réttarstöðu grunaðs. Einnig var spurt hvort einhverjir væru í leyfi vegna þessa og hversu margir starfsmenn hafa réttarstöðu grunaðs. Sú fyrirspurn var einnig send Íslandsbanka. Fram hefur komið að þar eru starfsmenn sendir í leyfi og utanaðkomandi lögfræðingur fenginn í kjölfarið til að meta stöðu þeirra samkvæmt málsgögnum. Bankinn tekur síðan ákvörðun um hvort starfsmaðurinn snúi aftur eða ekki. Samkvæmt upplýsingum Viðskiptablaðsins hefur utanaðkomandi lögfræðingur einnig verið fenginn í einstökum tilvikum

hjá Arion banka til þess að meta stöðu starfsmanns.

„Saklaus uns sekt er sönnuð“

Um þrjú hundruð einstaklingar eru með réttarstöðu grunaðs manns vegna rannsókna sérstaks saksóknara. Reglan hefur verið sú að aðilum máls er gefin staðan frekar en ekki, tengist þeir rannsókninni. Af talsmönnum bankanna má heyra að í ljósi mikils fjölda sakborninga er reglan sú að starfsmenn njóti vafans. „Meginstefna Landsbankans er að starfsmaður er saklaus uns sekt er sönnuð,“ segir í svari frá Landsbankanum. Einn viðmælenda Viðskiptablaðsins benti á að réttarstaða sumra stafi af því að þeir tóku við fyrirmælum þegar þeir störfuðu hjá bönkunum fyrir hrún, eða þeir fengu send afrit af tölvupóstum.

Auk tveggja starfsmanna Landsbankans er einn starfsmaður dótturfélags bankans með réttarstöðu grunaðs. „Enginn af þessum aðilum eru í stjórnunarstöðum og er það mat bankans að aðkoma þeirra að þeim málum sem eru til rannsóknar sé ekki refsiverð. Á þeirri forsendu byggir sú skoðun okkar að það sé ekki verjandi að grípa til íþyngjandi aðgerða eins og að senda viðkomandi í leyfi eða vísa úr starfi nema því aðeins að frekari upplýsingar berist um aðild þeirra,“ segir í svarinu. Einnig kemur fram að ef það sé mat bankans að starfsmaður hafi brotið af sér þá sé honum án tafar vísað úr starfi. „Ef það er mat bankans að starfsmaður hafi ekki brotið af sér er horft til alvarleika hins meinta brots og stöðu viðkomandi. Á þeim forsendum er staða starfsmanns metin, þ.e. hvort hann sé sendur í leyfi, vísað úr starfi eða hann færður til.“

Kemur misjafnlega við bankana

Allir bankarnir grípa því til aðgerða þegar upp kemur sú staða að starfsmanni er gefin réttarstaða grunaðs. Bankarnir hafa

Fókus á stjórnendum

Ólafur Þ. Hauksson, sérstakur saksóknari, sagði í viðtali við Viðskiptablaðið í síðustu viku að sé litið til handtaka og gæsluvarðhaldsúrskurda embættisins hingað til þá hafi fókusinn frekar verið á stjórnendum umfram almenna starfsmenn. Brennidepill embættisins er því fyrst og fremst stjórnendur innan bankanna fyrir hrún, þrátt fyrir að grunaðir einstaklingar eru taldir í hundruðum.

Þurft að eyða mismiklum tíma og fjármunum í að úrskurða um hvort starfsmaður skuli sendur í leyfi. Ætla má að hjá Landsbankanum hafi minnst farið fyrir málum sem þessum, þar sem svo til allir þeir sem eru til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara hafa hætt störfum hjá bankanum. Að sama skapi hafa málin verið allmörg hjá Íslandsbanka. Nú síðast í byrjun desember voru nokkrir starfsmenn sendir í leyfi í kjölfar aðgerða sérstaks saksóknara. Samkvæmt reglum bankans er staða þeirra nú yfirfarin af lögfræðingum. Bankinn hefur þá reglu að tjá sig ekki um einstaka starfsmenn og neitar að gefa upplýsingar um hversu margir eru í leyfi.



TÖLVUVIRKNI

Tölvuvirkni ehf - Holtasmára 1 - Kópavogi - Sími 5556250



Við erum með hugann
við það sem þú ert að gera

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur viðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaðjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hrafnhildur Garðarsdóttir hefur áralanga reynslu í ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu, auk 20 ára reynslu í hótél- og veitingaæiranum. Hrafnhildur er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

WIFANKOP / SNA 11.1014

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Í STUTTU MÁLI

Gogoyoko mótmælir bandarískum lögum

»Þetta snýst um frelsi hins vestræna heims,“ segir Haukur Davíð Magnússon, stjórnarmaður og einn stofnenda Gogoyoko tónlistarsíðunnar. Síðan lá niðri hluta úr deginum í gær til að mótmæla fyrirhugaðri laga-setningu í Bandaríkjunum. Lögum, sem kallast Stop Online Piracy Act, er ætlað að koma í veg fyrir ólöglega dreifingu á hugverkaréttarvörðu efni. Þykir mörgum að lögín feli í sér óeðlilega skerðingu á tjáningarfrelsi og lágu stórar vefsíður eins og Google og Wikipedia niðri í gær til að mótmæla lögum.



Sjávarútvegur með 2,4%

»Afskriftir skulda fimm sjávarútvegsfyrirtækja námu tæplega 13 milljörðum króna eða um 2,4% af 548 milljarða króna afskriftum skulda 52 fyrirtækja, samkvæmt samantekt sem birt er á vefsíðu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Í frétt á vef LÍÚ er bent á að samkvæmt samantektinni þar sem fyrirtæki, sem skulduðu milljarð króna eða hærri upphæð, séu flokkuð eftir eðli starfseinnar hafi afskriftir af skuldum fimm umræddra sjávarútvegsfyrirtækja numið tæplega 21 milljarði króna en það svari til 61% af heildarskuldum þeirra; af frétt sem birt hafi verið í RÚV hafi hins vegar mátt ráða að rúmlega 60% skulda allra sjávarútvegsfyrirtækja hefðu verið afskrifuð.



Félag Hannesar gjaldþrota

»Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að félagið FI fjárfestingar ehf., sem er í eigu Hannesar Smárasonar, verði tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Glitnis banka. Félagið, sem áður hét Fjárfestingarfélagið Primus ehf., fékk tvö lán hjá Glitni í lok árs 2007. Þessi lán standa nú í 6 milljörðum króna. Hannes gekkst í 400 milljóna króna sjálf-skuldarábyrgð vegna lánanna og falla þau því á hann þar sem þrotabúi félagsins á ekki fyrir skuldum.



Gunnar Andersen segir starfsmenn ákveðinna opinberra stofnana búa yfir mikilvægum upplýsingum. VB MYND/AXEL JON

Innherjar Seðlabankinn eina stofnunin með opinberan innherjalista

Vill reglur um innherja hjá hinu opinbera

Unnið er að því hjá Fjármálaeftirlitinu að setja skýrari reglur um innherjaviðskipti starfsmanna opinberra stofnana.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Verið er að leggja síðustu hönd á að setja reglur um meðferð innherjaupplýsinga hjá starfsmönnum opinberra stofnana, að sögn Gunnars Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins. „Við erum að klára þetta verkefni, en það hefur tafið vegna skipulagsbreytinga hjá embættinu.“ Gunnar segist ekki geta sagt nákvæmlega til um hvernig þessar reglur muni hljóma, en líklega verði sett upp einhvers konar tilkynningaskylda á viðskipti hjá starfsmönnum stofnana, sem geta búið yfir innherjaupplýsingum. „Í mörgum ráðuneytum og stofnunum búa starfsmenn yfir mjög mikilvægum upplýsingum og því mikilvægt að bæta úr regluverkinu í kringum þetta,“ segir Gunnar og bætir því við að fréttu af þessu sé að vænta eftir um tvo mánuði.

Eins og regluverkið er núna hafa engar reglur verið beint settar um innherjaviðskipti hjá

stjórnvöldum, heldur ber þeim að fylgja reglum um innherjaviðskipti hjá útgefendum verðbréfa „eftir því sem við getur átt“, eins og segir í fyrstu grein reglugerðarinnar. Þá er ekkert embætti regluvarðar stjórnsýslunnar til að fylgjast með viðskiptum starfsmanna opinberra stofnana. Undantekningar á þessu eru Seðlabankinn, sem gefið hefur út sérstakar reglur um viðskipti starfsmanna sinna og er með eigin regluvörð, og Fjármálaeftirlitið.

Tilkynningaskylda hjá Seðlabankanum

Þetta þýðir að sjálfsögðu ekki að opinberum starfsmönnum sé frjálst að stunda verðbréfavíðskipti á grundvelli verðmyndandi upplýsinga sem þeir kunna að búa yfir. Þvert á móti geta þeir verið tímabundnir innherjar í skilningi laga um verðbréfavíðskipti ef þeir búa yfir slíkum upplýsingum og geta þar með brotið gegn lögum um innherjaviðskipti. Það eru einmitt slík brot sem Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, er ætlað að hafa framið haustið 2008.

Eins og greint var frá í Viðskiptablaðinu í síðustu viku eru þrjátíu og þrír starfsmenn Seðlabankans og Lánasýslunnar skilgreindir sem innherjar á lista hjá

Fjármálaeftirlitinu. Seðlabankinn er hins vegar eina opinbera stofnunin sem ber að senda slíkan starfsmannalista til FME vegna þess að bankinn er útgefandi verðbréfa. Þá ber ákveðnum starfsmönnum bankans að tilkynna regluverði um öll verðbréfavíðskipti sem þeir eiga og sumum ber jafnvel að greina frá þeim áður en víðskiptin eiga sér stað. Þetta á ekki við um starfsmenn stofnana eins og Hagstofunnar eða fjármálaráðuneytisins, sem geta engu að síður búið yfir mikilvægum verðmyndandi upplýsingum.

Þyngri refsing

Hafa ber í huga að ef upp kemst um innherjasvik hjá opinberum starfsmanni geta viðurlögin verið meiri og alvarlegri en hjá starfsmanni einkafyrirtækis. Er það vegna þess að hægt er að ákæra opinbera starfsmanninn fyrir brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti og fyrir brot í opinberu starfi. Baldur er fyrsti opinberi starfsmáðurinn sem ákærður er fyrir slíkt brot.

50

Góðir landsmenn, þorinn nálgast!

**OKKAR LANDSFRÆGU
HJÓNABAKKAR OG
ÞORRATROG HENTA VEL
FYRIR STÓRA
OG SMÁA HÓPA**

**MUNIÐ AÐ PANTA TÍMANLEGA!
SÍMI 553 7737**

MÚLAKAFFI
veisluréttir

www.mulakaffi.is | mulakaffi@mulakaffi.is

SJÁÐU VOLVO XC

Opið í dag
9-17
Bildshöfða
6



Volvo XC sameinar tvo heima. Veröld náttúrunnar og klið borgarinnar. Sérhver Volvo XC er hannaður fyrir aðstæður sem skilyrða líf fólks á norðlægum slóðum.

Aðstæður sem krefjast ökutækis sem er lipurt í borgarumferð og áreiðanlegt og öruggt við erfiðar aðstæður utan borgarmarka. Hver einasti Volvo XC er hannaður fyrir íbúa þessara svæða þar sem öryggi, vellíðan og yfirvegundu eru orð sem eru lýsandi fyrir tilfinningar ökumanns og farþega.

Þetta er billinn sem sniðinn er að þínum þörfum, billinn sem skilgreinir þig ... og segir þér hver þú ert! Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus.

Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.



Volvo XC90 AWD

D5, 2.4 Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 200 hö, tog 420 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 6,8 l/100 km. CO₂ 219 g/km.
Verð frá kr. 10.990 þús.



Volvo XC70 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,7 l/100 km. CO₂ 179 g/km.
Verð frá kr. 9.090 þús.



Volvo XC60 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,6 l/100 km. CO₂ 179 g/km.
Verð frá kr. 8.890 þús.

**Komdu í Brimborg Bildshöfða 6.
Opið í dag 9-17.**

VOLVO SEGIR ÞÉR HVER ÞÚ ERT OG HVAÐ ÞÚ GETUR



Í STUTTU MÁLI

EBITDA lítið breytt

» Bláa lónið var rekið með 135 milljóna tapi árið 2010 á móti um 290 milljóna króna hagnaði árið áður. Í reynd breyttist rekstrarhagnaður (EBITDA) lítið milli ára og nam um fimm milljónum evra enda skýrist breytt niðurstaða fyrst og fremst af verulegu gengistapi. Bláa lónið gerir upp í evrum en ekki íslenskum krónum og að sögn Gríms Sæmundsen, forstjóra Bláa lónsins, þurfti félagið að gera upp við erlenda lánaðrottina með krónum á árinu 2010 en krónan styrktist á móti evrunni það ár. Þannig sé þetta reikningsfærða gengistap til komið þótt það hafi síðan nánast engin áhrif haft á sjóðstreymi félagsins. Helstu eigendur Bláa lónsins eru HS Orka, Landsbankinn og Hvatning ehf. (að mestu í eigu Gríms Sæmundsen og Eðvards Júlíussonar) auk um 70 smærri hluthafa.



Stjórnendum og bankaráðsmönnum stefnt

» Slitastjórn Landsbankans hefur stefnt fyrrum bankastjórnunum Sigurjóni Þ. Árnasyni og Halldóri Kristjánssyni fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna gáleysis í starfi við fall bankans. Auk þeirra er fjórum fyrrum bankaráðsmönnum bankans, Jóni Þorsteini Oddleifssyni, fyrrum forstjóðumanni fjárstýringar, og 25 váttryggjendum stefnt. Alls krefst slita-



stjórnin um 46 milljarða króna. Málið varðar fjárhæðir sem voru greiddar af bankanum til Straums-Burðaráss, MP banka (nú EA fjárfestingarfélag) og Landsvaka þann 6. október 2008. Daginn eftir var skipuð slitastjórn yfir bankanum. Björgólf Guðmundssyni, sem sat einnig í bankaráði Landsbankans, er ekki stefnt þar sem hann hefur verið úrskurðaður gjaldþrota.

Hæstiréttur hafnar beiðni Sigurðar

» Hæstiréttur hafnaði beiðni Sigurðar Einarssonar, fyrrum starfandi stjórnarformanns Kaupþings, um að dómskvaddir matsmenn meti hvort hann hafi audgast á því persónulega að ábyrgð hans vegna kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi var felld niður. Hann fær heldur ekki matsmenn til þess að meta tap Kaupþings á þessum gjörningi. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður komist að sömu niðurstöðu. Í dómnum segir að samkvæmt lögum sé það „hlutverk dómara, en ekki sérfróðra matsmanna, að leggja mat á



þau atriði sem krefjast lagaþekkingar. Þegar af þeirri ástæðu ber að hafna kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna“. Sigurður var dæmdur til að greiða Kaupþingi 250 þúsund króna kærumálskostnað.

Seðlabankinn Laun aðstoðarseðlabankastjóra hækkuðu um áramótin

Heildarlaun Arnórs hærri en Más

Aðstoðarseðlabankastjóri er með hærri mánaðartekjur en seðlabankastjóri eftir að laun Arnórs Sighvatssonar voru hækkuð um áramótin.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri er með hærri fastar launagreiðslur en seðlabankastjóri þegar tekið er tillit til þóknunar fyrir setu í stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME). Laun Arnórs hækkuðu um áramótin. Þá fóru þau úr 90% af launum seðlabankastjóra í 92%, samkvæmt ákvörðun bankaráðs Seðlabanka Íslands. Að auki ákvað bankaráð skömmu fyrir áramót að heimila að aðstoðarseðlabankastjóri fái greidda mánaðarlega þóknun að fjárhæð 200 þúsund sem FME greiðir stjórnarmönnum. Þá greiðslu hafði Arnór ekki fengið áður.

Þetta kemur fram í skriflegu svari Seðlabankans við fyrspurn Viðskiptablaðsins um launamál innan bankans. Að meðtaldri þóknun var hækkan fastra greiðslna til Arnórs, vegna starfa fyrir Seðlabankann og setu í stjórnnum á hans vegum, um 18,9%. Arnór var eini stjórnandi bankans sem hækkaði í launum um áramótin. Fyrir hækkunina voru laun hans lægri en laun framkvæmdastjóra.

Deilir um launin

Á sama tíma og laun Arnórs hækkuðu um áramótin hefur Már stefnt Seðlabankanum vegna launakjara. Hann telur að ákvörðun um að skerða laun seðlabankastjóra ölogmæta. Það var gert skömmu eftir að Már réð sig til bankans í ágúst 2009. Þá voru samþykkt lög um að ríkisstarfsmenn skuli ekki vera með hærri laun en forsætisráðherra.

Samhliða voru kjaramál seðlabankastjóra færð frá bankaráði seðlabankans til kjararáðs. Helsti munur á stöðu Más og Arnórs í dag er því sú að launa-



Heildarlaun Arnórs Sighvatssonar hækkuðu um 18,9% um áramótin. Þau eru nú hærri en laun Más Guðmundssonar, sem Arnór aðstoðar. VB MYND/BIG

Fimm með hærri laun

Á starfsmönnum Seðlabanka Íslands eru fimm með hærri föst mánaðarlaun en Már Guðmundsson seðlabankastjóri, æðsti maður bankans. Meðal þeirra starfsmanna er Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri. Þrír aðilar ákvarða laun starfsmanna Seðlabankans. Kjararáð ræður launum bankastjóra, bankaráð ræður launum aðstoðarseðlabankastjóra og laun annarra eru samkvæmt launasamningum við vinnuveitandann sjálfan. Taktur launamála bankans skýrist af þessu, í það minnsta að hluta til.

mál hins fyrrnefnda heyra undir kjararáð en bankaráð ákvarðar laun Más. Laun annarra starfsmanna bankans, þar á meðal aðalhafþræðings, eru ákvörðuð af vinnuveitanda, það er bankanum.

Hundrað þúsund hærri laun

Andri Árnason, lögmaður Más í dómsmálinu gegn Seðlabankanum, hefur sagt að málaferlin sé ekki deila við bankann sjálfan heldur kjararáð. Mánaðarlaun Más við ráðningu voru 1.575 þúsund. Þau voru lækkuð í 860 þúsund krónur af kjararáði, auk fastrar yfirvinnu. Heildarlaun voru ákveðin 1267 þúsund krónur.

Sé miðað við þessar fjárhæðir nema heildarlaun Arnórs um 1.365 þúsundum á mánuði, eða nærri hundrað þúsundum meira en laun seðlabankastjóra.

Skapar launavinnslan verðmætin í þínum rekstri??



Launavinnsla fyrirtækja er vandasamt nákvæmnisverk sem á sér eingöngu stað yfir takmarkað tímabil mánaðar. Fjárstoð er sérhæft fyrirtæki í útivistun verkferla á fjármálasviði með fjölda sérfræðinga á öllum sviðum. Hjá Fjárstoð greiðir þú aðeins fyrir þann tíma sem fer í launavinnsluna. Vertu í sambandi við okkur til að athuga hvort ekki sé hægt að ná fram verðmætaaukningu í þínum rekstri.

Gerðu það sem þú gerir best.....það gerum við



Fjárstoð ehf, Smáratorgí 3, Kópavogi, sími 556 6000

Atvinnuleysi Atvinnuleysisprósentan lækkar milli ára þrátt fyrir að vinnandi fólki fækki

Atvinnuþátttaka ekki minni í 21 ár

Á fjórða ársfjórðungi fækkaði vinnandi fólki um 500 og atvinnuþátttaka hefur ekki verið minni frá því að mælingar hófust.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Atvinnuleysi á fjórða ársfjórðungi síðasta árs mældist 6,0% og hefur ekki mælst minna á þessum fjórðungi síðan árið 2008. Minnkaði atvinnuleysi um ein 1,4 prósentu-stig frá sama tíma árið á undan. Þá fækkaði atvinnulausum um 2.600 á milli ára, voru 13.200

fullu starfi fjölgaði um ein 5.900 milli ára eftir samfellda fækkun frá árinu 2007. Fólki í hlutastarfi fækkaði hins vegar um 6.400 milli ára. Vinnuvikan hefur einnig lengst eilítið milli ára og voru vinnutímar því fleiri í fyrra en árið 2010.

Áhugavert er að skoða þann hluta fólks sem er utan vinnu-markaðar, þ.e. er ekki að vinna en er ekki skráð atvinnulaust. Á fjórða ársfjórðungi 2010 var þetta fólk 45.100 talsins en í fyrra hafði því fjölgað í 48.400. Í vinnumarkaðskönnuninni er þetta fólk beðið að gefa ástæðu fyrir atvinnuleysinu og er fjölgun í nær öllum flokkum. Námsmönnum fjölgar um 900 og fólki á eftirlaunum

um 800. Öryrkjum hefur fjölgað um 700 milli ára og þeim sem eru veikir eða tímabundið ófærir til vinnu hefur fjölgað um 900. Hins vegar hefur þeim fækkað

sem telja sig atvinnulausa, án þess þó að vera á atvinnuleysis-skrá um 900. Í ljósi þess að fólki utan vinnumarkaðar hefur fjölgað og vinnandi fólki hefur fækk-

að er líklegt að þeir sem áður litu einfaldlega á sig sem atvinnulausa skilgreina sig nú frekar sem námsmenn, ellilífeyrisþega eða öryrkja, svo dæmi séu tekin.



Fólki í fullri vinnu fjölgar mikið milli ára, en fólki í hlutastarfi fækkar ennþá meira.

á fjórða ársfjórðungi 2010, en 10.600 á sama tíma í fyrra.

Á pappírnum hljómar þetta mjög vel, en þrátt fyrir þessa fækkun atvinnulausra hefur vinnandi fólki fækkað milli ára. Starfandi á fjórða ársfjórðungi árið 2010 voru 165.600 talsins en ári síðar voru þeir 165.100 og fækkaði því um 500 milli ára.

Vinnuafli, þ.e.a.s. samtala atvinnulausra og vinnandi, minnkaði því um 3.100 milli ára. Atvinnuþátttaka mældist 78,4% og er það lægsta hlutfall sem mælst hefur frá upphafi vinnumarkaðsrannsóknna Hagstofunnar árið 1991.

Fólki fjölgar utan vinnumarkaðar

Miklar sveiflur eru í fjölda þeirra sem eru í fullu starfi annars vegar og í hlutastarfi hins vegar. Fólki í

Merki um deyfð

Það er auðvitað jákvætt að dragi úr atvinnuleysi en því miður er það þó ekki vegna þess að störfum hafi fjölgað, heldur er það vegna þess að fleiri standa nú utan vinnumarkaðar eða skilgreina sig ekki sem atvinnuleitendur," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. „Þar sjáum við í hnotskurn merki þeirrar deyfðar sem ríkt hefur að undanförunu og vísbendingu um að enn sé störfum að fækka. Um leið undirstrikar þetta mikilvægi þess að hagkerfið þarf að ná sér hraðar á strik, með aukinni verðmætasköpun og um leið nýjum störfum.“

Framúrskarandi ávöxtun Sparibréfa verðtryggðra á árinu 2011

Landsbankinn býður upp á fjölbreytt úrval ríkisskuldabréfasjóða. **Sparibréf verðtryggð** er sjóður sem fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum íslenska ríkisins og hefur það markmið að endurspegla ávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa.

Reglubundinn sparnaður

Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

*Nafnávöxtun 30.12.2010–30.12.2011. Nánari upplýsingar um ávöxtun sjóðsins er að finna á landsvaki.is. Fyrirvari: Sparibréf verðtryggð er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði



Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsvaki.is eða landsbankinn.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsingu áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.



Í STUTTU MÁLI

Meðallaunin um 45 milljónir á ári

» Hagnaður bandaríska bankans Goldman Sachs dróst saman um 47% á síðasta ári frá árinu 2010. Nam hagnaðurinn 4,4 milljörðum Bandaríkjadala í fyrra, samanborið við 8,4 milljarða ári fyrr. Tekjur bankans drógust verulega saman á síðasta ári einkum og sér í lagi á fjárfestingarbankasviði. Meðal annars tapaði bankinn 517 milljónum dala á einni fjárfestingu, kaupum á hlut í kínverskum banka, Industrial and Commercial Bank of China Limited (ICBC). Alls greiddi Goldman 12 milljarða dala í laun og aðrar þóknanir til starfsmanna á síðasta ári. Er það 21% lægri fjárhæð en árið á undan. Laun á hvern starfsmann námu því um 366.360 dölum, eða um 45,5 milljónum króna.



AGS vill stækka sjóðinn um 1.000 milljarða

» Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hyggst stækka neyðarlánasjóðinn um eitt þúsund milljarða dala til þess að tækla skuldavanda evruríkjanna að því er kemur fram í frétt á vef Börsen. Stefnt er að því að sækja það fé til m.a. Kína, Rússlands, Brasilíu, Indlands og Japans. Tilgangurinn er sá að geta gripið inn í með meira afgerandi hætti til að styðja við hagvöxt á heimsvísu og skuldsett evruríki. Lánasjóður IMF er nú um 385 milljarðar dala þannig að stækka á sjóðinn hressilega, ef rétt reynist, en evrulöndin hafa þegar samþykkt að leggja fram 150 milljarða dala en hins vegar hyggjast Bandaríkiin ekki ætla að leggja sjóðnum til meira fé.



Ávöxtunarkrafan aldrei lægri

» Ávöxtunarkrafa á þýsk tveggja ára ríkisskuldabréf hefur aldrei verið lægri en í útboði sem fram fór í gær. Mikil umframfærspurn var í útboðinu en alls bárust tilboð fyrir 7,6 milljarða evra og var tilboðum tekið fyrir 3,44 milljarða evra. Ávöxtunarkrafan var að meðaltali 0,17%, en verðbólga í Þýskalandi er nú um 2,3%, sem sýnir að fjárfestar eru í raun tilbúnir að greiða þýska ríkinu fyrir að lána því fé. Í síðasta skuldabréfaútboði á sambærilegum bréfum var ávöxtunarkrafan 0,29%.



Yang hættur hjá Yahoo!

» Einn af stofnendum internetrisans Yahoo! hefur sagt af sér sem stjórnarmaður í fyrirtækinu. Jerry Yang stofnaði fyrirtækið ásamt David Filo árið 1995 og hefur setið í stjórn þess frá þeim tíma. Þá var hann forstjóri fyrirtækisins á árunum 2007 til 2009. Yang sagði einnig af sér stjórnarsetu í Yahoo Japan Corporation og Alibaba Group Holding, sem eru tengd Yahoo! Afsögn Yang kemur á sama tíma og nýr forstjóri, Scott Thompson, tekur við stjórnartaumunum hjá Yahoo!



Sigurður Viðarsson stýrir TM sem í reynd er að mestu leyti í eigu stóru bankanna. Ýmsar getgátur hafa verið uppi um mögulega kaupendur að TM en ekkert er fast í hendi um það ennþá.

Bankar Landsbankinn telur sig geta selt eigið fé TM á genginu 1,15

Sölutryggir TM fyrir tæpa 14 milljarða

Ýmsir gagnrýna að ákveðið hafi verið að Landsbankinn sölutryggði TM og telja trygginguna ekki mikils virði en hún gæti verið hátt í 14 milljarðar króna. Framkvæmdastjóri Stoða hafnar þessu, bendir á söluna á Sjóvá og segir slíka sölu aldrei áhættulausa og því sé tryggingin mikils virði.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
ago@vb.is

Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins hljóðar sölutrygging Landsbankans á Tryggingamiðstöðinni (TM) upp á að bankinn tryggi að hver króna af eigin fé TM verði seld á 1,15 krónur. Tekið skal fram að talan hefur ekki fengist staðfest en hvorki eigandi TM, Stoðir, sem aftur eru að stærstum hluta í eigu stóru bankanna þriggja, né fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans vilja tjá sig um innihald samningsins eða sölutrygginguna. TM hefur heldur ekki birt ársreikning fyrir árið 2011 en láta mun nærri að eigið fé TM kunni að hafa verið um 12 milljarðar um áramótin síðustu. Ef rétt er sölutryggir Landsbankinn TM þá væntanlega fyrir um 13,8 milljarða króna ef gengið er 1,15.

Áhersla á sölutryggingu kom á óvart

Rætt var við sjö banka og fjármála-fyrirtæki og þeim boðið að leggja fram tilboð til að sjá um fyrirhugaða sölu á Tryggingamiðstöðinni (TM). Upphaflega var aðeins rætt um umsjón með sölufarli en fljótlega kom á daginn að a.m.k. einn banki var tilbúinn að sölutryggja útboðið; þar með voru þá stóru bankarnir þrír einir eftir um hituna enda höfðu minni fjármála-fyrirtækin ekki burði til þess að bjóða slíkt nema þá að fá erlenda banka eða fjármálafyrirtæki til samstarfs. Eftir því sem Viðskipta-

blaðið kemst næst var þá vart tími né ráðrúm fyrir þau að koma slíku í kring auk þess sem áherslan á sölutryggingu kom að sögn nokkuð á óvart. Viðræður um söluna og sölutryggingu stóðu í október

Alltaf óvissa

Fyrst sölutrygging var í boði, og það á ásættanlegum forsendum, var það mat Stoða að það þjónaði ótvírætt hagsmunum félagsins að ganga til slíkra samninga, sem tryggja viðunandi sölu," segir Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri Stoða. Hann vill ekki gefa upp sölutrygginguna og tekur fram að þótt TM teljist áhugaverður fjárfestingarkostur sé alltaf til staðar ákveðin óvissa um niðurstöður sölufarla af þessari stærðargráðu. „Nýlegt dæmi um það er t.d. sölufarli annars íslensks tryggingafélags sem lauk 2011, þar sem ferlið tók mun lengri tíma en áætlað var og lauk með sölu 52% eignarhlutar. Með samningi um sölutryggingu TM er allri óvissu í raun eytt og Stoðir hafa í hendi sér örugga og ásættanlega sölu á TM og það telst verðmætt fyrir Stoðir."



og nóvember en þá var loks tekin ákvörðun um að ganga til samninga við fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans.

Skiptar skoðanir
Ófáir hafa lýst furðu sinni á því að Stoðir hafi farið þá leið að kaupa sölutryggingu og hafa fært til þau rök að vandráðalaust væri að selja TM. Það sé gott og vel rekið félag sem áhugi sé á, auk þess sem fáir áhugaverðir kostir séu í boði þessa dagana fyrir hvort heldur fagfjárfesta eða almenning. Þá hefur verið bent á að útboð Haga og umframfærspurnin þar sýni að verulegur áhugi sé á hlutabréfum trausta íslenskra félaga eins og Hagar og TM eru dæmi um. Þótt Stoðir munu ekki hafa skrifað undir samning um sölutryggingu við Landsbankann fyrr en rétt fyrir jól má þó ætla að hann hafi verið meira og minna frágenginn þegar niðurstaðan í úboð Haga lá fyrir og of seint að skipta alveg um kúrs á þeim tíma. Þá hefur, og raunar réttilega, verið bent á að umframfærspurnin í útboði Haga hafi verið verulega ofmetin og oftúlkúð. Ætla má að Stoðir þurfi að greiða 2-3% fyrir sölutrygginguna auk þóknunar fyrir umsjón með sölunni eða samtals kannski 5-6% af söluverðmætinu. Bent hefur verið á að sé sölutrygging dregin frá tákni það að Stoðir fái ekki nema 12-13% yfir bókfærðu verði eigin fjár TM og því haldið fram að þetta sé því ekki merkileg trygging. Aðrir telja á hinn bóginn að sölutryggingin sé engan veginn áhættulaus fyrir Landsbankann og gagnrýna að banki í eigu ríkisins skuli taka slíkt að sér. Rétt er þó að benda á að Landsbankinn er fyrir stærsti einstaki lánveitandi Stoða og áhætta hans kann því í reynd að vera minni en ætla mætti við fyrstu sýn.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Madeira

Eyja hins eilífa vors
10. – 20. apríl

Beint flug með Icelandair

MADEIRA

Madeira er gjarnan kölluð „Eyja hins eilífa vors“ eða „Garðurinn fljótandi“. Þessi stórbrotna, blómstrandi paradísareyja er um 600 km vestur af ströndum Afriku og nýtur því hita-beltisloftslags sem eykur enn á aðdráttarafl hennar.

Ótal fleiri gistinguþinguleikar á VITA.is



Baía Azul

★★★★★

Hótel Baía Azul er vel staðsett 2,5 km frá miðbæ Funchal. Á hótelinu eru veitingastaðir, kaffihús og kokkteilbar. Fallegt útsýni er yfir Atlantshafið frá sundlaugargarðinum.

Verð frá 176.700 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Netverð á mann í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 186.700 kr.

Pestana Casino Park

★★★★★

Glæsilegt fimm stjörnu hótel í göngufæri við miðbæinn í Funchal. Við hlið hótelsins stendur spilavítið Casino de Madeira og næturklúbburinn Copacabana.

Verð frá 197.800 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Netverð á mann í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 207.800 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

Í STUTTU MÁLI

Gefa eftir liðlega 330 milljarða

» Bankar og fjármálafyrirtæki höfðu samtals felld niður eða gefið eftir 331 milljarðs króna skuldir við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja 30. september 2011, að því er fram kemur í greinargerð Eftirlitsnefndar um framkvæmd sérstakrar skuldaaðlögunar. Niðurfellingin sem hlutfall af heildarskuldum þessara fyrirtækja var um 69%. Þá var lán- um að upphæð 29,6 milljarðar breytt í hlutafé. Af heildarupp- hæðinni, þ.e. 331 milljarði, var um 56% eða um 185 milljarðar hjá fasteignafélögum, fjárfest- ingar- og eignarhaldsfélögum, 44,7 hjá fyrirtækjum í verktaka- og byggingastarfsemi og tæplega 21 milljarður hjá sjávarút- vegsfyrirtækjum.

Auglýsingatekjur RÚV upp um 14%

» Auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins jukust um nær 14%, úr tæp- um 1,4 í 1,6 milljarða króna, á milli rekstraráranna 2010-2011 og 2009-2010 en rekstrarrár RÚV er frá 1. september til 31. ágúst. Svokallaðar þjónustu- tekjur (útvarpsgjald) dróg- ust aftur á móti saman um 6% eða um 195 milljónir króna. Heildarrekstrargjöld 2010- 2011 námu 4,6 milljörðum á móti 4,5 milljörðum rekstr- arárið 2009-2010. Launa- gjöld breyttust lítið milli ára og námu 2.073 milljónum á móti 2.090 milljónum rekstrarárið 2009-2010. Heildarstöðu- gildi hjá RÚV voru 298 á móti 302 rekstrarárið 2009-2010.

Íbúðaverð hækkar áfram

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu mældist 332,5 stig í des- ember sl. og hækkaði um 0,9% á milli mánaða samkvæmt tölum frá Þjóðskrá Íslands. Á síðustu 12 mánuðum hefur vísitala íbúðaverðs hækkað í 11 mán- uði, en það var aðeins í júlí í fyrra sem vísitalan læk- kaði lítillega. Þannig hækkaði íbúðaverð um 9,1% á síðasta ári. Vísitalan hefur lækkað nokkuð frá lok árs 2008 en frá því að íbúðaverð náði hámarki í janúar 2008 hefur vísitala íbúðaverðs lækkað um 7% á föstu verðlagi. Mest lækkaði hún um 15,5% að raunvirði frá hámarkinu í janúar 2008 en það var í desember 2009. Frá byrjun árs 2010 hefur vísitala íbúðaverðs þó hækkað um 9,6%. Síðastliðna 3 mánuði hefur vísitala íbúðaverðs hækkað um 2% en síðastliðna 6 mánuði hefur hún hækkað um 3,5%.

Spyr um eignarhald ríkisins

» Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur sent fyrirspurn á Alþingi til fjármálaráðherra um eignarhald ríkisins á fyrirtækjum. Þar spyr Eygló meðal annars hvort mörkuð verði almenn eigendastefna og hvaða fyr- irtæki ráðherra telji rétt að einkavæða. Viðskiptablaðið greindi í síðustu viku frá því að á árunum 2012 til 2015 ætla stjórnvöld að afla alls 31 milljarðs króna með sölu eigna. Þar af á að afla sjö milljarða í ár. Fjármála- fyrirtæki í eigu ríkisins eru meðal þeirra eigna sem lit- ið er til. Þau heyrna undir Bankasýslu ríkisins. Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, sá sér ekki fært að svara Viðskipta- blaðinu um málið.



Meðal nýrra eigenda Jarðborana er góður vilji til að skrá félagið á markað í framtíðinni. Samherji, útgerðarfélag þeirra Þorsteins M. Baldvinssonar og Kristjáns Vilhelmssonar, er einn nýrra eigenda. VB MYND/BIG

Fyrirtæki Samherji og lífeyrissjóðir eignast 82% hlut í Jarðborunum

Dreift eignarhald á Jarðborunum

Fimm aðilar hafa keypt 82% hlut í Jarðborun- um. Íslandsbanki heldur áfram um 18% í félaginu í gegnum Miðengi. Eng- inn nýrra hluthafa er meirihlutaeigandi.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Enginn þeirra fimm sem keyptu 82% hlut í Jarðbor- unum heldur um meirihluta í félaginu. Kaupin voru gerð í gegn- um félagið SF III, félag í rekstri Stefnis. Eigendur SF III eru lífeyr- issjóðirnar Festa, Gildi og LSR, og auk þess Samherji og Íslenski athafnasjóðurinn I sem Stefnir rekur. Samkvæmt upplýsingum frá Festu er hlutur þeirra í SF III um 8%. LSR (Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins) heldur um 14,6% hlut og Gildi einnig. Það þýðir að hlut- ur sjóðanna í Jarðborunum er um 6,6% og 12%, alls um 30,6%.

Tilkynnt var um kaup aðilanna á Jarðborunum um síðustu helgi. Seljandi á 82% hlutnum er Miðengi, eignarhaldsfélag Íslandsbanka. Miðengi heldur eftir 18% hlut. Ólafur Þór Jóhannesson, fram- kvæmdastjóri Miðengis, segir að það hafi verið samningsatriði milli aðila að halda um 18% hlut áfram.

Jarðboranir voru settar í opið söluferli í ágúst í fyrra. Bæði inn- lendir og erlendir aðilar gerðu til- boð í félagið. Sex aðilum var hleypt í aðra umferð, þar sem frekari upp- lýsingar voru veittar. Ekki náðist í Samherjamenn við vinnslu fréttar-

innar. Enginn eigenda er þó með meirihlutaeign, samkvæmt heim- ildum Viðskiptablaðsins.

Lífeyrissjóðirnir virkir

Íslenski athafnasjóðurinn er að tveimur þriðju hluta í eigu lífeyr- issjóða og að þriðjungshlut í eigu fagfjárfesta. Sjóðurinn hefur kom- ið að fjárfestingu í öðrum verkef- num.

Stefnt á markað

Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Miðengis, segir góðan vilja meðal hluthafa Jarðborana að skráð félagið á markað. Miðengi gerir ráð fyrir að losa um eitthvað af sínum hlut þegar það verður. Engin tímasetning liggur þó fyrir í þessum efnum. „Við sjáum það ekki gerast á næstunni. Ég hugsa að það séu að minnsta kosti tvö ár,” segir Ólafur. Hann telur að það yrði tiltölulega erfitt að skrá félagið í dag. „Félög þurfa almennt séð að eiga góða rekstrarsögu við skráningu. Allra síðustu misseri hafa verið erfið en það horfir sem betur fer til betri vegar.“ Jarðboranir eru eitt stærsta fyr- irtæki í heimi á sviði jarðhitaöfl- unar. Samstæða félagsins sam- anstendur auk móðurfélagsins af Jarðborunum innanlands, Iceland Drilling Azores Unipessoal Lda. og Hekla Energy GmbH. Félagið stendur að borframkvæmdum víða erlendis. Má þar nefna fram- kvæmdir í Danmörku, Nýja Sjálandi, Þýskalandi og Karabíska hafinu.

um sem Stefnir hefur leitt, til að mynda í Högum og Sjóvá. Á heima- síðu Stefnis, sem heyrir undir Ar- ion banka, kemur fram að heildar- stærð sjóðsins er um 3,4 milljarðar króna. Hann fjárfestir í óskráðum íslenskum fyrirtækjum með það að markmiði að auka virði félaganna á um tveimur til fimm árum.

Fleiri lífeyrissjóðir en Festa, Gildi og LSR eignast því hlut í Jarð- borunum í gegnum athafnasjóðinn.

Hvað hlut Miðengis varðar segir Ólafur Þór það ljóst að á einhverj- um tímamarki verði hann seldur. Líklegt er að það verði gert sam- hliða skráningu félagsins á markað. Aðspurður um hvernig honum þyk- ir söluferlið hafa gengið segir hann tímann eðlilegan, en söluferlið var fyrst auglýst í ágúst. Ólafur bendir á að söluferli á bílaumboðum í eigu Miðengis hafi verið aðeins styttra, en þetta sé tíminn sem sala tekur. Ferli Jarðborana hafi verið tveggja fasa, fyrst var óskað eftir óskuld- bindandi tilboðum og síðar skuld- bindandi tilboðum. Til viðbótar séu stjórnendakynningar, ferðalög, samningaviðræður og skjalagerð.

Kaupin háð samþykki

Kaup SF III á 82% hlut í Jarðbor- unum eru háð skilyrðum um til- tekin atriði, meðal annars Sam- keppniseftirlitsins. Viðmælendur Viðskiptablaðsins sögðust þó ekki búast við að leyfið yrði fyrirstaða. Vonir standa til að niðurstaða eft- irlitsins liggi fyrir í febrúar. Þá er einnig beðið eftir ársreikningi Jarðborana fyrir síðasta ár, sam- kvæmt upplýsingum Viðskipta- blaðsins.

Fyrirtæki Glacier Securities kom að kaupum American Seafood á Good Harbor

Félag Íslandsbanka veitir ráðgjöf í BNA

Dótturfyrirtæki Íslandsbanka veitti ráðgjöf á sviði sjávarútvegs í Bandaríkjunum þegar American Seafood Group keypti félagið Good Harbor.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Glacier Securities, dótturfélag Íslandsbanka í New York, veitti sjávarútvegsfyrirtækinu American Seafood Group ráðgjöf í kaupum félagsins á Good Harbor LLC, framleiðanda á frosnum sjávarafurðum. Good Harbor verður sameinað dótturfyrirtæki American Seafood,

árið 2010 og fékk starfsleyfi frá bandarískum yfirvöldum í mars á síðasta ári. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir bankann hafa fulla trú á að íslenska sérþekkingu á sjávarútvegi og jarðvarma megi nýta til tekjusköpunar í auknum mæli. „Ráðgjöf Glacier Securities í viðskiptum eins stærsta fyrirtækis Bandaríkjanna í sjávarútvegsgeiranum er góður vitnisburður um hversu eftirsótt sérþekking á þessum málum er,“ segir hún í tilkynningu.

Starfsmenn Glacier eru sjö talsins, þar af fimm Íslendingar. Forstjóri er Ignacio J. Kleiman. Hann segir viðskiptin vera lið í að sameina hinn sundurleita en alþjóðlega sjávarútvegsgeira, sem nú gengur í

um á sviði jarðvarma og sjávarútvegs í Bandaríkjunum. Starfsleyfið sem fékkst í mars 2011 hefur það í för með sér að það má starfrækja

fjármálafyrirtæki í Bandaríkjunum á takmörkuðu sviði en eftirlit er strangt. Í tilkynningu kemur fram að félagið hefur að undan-

förnu unnið með íslenskum fyrirtækjum sem starfa á þessum vettvangi í þeim tilgangi að afla sér verkefna í Bandaríkjunum.



Birna Einarsdóttir segir íslenska sérþekkingu nýttast vel í Bandaríkjunum. VB MYND/BIG

American Pride Seafood, sem sérhæfir sig í vinnslu sjávarafurða í landi. Íslandsbanki tilkynnir um þetta.

Glacier Securites var stofnað

gegnum mikið breytingartímabil. Það einkennist af sameiningu félaga sem starfi innan hans.

Dótturfélag Íslandsbanka veitir ráðgjöf við kaup og sölu á fyrirtækj-



OPIÐ HÚS


Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB á Íslandi
tekur til starfa laugardaginn 21. janúar 2012.
Opið hús milli kl. 11 og 16 á Suðurgötu 10 í Reykjavík.
Allir velkomnir!

Ljósmyndasamkeppni fyrir almenning: Ísland og Evrópa.
„Sápukassinn“: Gestir stíga á stökk og tjá sig um Evrópumál.
Sigríður Thorlacius tekur lagið við
gítarundirleik Guðmundar Óskars Guðmundssonar.

Léttar veitingar í boði. Stór „Evrópukaka“,
belgískar vöflur, frönsk horn og íslenskar kleinur
ásamt kaffi og kakói fyrir börnin.

Hvað viltu vita?

Hlutverk Evrópustofu er að auka skilning og þekkingu á Evrópusambandinu. Til okkar er fólk velkomið, óháð afstöðu til ESB eða mögulegrar aðildar Íslands að sambandinu.



Suðurgata 10 – 101 Reykjavík – Sími 527 5700 – evropustofa@evropustofa.is – evropustofa.is



Framtakssjóður Íslands slhf (FSÍ) er samlagshlutafélag stofnað fyrir um tveimur árum og er í eigu 16 lífeyrissjóða, Landsbankans og VÍS. Markmið sjóðsins er að taka þátt í fjárhagslegri og rekstrarlegri endurreisn og uppbyggingu íslensks atvinnulífs. FSÍ hefur fjárfest í íslenskum fyrirtækjum í mörgum atvinnugreinum og náð góðum árangri. Markmið sjóðsins er að ná áfram vænlegri arðsemi á fjárfraðslu eigna. Starfstími sjóðsins er tímabundinn og nú þegar hefur sjóðurinn fjárfest fyrir um 60% af um 54 milljörðum sem hann getur varið til fjárfestinga. Gera má ráð fyrir að fjárfestingum sjóðsins ljúki að mestu á næstu 1-2 árum og síðan snúist starfsemin um að gera verðmæti úr þeim félögum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og selja eignirnar.

Framkvæmdastjóri Framtakssjóðs

Leitað er eftir öflugum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra FSÍ. Skilyrði er að viðkomandi eigi auðvelt með að greina viðskiptatækifæri og rekstur fyrirtækja og hafi hæfni til að greina framtíðarmöguleika þeirra og taki þátt í sölu fyrirtækjanna og skráningu á hlutabréfamarkað. Einnig er lykilatriði að viðkomandi búi yfir góðum samskiptahæfileikum og samningatækni.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á fjárfestingum og sölu fyrirtækja
- Taka þátt í mótun stefnu um fjárfestingar og sölu
- Meta viðskiptatækifæri og greina samkeppnishæfni og framtíðarmöguleika þeirra
- Undirbúa og leggja tillögur fyrir stjórn um fjárfestingar og sölu
- Samningaviðræður um fjárfestingar og sölu
- Samskipti við forsvarsmenn félaga í eigu sjóðsins
- Þátttaka og frumkvæði í stefnumótun dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, á sviði viðskiptafræði, verkfræði og/eða lögfræði eða tengdra fræðigreina
- Umtalsverð reynsla af fjárfestingum og fyrirtækjarekstri
- Kunnátta og hæfileiki til að greina styrkleika og veikleika í rekstri fyrirtækja og meta framtíðarmöguleika þeirra
- Þekking og reynsla á yfirtökum og sameiningu fyrirtækja
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Frjó og skapandi hugsun
- Rík ábyrgðartilfinning

Nánari upplýsingar:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is eða sendist á netfangið thorir@hagvangur.is ásamt fylgigögnum merktar „Framkvæmdastjóri 9886“.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Sveitarfélög Stærstu sveitarfélögin á Austurlandi þurfa að gæta strangs aðhalds á næstu árum

Þungar skuldir bæði á Héraði og niðri á fjörðum

Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað eru meðal skuldsettustu sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness og þurfa á næstu árum að greiða niður umtalsverðar skuldir sem aftur kallar á aðhald í rekstri og takmarkaða fjárfestingargetu á næstu árum. Bæði sveitarfélögin ætla sér að ná 150% skuldaviðmiði innan sex til sjö ára.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
ago@vb.is

Stærstu sveitarfélögin á Austurlandi, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað, eru verulega skuldsett og fyrir liggur að þau munu bæði tvö þurfa að gæta strangs aðhalds í rekstrinum á næstu árum eigi þau að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar og ekki síst geta uppfyllt skilyrði í nýjum sveitarstjórnarlögum um hámarksskuldahlutfall sveitarfélaga. Þar er miðað við að skuldir sveitarfélaga nemi

ekki meira en 150% af tekjum, að vísu að teknu tilliti til mögulegra peningalegra eigna, fjárfestinga í hjúkrunarheimilum þar sem tekjur koma á móti með langtimasamningi við ríkið o.s.frv. Þá er skuldsettum sveitarfélögum gefin allt að tíu ár til þess að ná umræddu marki.

Með átta þúsund íbúa
Í þessum tveimur sveitarfélögum búa samtals um átta þúsund manns, þar af um 4.600 í Fjarðabyggð en til hennar teljast Norðfjörður, Reyðarfjörður,

Gerum bara það allra brýnasta

Áætlun Fljótsdalshéraðs frá haustinu 2010 var stefnt að því að ná jafnvægi milli veltufjármyndunar og afborgana langtímalána á árinu 2013 en það var síðan fært fram ársins 2012 og er útlit fyrir að það muni nást að sögn Björns Ingimarssonar, bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs. „Þegar við vorum að vinna okkar fjárhagsáætlun núna þá sýndist okkur að við myndum ná 150% markmiðinu á einum sex sjö árum en ég tek fram að ég hygg að við höfum verið varfærin í tekjuáætlunum okkar. Við gerum ekki ráð fyrir mikilli tekjuaukningu en mér sýnist að miðað við reynsluna af 2011 að við höfum verið fullvarfærin. En við höldum okkur engu að síður við þær forsendur.“ Skuldir samstæðu Fljótsdalshéraðs er um 1,5 milljörðum meiri en sveitarsjóðs og aðspurður segir Björn að þar séu inni félagslegar íbúðir, hjúkrunardvalarheimili og síðan hitaveitan sem sé langstærsta einingin. Hann segir að rekstur þessara stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins hafi gengið upp og staðið undir vöxtum og afborgunum. Það sé þokkalegt jafnvægi í því.



Hann viðurkennir að skuldastaðan sé nokkuð þung en segir hana þó vera viðráðanlega. „Við verðum að laga reksturinn að efnahagnum og við höfum verið að gera það á undanförunum tveimur árum.“

Björn segir að því sé ekki um annað að ræða en gæta aðhalds í rekstri, og fjárfestingar aðrar en í hjúkrunarheimili og viðhaldi sé í algeru lágmarki. „Það sem við erum að gera núna er bara það allra brýnasta en við erum hins vegar ágætlega stödd varðandi eignir sveitarfélagsins. Þetta eru mikið til nýjar eignir og ekki langt síðan var byggt upp í bæði skóla- og íþróttamannvirkjum. Þannig að við þölum svo sem alveg að halda dálítið hressilega í við okkur í bili.“

ur, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður auk Mjóafjarðar. Íbúar Fljótsdalshéraðs eru um 3.400 en stærstu byggðakjarnarnir eru Egilsstaðir og Fellabær.

Miðað við stöðuna í lok árs 2010 voru bæði sveitarfélögin langt yfir 150% markinu en skuldir og skuldbindingar samstæðu Fjarðabyggðar (sveitar-sjóður og fyrirtæki og stofnanir í eigu þess) námu 253% af tekjum og hlutfallið hjá Fljótsdalshéraði var 288% og skuldir samstæðu á hvern íbúa voru yfir tvær milljónir króna í báðum sveitarfélögum.

Ætla sér verulegan tíma

Ljóst er að bæði sveitarfélögin hyggjast nýta sér aðlögunartímann sem gefinn er að verulegu eða miklu leyti, og vinna á skuldum sínum á allmörgum árum. Í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árin 2012-2015 er þannig gert ráð fyrir að skuldahlutfall sveitarsjóðs verði komið niður í 237% og hlutfall samstæðu í 186% árið 2015. Miðað við langtímaáætlun er reiknað með að Fjarðabyggð nái 150% viðmiðunarmarkinu innan sjö ára og hugsanlega fyrr ef hugmyndir og vinna við frekari atvinnuuppbyggingu ná fram að ganga.

Í fjárhagsáætlun Fljótsdalshéraðs er miðað við að skuldir samstæðu verði 223% af tekjum árið 2015 og skuldir sveitarsjóðs 197%.

Bæði Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð hafa átt í reglulegum samskiptum við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna skuldastöðunnar. Í áætlunum er gert ráð fyrir að mikils aðhalds verði gætt og að fjárfestingar verði í lágmarki enda hafa bæði sveitarfélögin lagt í mikla uppbyggingu og fjárfestingar á liðnum árum m.a. í íþrótt og skólamannvirkjum. Fljótsdalshérað hyggst þó verja um einum milljarði til byggingar á nýju hjúkrunarheimili á árunum 2012-2015 en væntanlega verður tekið tillit til þess við útreikninga á skuldahlutfalli þar sem á móti kemur langtímaþjónustusamningur við ríkið. Í grófum dráttum má því segja að bæði sveitarfélögin geti a.m.k. í bili komist af án mikilla fjárfestinga auk þess sem skuldaaða þeirra leyfir slíkt hreinlega ekki eins og stendur og þau þurfa að halda vel utan um reksturinn svo hann skili nægjanlega miklu fé til að mæta bæði vöxtum og afborgunum af lánunum.

Fjárfestingar sem skiluðu sér í auknum tekjum

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, segir að skuldir samstæðu Fjarðabyggðar sem hlutfall af tekjum séu nú áætlaðar um 220% og hafi því lækkað nokkuð. „Það er gert ráð fyrir því í áætlunum að þetta hlutfall á að vera komið niður í 186% árið 2015. Við eigum eftir að sjá endanlega reglugerð vegna 150% viðmiðunarmarkanna en við ætlum að komast þangað innan sjö eða átta ára.“



Aðspurður segir Páll að Fjarðabyggð sé með töluvert laust fé á móti skuldum eða tæplega 800 milljónir. Fyrir því séu tvær ástæður, á tímum sem þessum sé nauðsynlegt að hafa góðan vara-sjóð jafnvel þótt Fjarðabyggð sé vel fjármögnuð og engin stór lán að falla á gjalddaga. En eins geti orðið frekari framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs vegna aukinnar

atvinnuuppbyggingar og reyndar sé margt í burðarliðnum í þeim efnun.

Aðspurður um skuldirnar segir Páll að reist hafi verið álver sem kallað hafi á gríðarlega fjárfestingu í innviðum sveitarfélagsins. „Menn þurftu auðvitað að taka lán fyrir því en tekjurnar hafa líka vaxið á móti, það er okkar sérstaða. Og þrátt fyrir hrundi þá höfum við getað staðið við okkar og munum gera það. Það er engin hætta á ferðum hjá okkur. Við erum að njóta þess núna hvað sjávarútvegurinn gengur vel auk þess sem umsvifin kringum álverið hafa verið að aukast. Þegar búið er að byggja upp innviðina er líka eins og önnur atvinnutækifæri laðist að.“



Fjarðabyggð

(lok árs 2010)

	Íbúafjöldi	4.570
Skuldir og skuldbindingar (sveitarsjóður)	8.708	milljónir kr.
Skuldir og skuldbindingar (samstæða)	11.022	milljónir kr.
Skuldir sem hlutfall af tekjum (sveitarsjóður)	275%	
Skuldir sem hlutfall af tekjum (samstæða)	253%	
Skuldir á hvern íbúa (sveitarsjóður)	1,9	milljónir kr.
Skuldir á hvern íbúa (samstæða)	2,4	milljónir kr.

Fljótsdalshérað

(lok árs 2010)


	Fjöldi íbúa	3.400
Skuldir og skuldbindingar (sveitarsjóður)	5.420	milljónir kr.
Skuldir og skuldbindingar (samstæða)	6.966	milljónir kr.
Skuldir sem hlutfall af tekjum (sveitarsjóður)	257%	
Skuldir sem hlutfall af tekjum (samstæða)	288%	
Skuldir á hvern íbúa (sveitarsjóður)	1,6	milljónir kr.
Skuldir á hvern íbúa (samstæða)	2,1	milljón kr.

maritech

- tryggir þér samkeppnisforskot



Dynamics NAV



Microsoft Dynamics NAV viðskiptalausnir

Hagkvæmar og traustar lausnir
sem tryggja forskot í samkeppni



Nýjustu upplýsingar eru forsenda réttra ákvarðana.

maritech

Borgartún 26 » 105 Reykjavík
Hafnarstræti 102 » 600 Akureyri

Sími: 545 3200 » Fax: 545 3201
sala@maritech.is » www.maritech.is

Microsoft
Dynamics™ NAV

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

www.maritech.is

Stjórnsmál Tillaga um að draga ákæru á hendur Geir H. Haarde til baka verður að öllum líkindum felld á morgun

Pólitíkin allsráðandi í landsdómsmáli

Á morgun verður á Alþingi tekin fyrir tillaga þess efnis að draga ákæru á hendur Geir H. Haarde til baka. Þótt tillagan verði að öllum líkindum felld er ýmislegt sem á sér stað bak við tjöldin og sýnir að málið snýst í dag fyrst og fremst um pólitíska hagsmuni. Ólíkt því sem áður var spilar Hreyfingin nú lykilhlutverk á Alþingi.

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Alt stefnir í að þingsályktunartillaga Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að Alþingi falli frá ákærinni á hendur Geir H. Haarde, fyrrv. forsætisráðherra, nái ekki fram að ganga. Tillagan verður tekin til umræðu á Alþingi á morgun, föstudag.

Sem kunnugt er lagði þingmannanefnd undir forystu Atla Gíslasonar það til við Alþingi að fjórir fyrrverandi ráðherrar sem sátu í ríkisstjórn haustið 2008 yrðu ákærðir og mál gegn þeim rekið fyrir landsdómi. Þetta voru ráðherrarnir Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Björgvin G. Sigurðsson og Árni M. Mathiesen.

Að lokinni atkvæðagreiðslu um málið var niðurstaðan sú að Geir H. Haarde var einn ákærður, en þar réði mestu um hvernig þingflokkur Samfylkingarinnar greiddi atkvæði í málinu. Hluti þingflokksins greiddi atkvæði gegn því að ákæra fyrrverandi ráðherra Samfylkingarinnar og Árna, en með því að ákæra Geir H. Haarde. Þá klofnaði þingflokkur Framsóknarflokksins einnig í málinu.

Bjarni lagði fyrrnefnda tillögu fram fyrir áramót. Málið hefur valdið stjórnarflokkunum miklum vandræðum frá því að það var lagt fram og fyrir áramót var samið við forystu Sjálfstæðisflokksins um að taka málið fyrir nú í janúar.

Meirihluti fyrir því að fella tillöguna

Sem fyrr segir stefnir allt í að tillaga Bjarna um að falla frá ákærinni gegn Geir nái ekki fram að ganga í þinginu á morgun. Gera má ráð fyrir að þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiði allir atkvæði með tillögunni, um helmingur þingflokks Framsóknarflokksins og hluti af þingflokki Samfylkingarinnar. Þá hefur þegar komið fram að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mun ásamt þeim Jóni Bjarnasyni og Guðfríði Lilju Grétarsdóttur greiða að öllu óbreyttu atkvæði með tillögunni.

Það mun hins vegar ekki duga til þar sem stærstur hluti þingflokks Vinstri grænna og Samfylk-



Atkvæðagreiðslan á morgun hefur í sjálfu sér lítið með persónu Geirs H. Haarde að gera heldur snýr hún og niðurstaða hennar fyrst og fremst um pólitík. VB MYND/BIG.

ingarinnar, auk hluta þingflokks Framsóknarflokksins, að ónefndum þingmönnum Hreyfingarinnar, munu kjósa gegn tillögunni.

Meirihlutinn er þó naumur. Á þriðjudagskvöld var greint frá því á vef Viðskiptablaðsins að þingmenn Samfylkingarinnar væru tvístíga í málinu. Þannig væri óvíst að þeir þingmenn sem á sínum tíma greiddu atkvæði gegn því að ákæra Geir myndu styðja tillögu Bjarna. Fyrir því liggja nokkrar ástæður sem raktar verða hér á síðunni.

Hreyfingin spilar lykilhlutverk

Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins spilar mögulegt samstarf ríkisstjórnarinnar við Hreyfinguna það sem eftir lifir kjörtímabilsins stórt hlutverk í þessu máli. Eftir brotthvarf þingmanna úr stjórnarmeirihlutanum á síðasta ári og síðustu ráðherrabreytingarnar styðst ríkisstjórnin aðeins við eins manns meirihluta á Alþingi. Fyrir áramót var þó þreifað á Hreyfingunni um óformlegt samstarf, sem fæli það helst í sér að Hreyfingin myndi veita ríkisstjórninni skjól í erfiðum málum sem kunna að koma upp á þinginu á næstu mánuðum. Þá telur ríkisstjórnin sig einnig eiga stuðning Guðmundar Steingrímssonar vísan í einstaka málum.

Ætli ríkisstjórnin sér að njóta stuðnings Hreyfingarinnar á næstu mánuðum er það algjört lyklatríði að Hreyfingin verði ekki „svikin“ í þessu máli og að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar standi

sína plikt með því að fella tillögu Bjarna. Með þessu útspli í adventunni er Hreyfingin í raun farin að

spila lykilhlutverk í einstaka málum sem ekki hefur gerst áður frá kosningum vorið 2009.

Snýst fyrst og fremst um pólitík

Á samtölum blaðamanns við þingmenn úr öllum flokkum, nema Hreyfingunni, má heyra að málið snýst fyrst og fremst um pólitík en ekki réttarfarslega meðferð ákærunnar. Það er í takt við umfjöllun fjölmiðla af málinu síðustu daga, þar er helst spáð í spilum um það hverjir styðji tillöguna og hverjir ekki, hvort breistir komi upp í stjórnarsamstarfi VG og Samfylkingar o.s.frv.

Ljóst er að mikill hiti er í þingmönnum Hreyfingarinnar vegna málsins sem meðal annars hafa kallað eftir afsögn Ögmundar Jónassonar vegna afstöðu hans í málinu nú. Þá líta aðrir þingmenn VG á landsdómsmálið sem tækifæri til að rétta yfir Sjálfstæðisflokknum og hugmyndafræði flokksins á opinberum vettvangi. Þá telja sumir að málið muni einnig skaða Sjálfstæðisflokkinn þar sem það vekur upp umræðu um störf flokksins í þingvallastjórninni. En fari svo að tillaga Bjarna verði felld verður það í annað sinn á innan við ári sem hann leggur í harða atlögu við ríkisstjórnina án þess að fella hana. Í fyrravor lagði Bjarni fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina sem var felld með naumum meirihluta. Þá var haft á orði að tillagan hefði verið illa undirbúin, m.a. hefði ekki verið haft samráð við Framsóknarflokkinn sem einnig er í stjórnarandstöðu. Þó skal hafa í huga að við atkvæðagreiðslu um tillöguna kvarnaðist úr stjórnarmeirihlutanum þegar Ásmundur Einar Daðason, þá þingmaður VG, lýsti því yfir að hann styddi ekki ríkisstjórnina lengur. Málið olli ríkisstjórninni miklum tímabundnum erfiðleikum.

Það sama á við nú. Í ljósi mikillar andstöðu við ákæruna meðal almennings verður þó pólitískt óþægilegt fyrir stuðningsmenn kærunnar að rökstyðja hana og verja í ræðupúlti Alþingis á morgun. Innan þingflokks VG hefur verið rædd sú hugmynd að hunsað umræðu um málið og greiða aðeins um það atkvæði. Sem fyrr segir virðist allt benda til þess að málið snúist nú fyrst og fremst um pólitík.



Erfitt fyrir nýrri þingmenn

Þegar greidd voru atkvæði um tillögu Atlanefndarinnar svokölluðu vakti athygli þegar hluti þingflokks Samfylkingarinnar greiddi atkvæði gegn því að ákæra Ingibjörgu Sólrúnu en með því að ákæra Geir H. Haarde. Þetta voru þau Helgi Hjörvar, Ólína Þorvarðardóttir, Sigríður I. Ingadóttir og Skúli Helgason. Helgi og Skúli greiddu aðeins atkvæði með því að ákæra Geir en ekki hina fyrrverandi ráðherra Þingvallarstjórnarinnar svokölluðu.

Ellefu þingmenn Samfylkingarinnar (af 20) greiddu atkvæði gegn því að ákæra Geir á sínum tíma. Stór hluti þeirra mun þó að öllum líkindum greiða atkvæði gegn fyrrnefndri tillögu Bjarna.

Samkvæmt öruggum heimildum Viðskiptablaðsins hafa einstaka þingmenn Samfylkingarinnar fengið skilaboð um að það kunni að reynast þeim illa í prófkjörum (sem fara fram í lok þessa árs eða byrjun næsta árs) að hafa stöðvað ákæruna gegn Geir. Þá verði rætt um „samtryggingu stjórnsmálamanna“ og fleira í þeim dúr sem ekki þykir vinsælt í þjóðfélagsumræðunni í dag. Þetta kann að reynast yngri þingmönnum erfitt og sérstaklega þeim sem komu nýir inn á þing í kosningunum 2009. Þeir munu hafa hagsmuni af því að aðskilja sig sem mest frá Þingvallastjórninni sem sat við völd á milli 2007-2009.

Gjaldeyrishöft Fyrsta útboði í tengslum við fjárfestingarleiðina lýkur í febrúar

Seðlabankinn aftur í útboð

Seðlabanki Íslands býðst til þess að kaupa allt að 100 milljónir evra í skiptum fyrir krónur.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Næstu útboð Seðlabanka Íslands, samkvæmt áætlun um afnám gjaldeyrishafta, fara fram 15. febrúar næstkomandi. Þá rennur út frestur til þess að skila inn tilboðum í tveimur útboðum þar sem bankinn býðst til þess að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur. Í öðru útboðanna er greitt með löngum ríkisskuldabréfum í flokknum RIKS 30. Í hinu fást íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi, samkvæmt fjárfestingarleiðinni sem kynnt var fyrir áramót. Samanlagt býðst Seðlabank-



Stjórnendur Seðlabankans kynntu fjárfestingarleiðina í nóvember síðastliðnum.

VB MYND/HAG

inn til þess að kaupa allt að 100 milljónir evra í útboðunum.

Hæsta samþykkt verð

ræður útboðsverði í útboðunum en þak er sett við 240 krónur fyrir hverja evru.

Síðast stóð seðlabankinn

fyrir útboðum líkt hinu fyrrnefnda síðasta sumar. Þá keyptu lífeyrissjóðirnir ríkisskuldabréf fyrir evrur

að andvirði 13,7 milljarða króna, að því er greining Íslandsbanka segir í umfjöllun sinni. Síðan þá hefur lítið verið framkvæmt samkvæmt afnámsáætluninni. Þó keypti bankinn aflandskrónur af erlendum aðila fyrir um 18 milljarða króna í desember síðastliðnum. Um var að ræða einstök viðskipti. Bankinn hefur ekki viljað upplýsa um hversu mikið gekk á gjaldeyrisforðann í þeim viðskiptum.

Fyrsta útboð helmingisleiðar

Útboðið þar sem hægt verður að fjárfesta í íslensku atvinnulífi til langs tíma er hið fyrsta sinnar tegundar. Fjárfestingarleiðin, eða 50/50 leiðin, var kynnt undir lok síðasta árs. Fjárfestar geta þá keypt krónur fyrir gjaldreyri til fjárfestingar hérlandis gegn því skilyrði að helmingur krónukaupa sé gerður á skráðu gengi krónunnar.

Veislupjónusta Tapas barsins...



Frábærar veitingar fyrir stórar og smáar veislur.
Gourmet snittur og tapas á spjóti.

Skoðaðu úrvalið á tapas.is.

Láttu það eftir þér. Vertu frjáls, njóttu lífsins.



RESTAURANT - BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

Flugsamgöngur Flugstöð Leifs Eiríkssonar getur annað 3,5 milljónum farþega á ári en þá þyrfti að dreifa álaginu betur yfir daginn

Flugstöð Leifs Eiríkssonar sprungin

Allt stefnir í að met verði slegið í fjölda flugfarþega á Keflavík-urflugvelli í ár. Á næstu árum er aðeins tvennt í boði ef farþegum heldur áfram að fjölga, að stækka flugstöðina og fjölga flugvélastæðum eða dreifa álaginu betur yfir daginn. Það síðarnenda hefur ekki tekist hingað til.

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Í ljósi mikillar fjölgunar flugfarþega á Keflavík-urflugvelli á síðustu árum og spám um frekar fjölgun mun skapast þörf fyrir breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Annað hvort þarf að stækka flugstöðina og fjölga flugvallarstæðum eða breyta skipulagi og dagskrá áætlunar- og leiguflugs á velli um þann sem hann ber tæplega lengur þann mikla fjölda sem um hann fer yfir háannatíma.

Fjöldi flugfarþega á Keflavík-urflugvelli nam í fyrra um 2,1 milljón og fjölgaði um 17,9% á milli ára. Þar af voru tæplega 1,7 milljónir farþega á leið til og frá landinu en um 412 þúsund farþegar áttu leið um flugvöllinn og flokkast sem skiptifarþegar. Þetta er næstmesti farþegafjöldi sem farið hefur um flugvöllinn á einu ári og nálgast metárið 2007 þegar tæplega 2,2 milljónir farþega fóru um flugvöllinn.

Þá má gera ráð fyrir enn meiri fjölgun farþega á þessu ári. Icelandair hefur þegar boðað að áætlun félagsins á þessu ári verði sú umsvifamesta í sögu þess. Sem dæmi um aukningu í flugi munu WOW Air og easyJet hefja flug í vor en auk þess verða til staðar hefðbundin leiguflyg til sólarlanda auk þess sem Delta mun hefja aftur flug frá New York yfir sumartímann og Iceland Express mun að óbreyttu fljúga til Evrópu. Þá er listinn ekki upptalinn. Að framangreindu gerir Isavia ráð fyrir 7,5% aukningu. Verði raunin sú munu tæplega 2,3 milljónir farþega fara um völinn í ár sem augljóslega verður metár í fjölda farþega en samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins er spáin frekar hófsöm en hitt.

Ráðstafanir fyrir sumarið
Samkvæmt upplýsingum frá Isavia getur flugstöðin nú annað 3,5 milljónum farþega á ári með dreifðri notkun yfir daginn. Eins og fjallað er um í hliðardálki hér á síðunni



Suðurbýggingin svokallaða, sem sést hér nær á myndinni, var að mestu byggð í kringum Schengen-samstarfið. Stefnt er að því að fjölga flugvallarstæðum um tvö í sumar þannig að þau verði 16 en þar af verða 5 útistæði.

Mikið álag á stuttum tíma

Andamálið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er nokkuð augljóst, álagspunktarnir dreifast ekki nóg yfir sólarhringinn. Flugáætlun Icelandair er þannig uppbyggð að ferðir til Evrópu fara snemma á morgnana og koma aftur upp úr kl. 15 á daginn. Flugin til Ameríku fara síðan frá Keflavík upp úr kl. 17 og koma aftur á milli 6-7 á morgnana. Þannig eru mestu álagspunktarnir á milli kl. 5-8 á morgnana og 15-18 á daginn. Morgunflug Iceland Express til Evrópu er einnig snemma á morgnana. Þessu verður ekki breytt hjá Icelandair þar sem félaginu tekst með þessum hætti að halda uppi tengiflugi á milli Evrópu og Ameríku. Aukin umsvif félagsins mun að mestu auka á fyrrnefnda álagspunkta.

Hins vegar er Icelandair eina flugfélagið sem flýgur á milli Evrópu og Ameríku í gegnum Keflavík. Það er því óopinber stefna flugvallarins að fá önnur félög til að fljúga á öðrum tímum sólarhringsins. Þannig er nokkuð um áætlunar- og leiguflyg um miðnætti á sumrin, flug Delta kemur inn frá New York upp úr kl. 9 á morgnana og fer aftur fyrir hádegi svo dæmi séu tekin. Sem fyrr segir hefur þó gengið hægt að dreifa álaginu yfir daginn hingað til, en fyrir nýja flugrekstraraðila eru nú bara ákveðnir tímar í boði ólíkt því sem áður var.

myndast þó mesta álagið á ákveðnum tímum sólarhringsins, snemma á morgnana og aftur seinni part dags í 2-3 tíma í senn.

Að sögn Friðþórs Eydal, talsmanns Isavia, stendur til að fjölga flugvélastæðunum um tvö næsta sumar með því að nýta tvö stæði á flugstöðvarsvæðinu, sem notuð eru til afgreiðslu á flutningaflugvélum, einnig fyrir farþegaflug. Þannig verða flugvélastæðin 16 talsins. Þá verða gerðir nýir inngangar í flugstöðvarbyggunguna ásamt tilheyrandi bið-

sölum til afgreiðslu á flugfarþegum sem fluttir verða með rútum til og frá útistæðunum. Friðþór segir notkun útistæða vera algenga á sambærilegum flugvöllum í nágrannalöndunum og til lengri tíma litið sé unnt að fjölga útistæðum enn frekar.

Til samanburðar má geta þess að í sumar munu 16 Boeing 757 flugvélar mynda flugflota Icelandair, tveimur flugvélum fleiri en í fyrra. Rétt er þó að hafa í huga að mjög ólíklegt má teljast að allar vélar Icelandair séu við flugstöðina

á sama tíma, en að viðbættum vélum allra þeirra 15-18 flugfélaga sem munu fljúga hingað næsta sumar geta lesendur gert sér í hugarlund álagið og skipulagið á flugvöllum, þó ekki sé nema á flugvélastæðunum. Jafnvel þótt Icelandair væri eina flugfélagið með starfsemi á flugvöllum myndi félagið fara langt í að fylla fyrrnefnda álagspunkta.

Það sem gerir umstangið á Keflavík-urflugvelli enn flóknara, ef svo má að orði komast, er Schengen-samstarfið. Þannig þarf að ráða vélum eftir því hvort þær eru að koma inn á eða fara út af Schengen-svæðinu en sem kunnugt er eru Bandaríkin og Bretland ekki aðilar að því samstarfi.

Kostar 10 milljarða að stækka

Það er þó öllum ljóst að ef fer sem horfir og fjölgun flugfarþega heldur áfram er Flugstöð Leifs Eiríkssonar sprungin undan álagi – nema forsvarsmönnum flugvallarins takist í samstarfi við flugrekendur að dreifa álaginu betur yfir daginn, nokkuð sem ekki hefur tekist hingað til enda hefur Icelandair verið eini flugrekandinn með stöðug umsvif allt árið um kring á flugvöllum.

Aðspurður segir Friðþór að til lengri tíma þurfi þó að huga að stækkun flugstöðvarinn-

ar. Það verkefni sé þó flókið og kostnaðarsamt, ekki sé nóg að fjölga flugvélastæðum heldur verði jafnhliða að huga að uppbyggingu og stækkun allra innviða flugstöðvarinnar, s.s. innritun farþega, vopnaleit, flokkun og öryggisskimun farangurs og fleira.

„Það var farið að huga að þessu fyrir hrún,“ segir Friðþór.

„En þær áætlanir voru, eins og svo margt annað í þjóðfélaginu, lagðar til hliðar eftir hrún. Hins vegar sjáum við fyrir okkur að ráðast í þetta verkefni á næstu 2-3 árum.“

Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins er áætlaður kostnaður við stækkun flugstöðvarinnar um 10 milljarðar króna ef vel á að vera.

Næstbest í heimi

En þó svo að Flugstöð Leifs Eiríkssonar sé sprungin undan álagi á ákveðnum tímum sólarhrings þykir flugstöðin með þeim betri í heiminum og hefur víða fengið lof virtra farþegatimarita. Ferðamanna-vefurinn frommers.com komst nýlega að þeirri niðurstöðu að flugstöðin sé næstbesta flugstöð í heimi á eftir Hajj-flugstöðinni á flugvelli Abdul Aziz, konungs í Jedda í Sádi-Arabíu. Vefurinn hafði tekið saman lista yfir bestu og verstu flugstöðvar heims fyrir bandaríska blaðið USA Today.

Gjaldeyrir CCP stofnar félag til að taka þátt í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands

Geimskipafélag Íslands í útboðum

CCP GI, öðru nafni Geimskipafélag Íslands, var stofnað í síðustu viku af tölvuleikjaframleiðandanum CCP.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP hefur stofnað dótturfyrirtækið CCP GI hf. sem ætlað er að taka þátt í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands. GI-hluti nafnsins stendur fyrir „Geimskipafélag Íslands“ að

boð munu fara fram um miðjan febrúar, samkvæmt auglýsingu Seðlabankans.

Kemur líka út á Playstation Vita
Stofnendur hins nýja geimskipafélags eru CCP hf. annars vegar og hins vegar CCP Games UK, annað dótturfélag CCP. Hlutfé er fjórar milljónir króna. Næstu skref hjá CCP eru að koma út skotleiknum Dust 514, en áætlað er að hann líti dagsins ljós á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Skráning í lokað próf á leiknum er hafin, en það verð-



Forstjóri CCP, Hilmar Veigar Pétursson, segir CCP GI standa fyrir Geimskipafélag Íslands. VB MYND/HARI

sögn Hilmars Veigars Péturssonar, forstjóra CCP og hins nýstofnaða félags. „Við kunnum ekki alveg við að stofna félagið undir nafninu Geimskipafélagið og létum nægja að skammstafa það í nafninu,“ segir hann. Vonast CCP til að geta laðað að erlenda fjárfesta. Næstu út-

ur í fyrsta sinn sem almennir spilarar munu geta prófað leikinn áður en hann er gefinn út. Þá hefur einnig verið tilkynnt að leikurinn muni koma út á Playstation Vita, sem er handleikjatölva frá Sony, en hún mun koma á markað í lok febrúar á þessu ári.

Er til arðstefna?

Morgunverðarfundur föstudaginn 20. janúar kl. 8.15-10 á Radison Blu Hótel Sögu (Esja II)



Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri Stafa Lífeyrissjóðs

Arður eða vöxtur



Páll Harðarson forstjóri NASDAQ OMX Iceland

Höfum við lært nóg af reynslunni?



Vilhjálmur Bjarnason framkvæmdastjóri Samtaka Fjárfesta

Arðstefna hlutafélaga á markaði

NASDAQ OMX

LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISJÓÐA

Samtök
fjárfesta
hluthafar.is

Capacent Ráðningar

FORSTÖÐUMAÐUR KYNNINGARMÁLA



Tilgangur Landssambands Íslenskra útgerðarmanna er að vera heildarsamtök útvegsmanna og málsvári þeirra í almennum hagsmunamálum.

Landssamband íslenskra útgerðarmanna óskar eftir að ráða forstöðumann kynningarmála.

Helstu verkefni:

- Skipulagning kynningarstarfs og upplýsingagjafar um málefni sjávarútvegsins
- Samskipti við félagsmenn
- Samskipti við innlenda og erlenda fjölmiðla auk opinbera aðila
- Skipulagning viðburða

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af kynningarmálum

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Viðskiptablaðið

Stofnað 1994
Myllusetur ehf., Reykjavík

ÚTGEFANDI: Pétur Árni Jónsson
RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson
PRENTUN: Landsprent ehf.

Allar skuldbindingar upp á borðið

Það hefur reynst ríkinu auðveldara en sveitarfélögum að fela skuldbindingar sem stofnað hefur verið til fyrir utan ríkisreikning. Í raun er verið að villa um fyrir fólki og gera því erfiðara um vik að átta sig á raunverulegri skuldastöðu ríkisins. Þetta er mikið hagsmunamál því það breytir engu fyrir skattgreiðendur framtíðarinnar hvort þeir greiða árlega samkvæmt lánasamningi eða leigusamningi upphæð fyrir til dæmis byggingu nýs Landspítala. Það má ekki beita bókhaldsblekkingum.

Í gær, miðvikudag, kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis um ríkisábyrgðir og aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárlögum eða fjáráukalögum. Í skýrslunni er fjallað um nokkur mál þar sem ríkissjóður hefur eða gæti átt eftir að taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar. Einnig er rakið hvernig um þessar skuldbindingar hefur verið fjallað í fjárlögum og ríkisreikningi. Um er að ræða yfirlýsingar stjórnvalda um ríkisábyrgð á innstæðum í bönkum, skuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, leigusamninga sem ráðuneyti og stofnanir hafa gert, samninga um svokallaðar einkaframkvæmdir og um styrki.

Þetta er þörf umræða sem forsætisnefnd Alþingis hafði frumkvæði að eftir að Ríkisendurskoðun hafði gert athugasemdir við og komið með ábendingar vegna gerð ríkisreiknings. Fjármálaráðherra lá í fyrria með athugasemdir sumarlangt eftir að gerð var athugasemd við hvernig ætti að færa fjármögnun á nýju hjúkrunarheimili fyrir níu milljarða króna sem ekki voru á lausu. Þegar ríkið og eftir atvikum sveitarfélög gátu „ekki reitt fjármagnið fram“ eins og fjármálaráðherra orðaði það var farin fjallabaksleið í fjármögnun og skuldbinding ríkissjóðs ekki ljós í efnahagsreikningi

„Við slíkar aðstæður er meiri hætta á að stjórnmalamenn freistist til þess að fara þessa leið til að koma ýmsum framkvæmdum á koppinn, sem skattgreiðendur framtíðarinnar bera ábyrgð á.“

frekar en aðrar sambærilegar framkvæmdir.

Hér er ekki við núverandi eða fyrrverandi fjármálaráðherra einungis að sakast. Þetta hefur verið stundað of lengi af of mörgum ráðherrum. Hins vegar er mikilvægara nú að hafa varann á þegar fjárhirslur ríkisins eru rýrar. Við slíkar aðstæður er meiri hætta á að stjórnmalamenn freistist til þess að fara þessa leið til að koma ýmsum framkvæmdum á koppinn, sem skattgreiðendur framtíðarinnar bera ábyrgð á, án þess að bókhaldsleg staða ríkissjóðs versni.

Það ætti ekki að fara gegn stefnu núverandi ríkisstjórnar, sem hefur lagt allt kapp á að hafa hlutina uppi á borðum, tryggja gagnsæja og opna stjórnsýslu, með misgóðum árangri þó, að taka tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar. Það má ekki fela skuldbindingar sem skattgreiðendur bera á endanum ábyrgð á. Hvorki skuldbindingar sveitarsjóða né ríkissjóðs.

HUGINN & MUNINN

Nú á allt að vera svo faglegt á nýja Íslandi. Þannig vildi stjórn Fjármálaeftirlitsins fá tvo óháða sérfræðinga til að fara yfir álit **Andra Árnasonar** númer tvö um hæfi **Gunnars Andersen**, forstjóra FME. Og fyrir valinu urðu þeir **Ástráður Haraldsson** hæstaréttarlögmaður og **Ásbjörn Björnsson** endurskoðandi. Auðvitað hæfir menn. En eru þeir óháðir? Nú vill svo til að Ástráður Haraldsson er í stjórn fjármálafyrirtækis, Arctica Finance, sem FME hefur eftirlit með.

Ástráður stjórnarmaður á því mikið undir því að Ástráður hæstaréttarlögmaður verði nú mjúkhentur í garð forstjórans sem stjórnarmaðurinn á mikið undir. Þetta er nýja Ísland.



Það hefur ekki farið framhjá mörgum á pólitískum vettvangi Vinstri grænna. Og þeir sem starfa í pólitík vita að hún fyrirlinnst alls staðar í hinu daglega lífi. Þannig settu félagar í VG í Reykjavík átökin í nýtt samhengi föstudaginn 13. desember sl. Þá kepptu fulltrúar ólíkra sjónarmiða innan flokksins í matseld. **Silja Bára Ómarsdóttir** bauð upp á matseðil alþjóðasinna sem á var sellerí- og perusúpa, couscous og quiche. **Elías Jón Guðjónsson** var þjóðlegri og fulltrúi fullveldissinna. Auðvitað bauð hann upp á fæðuöryggismatseðil; bygggraut með nýmjólk eða mysu, hveitikökur með mysingi og íslenskri súrmjólk. Flestir kusu fæðuöryggið – til heiðurs **Jóni Bjarnasyni**.

Hvað mönnum finnst um afrek og framlag **Más Guðmundssonar** til peningastefnunnar þá verður bara að segjast eins og er að laun hans mættu vera hærri.

Launastefnan er í samræmi við lág laun forsætisráðherra, sem **Jóhanna Sigurðardóttir** hefur sett furðulegt þak á í anda vinsældarhyggju og í raun lítilsvirðingu við embættið. Það er réttlæt看legt að hækka laun allra stjórnmalamanna, svona til þess að einhver af viti sjái sér fært að fórna dagvinnunni í átta ár og leggja sitt af mörkum. Og það mætti borga toppum ágætlega hjá ríkinu. En hinir sömu toppar mega ekki fela sig á bak við persónuverndarsjónarmið þegar spurt er út í launagreiðslur til þeirra. Ef skattgreiðendur borga launin þín skaltu gjöra svo vel og upplýsa um þau. Þeir greiða nefnilega ekki launin af fúsum og frjálsum vilja.



GAMLA MYNDIN



Guðmundur hlustar á Davíð

Áður en Guðmundur Steingrímsson var þingmaður utan flokka, áður en hann var þingmaður fyrir Framsóknarflokkinn, áður en hann var aðstoðarmaður borgarstjórans Dags B. Eggertssonar í 100 daga og áður en hann var varaþingmaður fyrir Samfylkinguna, var Guðmundur blaðamaður á Fréttablaðinu. Á myndinni hér að ofan sést Guðmundur taka Davíð Oddsson, þá formann Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, tali á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í lok mars 2003. Myndina tók Sverrir Vilhelmsson, ljósmyndari Morgunblaðsins, en hún var birt á myndasíðu á mbl.is á sínum tíma.

TIL Á PRENTI

Bylting á íbúðalánamarkaði

„Á síðasta ári varð svo loksins bylting á íslenskum fasteigna- og íbúðalánamarkaði, þegar bankar og sparisjóðir fóru að bjóða verðtryggt lán til allt að 40 ára, bæði til kaupa á íbúðarhúsnæði og endurfjármögnunar eldri íbúðalána. Yfirleitt er gerð krafa um að slík lán séu á 1. veðrétti og að jafnaði er lánað fyrir allt að 80-90% af verðmæti eignar. Vaxtakjör eru nú hin sömu hjá íbúðalánasjóði og bankakerfinu, mun hagstæðari en áður. Bankar og sparisjóðir hafa ekki sett nein efri mörk, önnur en verðmæti eignar og greiðslugetu lántakenda, á lánsupphæðir, en íbúðalánasjóður hefur búið við meiri takmarkanir. [-]. Með

aðkomu banka og sparisjóða hefur velta á fasteignamarkaði stórauðist og verð á fasteignum hefur hækkað. Stærri eignir hafa hækkað mest og kaupendur gera æ meiri greinarmun á hverfum. Sum hverfi eru vinsælli en önnur. Segja má að þessi bylting á íbúðalánamarkaði hafi leyst stórar eignir í vinsælum hverfum úr gíslingu takmarkaðs aðgangs að lánsfé. Hópur þeirra, sem getur keypt stórar eignir, hefur nú stækkað mjög og sér þess merki í verðmyndun á markaðinum.“

ÓLAFUR ARNARSON HAGFRÆÐINGUR Í FASTEIGNABLAÐI MORGUNBLAÐSINS 9. MAÍ 2005.

HJARTARPILLAN



Hjörtur hefur í gegnum tíðina greitt stórfé fyrir fegrunaradgerðir, bæði á sjálfum sér og „vinkonum“ sínum. Hjörtur reyndi líka að fá fyrrv. tengdamóður sína til að fara í fegrunaraðgerð á sinn kostnað. Þó svo að Hjörtur hafi fulla samúð með þeim sem kunna að hafa keypt gallaða viðauka í lífkama sinn sér hann ekki rökin fyrir því að senda skattgreiðendum reikninginn fyrir lagfæringar.

NEÐANMÁLS

HALLDÓR BALDURSSON



SKOÐUN

Öryggið borgar sig – tækifæri í kreppu

GÍSLI NÍLS
EINARSSON



Við núverandi efnahags- og rekstraraðstæður hefur sjaldan reynt eins mikið á stjórnendur að hlúa að og efla öryggisþáttinn í starfsemi fyrirtækjanna. Stjórnendur fyrirtækja hafa iðulega í mörg horn að líta og á stundum leiðir það til þess að þeir einblína fyrst og fremst á kjarnastarfsemina sem hefur bein áhrif á vöxt fyrirtækisins og fyrir vikið sitja öryggismálin hugsanlega á hakanum.

Há dánartíðni og tugmilljarða tap vegna slysa og heilsutjóns
Í ársskýrslu Vinnueftirlitsins fyrir árið 2010 kemur fram að undanfarin ár hafa að jafnaði 4–5 einstaklingar látist við vinnu sína á ári hverju og um 7–8000 þurft að leita lækni- aðstoðar vegna vinnuslysa. Algengast er að vinnuslys verði við fall á jafnsléttu t.d. á verkpöllum og hálu yfirborði. Sömuleiðis kemur fram í skýrslunni að rannsóknir bendi til þess að allt að jafnvirði 3–5% landsframleiðslu vestrænna ríkja glatist vegna slysa og heilsutjóns við vinnu. Þetta svarar til 40–50 milljarða króna á ári hérlandis. Stór hluti kostnaðarinnar leggst beint eða óbeint á íslensk fyrirtæki.

Auðvelt er fyrir fyrirtæki að meta beinan kostnað vegna vinnuslysa

svo sem lækna- og fjárvistur og viðgerðarkostnað. Hins vegar getur reynst erfiðara fyrir fyrirtæki að greina óbeinan kostnað vegna slysa. Til dæmis vegna glataðrar framleiðslu, aukins rekstrarkostnaðar og lakari gæða í kjölfar þess að þurfa að ráða eða þjálfa upp nýjan starfsmann. Annar óbeinn kostnaður getur verið töpuð viðskipti í kjölfar vinnuslyssins, sködduð mynd fyrirtækisins og hugsanleg skaðabótamál.

Tækifæri til að efla öryggismál
Þrátt fyrir ríka kröfu eigenda um að draga úr rekstrarkostnaði má það alls ekki vera á kostnað öryggismála íslenskra fyrirtækja. Þar er átt við allt sem snýr að öryggi starfsfólks, vinnuumhverfi og framleiðslu. Því miður eru dæmi um að fyrirtæki freistist til að draga úr almennu viðhaldi á húsnæði, starfsumhverfi og framleiðslubúnaði sem getur leitt til þess að öryggi og heilbrigði starfsfólks sé ógnað. Þegar slíkar ákvarðanir eru teknar verða eigendur og stjórnendur fyrirtækja að hafa í huga að það er ekki aðeins skylda þeirra samkvæmt Vinnuverndarlögunum að sinna öryggismálum, heldur einnig siðferðileg og samfélagsleg skylda.

Í erfiðu rekstrarumhverfi og harðnandi samkeppni þurfa fyrirtæki að leita allra leiða til að viðhalda og bæta samkeppnisstöðu sína og framleiðni. Erlendar rannsóknir sýna að starfsfólk á vesturlöndum hefur aldrei verið eins reiðubúið og

“

Ef forysta og frumkvæði stjórnenda í öryggismálum er sterk þá er hægt að ná miklum árangri í að lækka rekstrarkostnað fyrirtækja.

nú til að taka þátt í breytingum og innleiða nýjar áherslur í starfsemi fyrirtækja. Óvissa um rekstrarhæfni þeirra og hugsanlegan starfsmissi gerir þetta meðal annars að verkum. Stjórnendur hafa því kjör- ið tækifæri til að breyta og hagræða þar sem upplagt er að gera öryggismál að ríku þætti í kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Afhverju eru öryggismál hluti af kjarnastarfsemi?
Reynslan hérlandis og erlendis hefur margt sýnt að þegar æðstu stjórnendur leggja áherslu á að öryggismál séu hluti af kjarnastarfsemi fyr-

irtækisins stuðlar það ekki einungis að öruggari vinnustað heldur líka að stöðugri og öruggari rekstri og þjónustu. Samkvæmt skráningum tryggingafélaga er minna um slys á starfsfólki og tjón á tækjum, búnaði og húsnæði hjá þeim fyrirtækjum sem sinna öryggismálum vel en hjá þeim fyrirtækjum sem gera það ekki. Annar ávinningur af því að leggja áherslu á öryggismál er að viðskiptavinir upplifa að þeir skipti við öruggt og áreiðanlegt fyrirtæki. Ímynd fyrirtækisins verður betri og jafnframt verður það eftirsóknarverðari vinnustaður.

Í ljósi þess tuga milljarða kostnaðar sem hlýst af slysum og heilsutjóni við vinnu á Íslandi er ljóst að eftir miklu er að slægjast og í flestum tilfellum má draga úr rekstrarkostnaði með því að efla öryggismálin. Það er áskorun fyrir æðstu stjórnendur að þróa öruggt vinnuumhverfi sem er áhugavert, spennandi og arðbært. Þar sem starfsmenn líta jafnframt á öryggismál sem hagnýt, gagnleg og spennandi í stað hindrunar og kostnaðar við að sinna starfi sínu. Ef forysta og frumkvæði stjórnenda í öryggismálum er sterk þá er hægt að ná miklum árangri í lækka rekstrarkostnað fyrirtækja.

Í næstu viku verður fjallað um hagnýtar aðferðir og aðgerðir sem stjórnendur geta ráðist í til að efla öryggismál á sínum vinnustað.

Höfundur er forvarnarfulltrúi fyrirtækja hjá VÍS.

TÝR

Uppsagnir á næsta leiti

Í síðustu viku birtu Samtök atvinnulífsins könnun þar sem stjórnendur 400 stærstu fyrirtækjanna í landinu sátu fyrir svörum. Samkvæmt niðurstöðu hennar telja 67% stjórnenda aðstæður í atvinnulífinu vera slæmar og hefur þeim fækkað örlítið frá fyrri könnun. Aðeins 4% stjórnenda telja aðstæður vera góðar.

★★★

Týr fylgist vel með bæði atvinnumálum og eins stjórnámum – sem því miður eiga það til að tvinnast alltof oft saman. Týr rýndi því vel í fyrrnefnda könnun. Annað sem vakti athygli hans er að fjórðungur stjórnenda býst við því að þurfa að fækka starfsfólki á næstu sex mánuðum, þó stærstur hluti þátttakenda búist við óbreyttum starfsmannafjölda.

★★★

Þó Týr sé nálægt því að vera alvitur og bjartsýnn veit hann ekki hverjir mynda þennan 4% hóp sem telja aðstæður í atvinnulífinu vera góðar. Hugsanlega er það hlutfall ríkisfyrirtækja í könnuninni.

★★★

Eitt veit Týr þó, að á næstu dögum og vikum er von á fréttum um miklar uppsagnir starfsmanna hjá þekktum fyrirtækjum hér á landi. Um er að ræða fyrirtæki sem ekki sjá fram á neinn efnahagsbata á næstunni.



enda ekki nema von miðað við núverandi stjórnarfar.

★★★

Týr hefur fylgst með og hlustað á umkvartanir atvinnurekenda vegna þess stjórnarfars sem nú ríkir. Týr metur það sem svo að Jóhanna Sigurðardóttir hafi gefið eftir atvinnustefnu Vinstri grænna – ef atvinnustefnu skyldi kalla. Hún felst fyrst og fremst í því að stöðva alla atvinnuuppbyggingu í landinu sem ekki er þóknarleg litlum hópum innan Vinstri grænna og rífa niður þá atvinnugeira sem vel ganga með aukinni skattheimtu og regluverki. Sárást þykir Tý þó að skattastefnan miði fyrst og fremst að hugmyndafræði úr gömlum vinstri kreddum.

★★★

Týr las að sjálfsöðgu ítarlegt viðtal við Össur Skarphéðinsson í áramótatímariti Viðskiptablaðsins. Þar kallaði Össur eftir því að hinir svokölluðu hægri kratar fái að blómstra, m.a. í þágu atvinnulífsins. Týr þykist nú vita að hægri kratarinn, sem bældir hafa verið niður í Samfylkingunni undanfarið og eru flestir hættir afskiptum af pólitík, eru ósáttir við aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum.

Týr veltir því fyrir sér hvort komandi hópupsagnir verði ekki til þess að þeir fari að láta til sín taka innan Samfylkingarinnar.

ÓÐINN

Sú skrítlra er stundum sögð um hagfræðinga að sjái þeir mann með annan fótinn í ísköldu vatni en hinn í sjóðandi heitu komist þeir að þeirri niðurstöðu að að meðaltali sé fótabaðið notalegt. Þessi saga lýsir ágætlega hagstjórn á Íslandi undanfarin ár, þar sem reynt hefur verið að halda „jafnvægi“ í þjóðarþúskapnum með því að vega saman stærðir sem hver um sig var í miklu ójafnvægi. Þannig miðaði hagstjórnin í aðdraganda hrunsins að því að vinna á þenslu með háum vöxtum.

★ ★ ★

Hávaxtastefnan virkaði aftur á móti sem olía á eldinn í alþjóðlegu lánsfjárbólunni. Háir vextir á Íslandi á meðan seðlabankar í öðrum löndum héldu vöxtum lágum leiddu til vaxtamunaviðskipta. Innstreymi fjármagns til Íslands styrkti gengi krónunnar og jók á þenslu. Stanslaust fjárstreymi til Íslands og ekki síst íslenskra athafnamanna blés út egó þeirra. Það hefði ekki verið í frásögur færandi nema vegna þess að pappírshagnaður erlendra spákaupmanna af vaxtamunarviðskiptunum, á meðan gengi íslensku krónunnar hélst stöðugt eða styrktist, slævði áhættuvitund þeirra og ýtti undir ofurtrú á Íslandi. Það er gömul saga og ný að sjálfsmynd manna sem hagnast ört bólgnar og skekkist. Sagan er full af slíkum mönnum þótt fæstir þeirra hafi komist á spjöld sögunnar.

★ ★ ★

Það sem er með sönnu furðulegt við Ísland er ekki að velgengnin skuli hafa stigið Íslendingum til höfuðs, heldur að útlendingar skuli hafa trúað að velgengni Íslendinga væri sjálfbær. Þeir trúðu svo sem líka að bankakerfi Írlands og ríkisfjármál Gríslanda væru sjálfbær. Það er rétt að hafa í huga að sögurnar um víkingaeðli og viðskiptavit Íslendinga urðu ekki til hér á landi heldur í erlendum fjölmiðlum þótt Íslendingum hafi vissulega látið sér vel líka skjallið og tekið undir það. En vaxtamunarviðskiptin gengu bara upp á meðan hægt var að taka sífellt stærri lán og þótt vaxtamunarviðskipti með íslensku krónuna og lán til Íslands hafi verið agnarsmá á alþjóðlegan mælikvarða voru þau risavaxin á innlendan mælikvarða.

★ ★ ★

Því þarf ekki að koma á óvart að Ísland væri eitt fyrsta landið til að fara virkilega illa í alþjóðlegu lausafjárkreppunni. Þannig var hrunið á Íslandi auðvitað hluti af alþjóðlegu fjármálakreppunni. Þar með er ekki sagt að allir þeir veikleikar og hugsanlega einhver lögbrot sem hrunið leiddi í ljós skýrist og hvað þá afsakist af alþjóðlegu fjármálakreppunni. Þótt menn berist að einhverju

leyti með straumum sinnar tíðar þá bera þeir eftir sem áður jafn mikla ábyrgð á eigin gjörðum. Á meðan vel gengur eru menn kærulausir og væntur ávinningur af því að gera næsta dil miklu meiri en að fylgja því eftir að sá síðasti gangi sem skyldi. Að þessu leyti er lýsing John

business cycle. In good times people are relaxed, trusting, and money is plentiful. But even though money is plentiful, there are always many people who need more. Under these circumstances the rate of embezzlement grows, the rate of discovery falls off, and the bezzle increases ra-



Lýsing John Kenneths Galbraiths á hruninu í Bandaríkjunum árið 1929 er eins og samin um Ísland árið 2008.

Kenneth Galbraith á hruninu í Bandaríkjunum árið 1929 eins og samin um Ísland árið 2008. Hann sagði: „Á hverjum tíma er ákveðinn fjöldi af óuppgötvuðum fjárdráttum að finna – eða öllu heldur ekki að finna – í viðskiptalífi og bönkum landsins. Þessi forði, sem við getum kallað forðabúr eða svikabúr ... stækkar og minnkar í takti við hagsveifluna. Þegar vel árar er fólk andvaralaust, trúgjarnt og nóg til af peningum. En jafnvel þótt nóg sé af peningum er alltaf til fólk sem þarf meira. Undir þessum kringumstæðum stækkar svikabúrið, uppgötvun fjársvika minnkar og tíðni þeirra eykst hratt. Í kreppu snýst þetta við, peningar eru litnir hornauga og sá sem höndlar með fé er álitinn sekur uns hann getur sannað sakleysi sitt. Endurskoðun verður ítarleg og nákvæm. Síðferði í viðskiptum batnar og svikabúrið skreppur saman.“

★ ★ ★

(„At any given time there exists an inventory of undiscovered embezzlement in – or more precisely not in – the country’s business and banks. This inventory – it should perhaps be called the bezzle ... varies in size with the

pidly. In depression all this is reversed. Money is watched with a narrow, suspicious eye. The man who handles it is assumed to be dishonest until he proves himself otherwise.“)

★ ★ ★

Eftir hrun skyldi maður ætla að Seðlabankinn skipti um kúrs og leyfði hagkerfinu að leita í sjálfbært jafnvægi. Það er nú öðru nær. Í stað þess að leyfa hagkerfinu að leita jafnvægis er því nú haldið með gjaldeyrishöftum. Rétt eins og í fyrri ójafnvægi, þar sem ákveðið þægindastig myndaðist á meðan ójafnvægið safnaðist upp í krónubólunni, er ákveðið þægindastig að myndast nú í nýrri bólu á Íslandi. Gjaldеyrishöftin vernda bankana fyrir samkeppni um sparnað landsmanna og hafa komið í veg fyrir hagræðingu þar á bæ. Stjórnendur bankanna laga sig ekki að einhverju ímynduðu þjóðhagslegu jafnvægi heldur þeim skilaboðum sem markaðurinn sendir þeim í rekstrinum á hverjum degi. Og nú þegar ekkert útlit er fyrir að ríkisstjórnin vilji í raun aflétta höftunum eru skilaboðin sem markaðurinn sendir bönkunum frekar að spýta í lófana en að draga saman efna-

hagsreikninga sína. Þar að auki niðurgreiðir innstæðutryggingin fjármagnskostnað bankanna um tugi milljarða á ári hverju. Bankarnir vita ekki raunverulegan fjármagnskostnað sinn og geta þar af leiðandi ekki tekið skynsamlegar fjárfestingarákvarðanir frekar en aðrir sem stunda



áætlunarþúskap, alveg óháð því hversu mikið af vilja gerðir þeir eru til þess eða á hversu hæfum rekstrarmönnum þeir hafa á að skipa.

★ ★ ★

Gjaldеyrishöftin hafa leitt til bólu á ríkisskuldabréfamarkaði. Það sem veldur Óðni fyrst og fremst áhyggjum í því er þó ekki að bólan muni dag einn springa, enda fá teikn um að það gerist í bráð, heldur miklu frekar sá skaði sem bólan mun valda fram að því að hún springur. Meginhluti tjóns af bólu verður nefnilega ekki þegar fjármálamarkaðir „hrynja“ heldur í aðdraganda hrunsins. Þegar fármagnskostnaði er haldið niðri með valdboði er öll verðlagning á fjárfestingarverkefnum röng og þegar markaðurinn leiðréttir sig á ný kemur í ljós að mörg verkefni sem lagt var í af bestu manna yfirsýn og í góðri trú ganga ósköp einfaldlega ekki upp. Hrun leiðréttir þessi mistök og þess vegna er það versta sem hægt er að gera að trufla hreinsunarstarf hrunsins með aukinni peningaprentun seðlabanka eða auknum ríkisútgjöldum.

★ ★ ★

Með því að halda gjaldeyrishöftunum er ríkisstjórnin að blása í nýja bólu. Vextir á verðtryggðum ríkisskuldabréfum hafa aldrei verið lægri og vextir óverðtryggðra ríkisskuldabréfa eru farnir að nálgast meðalverðbólgu síðustu ára. Þetta bendir til þess að skuldabréfamarkaðurinn hafi

enga trú á að höftin verði losuð um fyrirsjáanlega framtíð á Íslandi. Sem aftur þýðir að ákvarðanir um fjárfestingar á Íslandi verða teknar án þess að menn geri sér grein fyrir raunverulegu fjármagnskostnaði eða raunverulegu verði íslensku krónunnar. Það leiðir aftur til þess að eftir því sem skipulag hagkerfisins færir sig nær duttlungum innlendra stjórnvaldsaðgerða fremur en framboði og eftirspurn í heimsmarkaðsviðskiptum munu völd stjórnámálanna yfir hagkerfinu aukast. Saga haftaaranna hér á landi og reynsla annarra landa sýnir svo ekki verður um villst að þessum völdum verður beitt.

★ ★ ★

Leið haftabúskaparins er leiðin til aukinnar pólitískrar miðstýringar. Þótt bankakerfinu finnist ef til vill þægilegt að athafna sig í faðmi ríkisins í dag og æ fleiri fyrirtækjum sé farið að finnast þægilegt að vera í „skjóli hafta“ þá eru þeir talsmenn atvinnulífsins sem eru værukærir vegna haftanna í dag eins og froskar í potti á hlöðum. Þeir finna ekki hvernig það er smám saman að hitna undir þeim áður en það fer að sjóða.

SKOÐUN

Úrtöluraddir hljóðna

STEINGRÍMUR
J. SIGFÚSSON



Fáir andmæla því lengur að efnahagslífið rétti betur úr sér á árinu 2011 en framan af var ráð fyrir gert. Nú er útlit fyrir að hagvöxtur hafi orðið 3,5–4% en það er einhver mesti hagvöxtur í Evrópu fyrir það ár. Forustumenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks ásamt fleirum ónefndum sungu fram eftir öllu síðastliðnu ári þann söng að hér væri allt í frosti og kyrrstöðu og enginn bati í auglýsni. Staðreyndirnar hafa nú borið slíkan málflutning ofurliði. Þess má og geta að þegar þingmennirnir Lilja Mósedóttir, Atli Gíslason og Ásmundur Einar Daðason gengu úr þingflokki Vinstri grænna voru rökin m.a. þau að fjárlög ársins 2011 myndu hafa það neikvæð áhrif á efnahagslífið að hagvöxtur yrði vel undir einu prósentustigi. Hann reynist væntanlega verða 5-6 falt hærri miðað við fyrirliggjandi gögn.

Sem betur fer hefur það reynst svo að svarstýnisþámenntirnir sem offramboð varð af eftir hrún hafa gengisfallið og Íslendingar eygja nú betri tíð eftir þá erfiðleika sem hér riðu yfir árið 2008. Hagkerfið er að komast vel í gang og hin margfrægu hjól atvinnulífsins farin að snúast. Atvinnuvegafjárfesting fer vaxandi á nýjan leik. Hún jókst um 13% á fyrstu níu mánuðum síðasta árs og störfum fylgjar umtalsvert í hagkerfinu, um fimm þúsund störf hafa orðið til frá því að vinnumarkaðurinn náði botni á sínum tíma.

Minna atvinnuleysi og líf á fasteignamarkaði

Atvinnuleysisssmælingar gefa svipaðar vísbendingar. Árstíðabundið atvinnuleysi vex nú mun hægar en tvö undangengin ár. Það mældist 7,3% í desembermánuði í samanburði við 8% árið áður og 8,2% árið þar áður. Vonir standa til þess að það fækki umtalsvert á atvinnuleysissskrá þannig að það vegi jafnvel upp árstíðasveifluna og mögulega betur á næstu mánuðum. Kemur þar til bæði að fjölmargir stunda nú nám sem

áður voru á atvinnuleysissskrá á grundvelli sérstaks menntunarátaks. Einnig að fram undan er mjög stórt átak undir heitinu Til vinnu við að tryggja mönnum af atvinnuleysissskrá störf í samstarfi ríkisins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Það ásamt mörgum öðrum dæmum

hið gagnstæða. Sama má segja um átak gegn svartri atvinnustarfsemi og átak í endurbótum á húsnæði. Kaupmáttur launa vex nú á nýjan leik, hann óx um 3,7% undangengna tólf mánuði, launavísitalan stóð í nóvemberlok í 111,2, sem er svipað gildi og hún hafði um áramótin 2004–2005.

eignaviðskipta um 170 milljörðum kr., en meðalupphæð á hvern samning var um 26 millj. kr. Til samanburðar má sjá að árið 2010 var veltan tæpir 119 milljarðar, kaupsamningar voru rúmlega 4.700 og meðalupphæðin var þá rúmar 25 millj. kr. Heildarvelta fasteignaviðskipta hefur því auk-

eða um 15 manns. Í heild fóru 70 manns fleiri frá landinu á síðasta ársfjórðungi en fluttust til þess og það er gríðarlegur viðsnúningur frá undanförunum tveimur árum.

Varðandi þá miklu fjölgun sem varð á Íslandi mestallan síðasta áratug gleyma menn því oft að þá jókst íbúafjöldi landsins mjög hratt. Árið 2005 bjuggu ekki nema 293.500 manns á Íslandi. Íbúafjöldinn varð mestur í ársbyrjun 2008, þá voru hér rúmlega 319.300 íbúar, en nú í árslok 2011 hefur sú tala verið slegin, þannig að fækkunin sem varð á árinu 2009 hefur verið vegin upp og vel það. Landsmönnum fjölgaði um á tólfta hundrað á síðasta ári og eru nú fleiri íbúar hér í byrjun ársins en nokkru sinni fyrr í sögunni eða 319.560 manns. Þetta er að mínu mati þeim mun athyglisverðara í ljósi þess hversu hröð fjölgunin hafði verið árin fyrir hrúðið. Í reynd hefur landinu haldist merkilega vel á íbúafjölda sínum og landsmönnum fylgjar nú umtalsvert á nýjan leik tvö ár í röð.

Það horfir vel með loðnuver-tíð á þessum vetri og gæti hún orðið sú besta um árabil og fært á þriðja tug milljarða inn í þjóðar-búið. Kolmunnakvótinn vex til muna frá fyrra ári, útlitið með þorskveiðar er ágætt og mark-rílvertíðin á síðasta ári var mik-ið ævintýri, einhver mesti bú-hnykkur sem við höfum lengi fengið inn í hagkerfið. Atvinnu-greinin stóð sig glæsilega við að vinna um og yfir 90% af öllum afl-anum til manneldis.

Ekki er hér rými til að nefna stórsókn ferðaþjónustunnar, vöxt í nýsköpun og skapandi greinum ýmiskonar og margt fleira sem gefur tilefni til bjartsýni. Allar for-sendur eru fyrir því að árið 2012 geti orðið ár áframhaldandi bata og uppbyggingar þó svo erfiðleikar okkar séu vissulega ekki að baki. Óvissan er nú einkum tengd þróun ytra umhverfis og þá f.o.f. framvindu mála í Evrópu, okkar langmikilvægasta markaðssvæði. En, svartssýnisþámennt gera rétt í að fara að svipast um eftir annari vinnu, svo langt erum við þó kom-in frá hrúninu 2008.

Höfundur er efnahags- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra.



„[M]akrílvertíðin á síðasta ári var mikið ævintýri, einhver mesti búhnykkur sem við höfum lengi fengið inn í hagkerfið.“ skrifar Steingrímur J. Sigfússon. Skipverji á Guðmundi VE með vænan makríl.

MYND/ÞORBJÖRN VÍGLUNDSSON

ist um tæplega 45% frá árinu 2010 og kaupsamningum hefur fjölgað um rúmlega 40%. Veltan á fasteignamarkaði á árinu 2011 er mjög svipuð sem hlutfall á lands-vísu og árið 2008.

Sterk staða Íslands

Brottlutningur hefur verið mik-ið til umræðu sérstaklega á síð-ustu mánuðum nýliðins árs. Ekki skorti svarstýnisþámennt í þeirri umræðu og töldu margir að í þeim efnum væri vaxandi vá fyrir dyrum, einmitt á síðasta árs-fjórðungi nýliðins árs. Nú liggur fyrir uppgjör á síðustu þremur mánuðum ársins og í ljós kemur að þá varð einmitt mikill viðsnún-ingur í rétta átt, þá dró verulega úr brottflutningi íslenskra ríkis-borgara frá landinu, reyndar svo mjög að hann var nánast enginn

“

Atvinnuvegafjárfesting fer vaxandi á nýjan leik. Hún jókst um 13% á fyrstu níu mánuðum síðasta árs og störfum fylgjar umtalsvert í hagkerfinu, um fimm þúsund störf hafa orðið til frá því að vinnumarkaðurinn náði botni á sínum tíma.

sem nefna mætti er til marks um árangursríkt samstarf sem þess-ir aðilar eiga í þrátt fyrir allt um þessar mundir og vill gleymast í upphlaupum og stóryrðum um

Ef við lítum á fasteignamark-aðinn urðu umskiptin þar veruleg, um 6.600 kaupsamningum var þinglýst árið 2011 á landinu öllu og nam heildarverðmæti fast-

TIL
FLUGU-
HNYTINGA

www.arvik.is

Marryat
C&F DESIGN
ÁHÖLD

KAMASAN
ÖNGLAR

LOON
HARD HEAD
CLEAR
LAKK

Manufacturer of Quality Fly Tying Tools
Griffin
ENTERPRISES, INC.
Made in the U.S.A.
ÞVINGUR



Lyfja er móðurfélag Heilsu, sem er einn stærsti framleiðandi bætiefna hér á landi.

VB MYNDIR/BIG

Fyrirtæki á bætiefnamarkaði

Sala á bætiefnum og heilsuvörum hefur færst í aukana á síðustu árum og eru nokkur fyrirtæki umfangsmikil á þeim markaði, en Lýsi hf. ber höfuð og herðar yfir keppinautana. Sala á bætiefnum er á bilinu 5-10% af heildarsölu á lyfjum á Íslandi, sem er ekki langt frá því sem gerist í Bandaríkjunum.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Lyfjageirinn veltir gríðarlegum fjárhæðum á ári hverju, hvort heldur er hér á landi eða í heiminum öllum. Árið 2006 velti lyfjageirinn í heiminum öllum um 643 milljörðum dala. Þar af var veltan í Bandaríkjunum um 290 milljarðar dala.

Hér á landi er erfiðara að slá á heildarumfang lyfjageirans, en þó er vitað að söluverðmæti lyfja árið 2010 nam 25,7 milljörðum króna. Þetta eru þó bara þau lyf sem eru á sérlyfjaskrá, þ.e. það sem almenningur myndi kalla lyf. Hér fyrir utan eru bætiefni, vítamín og aðrar heilsuvörur sem fólk kaupir jafnvel í staðinn fyrir lyf. Öllu erfiðara er þó að slá á umfang þessa geira. Talið er að bætiefnageirinn í Bandaríkjunum velti

um 27 milljörðum dala, eða um 10% af heildarveldu lyfjageirans. Ef tölur hér á landi eru sambærilegar þá ætti söluverðmæti bætiefna að vera um 2,5 milljarðar króna á ári.

Nákvæmar tölur um umfang geirans er þó ekki að finna heldur verður að slá á það með því að skoða ársreikninga helstu fyrirtækjanna í honum. Hér er hægt að reka sig á ýmsa vegg, því sum stór fyrirtæki á bætiefnamarkaði selja að auki aðrar vörur en bætiefni og því erfið að draga ályktanir af ársreikningum þeirra eingöngu. Þá er stór hluti þeirra efna, sem seld eru hér á landi af erlendum uppruna.

Lýsi langstærst

Af íslenskum bætiefnaframleiðendum ber Lýsi hf. höfuð og herðar yfir keppinautana, sem kemur ef til vill ekki á óvart miðað við vinsældir fiskiolunnar meðal Íslendinga. Árið

2010 skilaði fyrirtækið um 710 milljóna króna hagnaði sem er í raun mikið afrek miðað við stærð efnahagsreikningsins, en eignir fyrirtækisins voru í árslok 2010 um fjórir milljarðar króna. Þrátt fyrir þennan mikla hagnað var eigið fé Lýsis þó neikvætt um einar 116 milljónir króna.

Stærst á markaðnum yfir klassíska bætiefnaframleiðendur, þ.e. fyrirtæki sem selur vítamín, kalk og önnur bætiefni undir eigin nafni, er Heilsa. Hagnaður Heilsu nam árið 2010 um 45,6 milljónum króna og eignir fyrirtækisins voru um 214 milljónir. Heilsa er dótturfélag Lyfju, sem ekki hefur skilað ársreikningi fyrir árið 2010 og er undir stjórn kröfuhafa. Með því að skoða ársreikninga Lyfju annars vegar og Heilsu hins vegar fyrir árið 2009 sést að hagnaður Lyfju það árið nam um 114 milljónum króna og Heilsu um 12 milljónum króna. Það rímar við bandarísku tölurnar um að

umfang bætiefnamarkaðarins sé um einn tíundi af stærð lyfjamarkaðsins.

Icepharma selur einnig bætiefni undir eigin merki, sem þó eru framleidd af öðrum aðilum. Hagnaður Icepharma árið 2010 nam um 275 milljónum króna, en þar ber að hafa í huga að Icepharma selur einnig hefðbundin lyf sem og lækningatæki. Ekki er skilið á milli þessara flokka í ársreikningi fyrirtækisins. Rekstur þess er engu að síður heilbrigður, því eigið fé var í árslok 137 milljónir króna og skuldir um 583 milljónir.

Reksturinn var öllu erfiðari hjá SagaMedica, sem er næst í röðinni á eftir Heilsu þegar miðað er við stærð efnahagsreikningsins. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á bætiefnum sem unnin eru úr íslenskum lækningajurtum eins og ætílhvönn. Árið 2010 nam tap fyrirtækisins einum 38,7 milljónum króna, sem er sérstaklega mikið í ljósi þess að eignir

fyrirtækisins voru aðeins 37 milljónir króna í árslok 2010. Engu að síður var eigið fé fyrirtækisins jákvætt um 14,9 milljónir króna.

Fleiri fyrirtæki má nefna. Fagvörur, sem m.a. framleiðir íssósus, selur einnig heilsuvörur unnar úr fjalla-grösum. Hagnaður þess fyrirtækis nam um 7,6 milljónum króna árið 2010. Eignir námu 18,9 milljónum króna og eigið fé um 9,7 milljónum. Þá má nefna fyrirtækið Hrein heilsa, sem dreifir bætiefnum undir eigin nafni, þar á meðal magnesíum. Fyrirtækið er þó ekki af sömu stærðargráðu og þau sem áður hafa verið nefnd, því efnahagsreikningur þess var aðeins um þrjár milljónir króna í árslok 2010 og hagnaður um 131.000 krónur.

Matur og bætiefni

Þá má ekki horfa framhjá Heilsuhúsinu, sem er í eigu Lyfju eins og Heilsa.



Heilsuhúsið er í sérstöðu þegar kemur að sölu á náttúrulegum heilsuvörum á Íslandi.

velta um milljarði króna

Umfang bætiefnageirans

	Hagnaður	Eignir	Skuldir
Heilsa	45.625.466 kr.	213.884.892 kr.	159.194.074 kr.
Icepharma	275.054.058 kr.	719.983.809 kr.	582.588.068 kr.
SagaMedica	-38.686.712 kr.	36.965.257 kr.	22.072.351 kr.
Fagvörur	7.586.992 kr.	18.916.026 kr.	9.170.358 kr.
Hrein Heilsa	130.699 kr.	3.019.734 kr.	2.389.035 kr.
Lýsi	710.254.000 kr.	4.011.325.000 kr.	4.127.704.000 kr.
Samtals	999.964.503 kr.	5.004.094.718 kr.	4.903.117.886 kr.

Gagnrýnendurnir

Bætiefni eru gjarnan auglýst og markaðssett með vísan í vísindalegar tilraunir og rannsóknir. Þessi markaðsaðferð hefur þó sætt harðri gagnrýni úr röðum lækna og vísindamanna og hefur breski læknirinn og pistlahöfundurinn Ben Goldacre verið framarlega í þeim efnum. Harkalegasta dæmið sem hann hefur fundið um slíka markaðsaðferð er um Matthias Rath, en hann hélt því fram að c-vítamín gæti læknað HIV/AIDS. Þegar Goldacre gagnrýndi þessar fullyrðingar fór Rath í mál við Goldacre og Guardian dagblaðið, sem birtir pistla Goldacre. Málið fór þó aldrei fyrir dóm því Rath dró það til baka, en málaferlin höfðu þó kostað blaðið um hálfa milljón punda.

Þótt ekki sé hægt að setja samasemmerki milli bætiefna og heilsuvara sem seldar eru í verslunum Heilsuhússins má ætla að markhóparnir skarist töluvert. Fólk sem leitar í ætíhvönn og sólhatt til að finna bót meina sinna er líklega opnara en flestir fyrir glútenlausu fæði.

Að lokum ber að taka fram að lyfjarisinn Actavis selur einnig heilsuvörur undir eigin merki, þótt þær séu ekki margar og ráði ekki úrslitum fyrir afkomu fyrirtækisins.

Þegar öll þessi fyrirtæki eru tekin saman, að Actavis og Lyfju undanskildum, nemur samanlögð velta þeirra um einum milljarði króna. Þar af er Lýsi langstærst og Icepharma kemur þar á eftir. Þegar haft er í huga það sem sagði hér á undan um að mikið er selt af erlendum bætiefnum er því alls ekki útilokað að velta á íslenskum bætiefnamarkaði slagi upp í hátt á annan milljarð króna á ári, sem er ekki langt frá því sem hlutfallslega gerist í Bandaríkjunum.

Tengsl Lyfju, Heilsu og Heilsuhússins undirstrika líka þau óljósu mörk sem eru lagalega milli lyfja

og matvæla. Tiltölulega nýtt form af þessu er áherslan á ofurfæði, en til þess hóps teljast ýmsar berja- og ávaxtategundir sem innihalda mikið af ákveðnum efnum, einkum vítamínum. Þeir sem ekki vilja kaupa þessi efni í lyfjaverslun geta því fylgt forskrift ofurfæðissérfræðinga og keypt dýra safu í staðinn.

Tengsl lyfja- og bætiefnageirans
Bætiefni eru seld í lyfjaverslunum, gjarnan í töfluformi, og líta því út eins og lyf. Þau eru hins vegar í flestum ríkjum flokkuð sem matvara og því gilda aðrar öryggisreglur um sölu þeirra og markaðssetningu en hvað varðar lyf. Í Bandaríkjunum ber framleiðendum bætiefna til dæmis aðeins skylda til að ganga úr skugga um að þau valdi ekki notendum sínum skaða, en engin lagaleg skylda er til að sanna notagildi þeirra. Á móti kemur að við markaðssetningu er óheimilt að lofa því að bætiefnið hafi tiltekin áhrif. Þess vegna segir í auglýsingum fyrir berjaseyði eða bætiefnatöflur að efnin „geti haft áhrif á“ eða „geti gagnast við“ að takast á við ýmsa kvilla.

Tengsl Lyfju annars vegar og Heilsu hins vegar eru líka dæmi um tengsl hins hefðbundna lyfjageira og hins óhefðbundna. Eins og áður segir eru bætiefni gjarnan markaðssett sem nokkurs konar andsvar við „lyfjavæðingu“ nútímasamfélagsins og sumir talsmenn geirans vilja meina að hefðbundnir lyfjaframleiðendur hunsu náttúrulegar lækningaaðferðir vegna þess að ekki sé hægt að fá á þeim einkaleyfi og þar með græða á þeim. Umfjöllunin hér á undan ætti að sýna fram á að seinni hluti þessarar fullyrðingar á ekki við rök að styðjast, því mörg fyrirtæki hér á landi skila myndarlegum hagnaði á sölu bætiefna. Erlendis eru stóru lyfjarisarnir einnig með fingurna í bætiefnageiranum, en lyfjarisinn Wyeth selur bætiefni undir merkinu Centrum og Bayer selur bætiefni undir merkinu One A Day. Lyfjafyrirtækin Unilever, Novartis og GlaxoSmithKline eru einnig stórir aðilar á bætiefnamarkaðnum í gegnum dótturfyrirtæki. Stór framleiðandi bætiefna í Bretlandi, BioCare, er í eigu Elder Pharmaceuticals.

Stoltir af því að vera íslenskt félag

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, á að baki langan feril hjá félaginu en þar hefur hann starfað í 16 ár. Í viðtali við Viðskiptablaðið fer Ásbjörn yfir rekstur félagsins, hvernig það brást við hruni á flutningamarkaði fyrir nokkrum árum, starfsemina erlendis sem telur stærstan hluta rekstursins, framtíðarmöguleika Samskipa og loks umdeildan eiganda félagsins, Ólaf Ólafsson.

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is



Það gera sér eflaust fæstir grein fyrir því hversu umfangsmikið fyrirtæki Samskip er á flutningamarkaði í Evrópu. Áætluð velta félagsins á þessu ári er um 530 milljónir evra, eða um 85 milljarðar íslenskra króna og þar af er um fjórðungur þeirrar veltu tengdur starfsemi Samskipa á Íslandi. Fyrir utan það að reka 10 gámaflutningaskip rekur félagið lestarflutningakerfi, á hlut í frystiskipaútgerð, rekur vörumiðstöðvar, frystigeymslur, ógrynni flutningabíla og tæplega 20 þúsund gáma. Starfsmenn Samskipa eru um ellefu hundruð talsins en félagið er með 46 skrifstofur í 24 löndum í Evrópu, og Asíu auk N- og S-Ameríku.

En Samskip hefur, líkt og önnur fyrirtæki, ekki farið varhluta af þeim þrengingum sem dundu yfir á seinnihluta árs 2008 og árið 2009, bæði hér á landi sem og erlendis.

„Það varð gifurlegur samdráttur í flutningum á þessum tíma,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa. „Velta félagsins dróst saman um rúm 30% á milli áranna 2008-2009, fór úr 650 milljónum evra í um 430 milljónir evra. Það varð í raun hrun á flestum flutningamörkuðum um allan heim. Staðan var mjög snúin eins og hjá svo mörgum keppinautum félagsins. Margir þeirra enduðu í höndum banka eða í gjaldþroti.“

Ásbjörn segir að í kjölfarið hafi verið farið í viðamiklar aðgerðir til að snúa taprekstrinum við, en eins og eðlilegt sé hafi myndast umtalsvert tap á meðan verið var að brúa kostnaðarstrúktúr félagsins.

„Við höfðum sveigjanleikann til að bregðast við svona magnsamdrætti,“ segir Ásbjörn. „Öll skip félagsins voru á leigu, til skemmri og lengri tíma. Við höfðum því sveigjanleikann til að aðlaga siglingakerfin og þar með flutningsgetuna að minna magni á hinum ýmsu mörkuðum sem félagið starfar á. Við fórum einnig í að skera niður óarðbærar þjónustueiningar sem við höfðum ekki trú á til lengri tíma. Við búum vel að þeirri vinnu sem við fórum í gegnum á þessum tíma, en síðan þá hefur velta félagsins verið að aukast jafnt og þétt og var veltan á liðnu ári um 500 milljónir evra.“

Ásbjörn segir að á árunum 2003-2005 hafi Samskip farið í miklar fjárfestingar á fyrirtækjum í Evrópu. Næstu árin á eftir hafi verið nýtt til að sameina þessi fyrirtæki og samhæfa reksturinn.

„Það var snúið verk að koma þessum fyrirtækjum saman, en við búum vel að því í dag,“ segir Ásbjörn. „Þetta gerði það að verkum að við vorum vel í stakk búnir til að takast á við þær áskoranir sem fylgdu í kjölfar hrunsins.“

Ásbjörn segir að veltan hafi aukist aftur seinni hluta ársins 2009 og áfram árið 2010. Hins vegar hafi veltan dregist mikið saman í fyrra og nú, í byrjun árs 2012, sé hún á svipuðum slóðum og hún var um mitt ár 2009. Þetta sé samhlíða þróun annarra flutningsfyrirtækja í Evrópu.

„Þótt útlitið til skemmri tíma sé ekki bjart á helstu mörkuðum Evrópu um þessar mundir þá er gang-

“

Við munum skoða vel þau tækifæri sem skapast á mörkuðum á næstu misserum með það fyrir augum að fjárfesta frekar í skipum.



Ásbjörn hóf störf hjá Samskipum í byrjun árs 1996 og hefur því starfað hjá félaginu í 16 ár. Þar af starfaði hann fyrir félagið í Hollandi og Þýskalandi á árunum 2000-2005. Ásbjörn var ráðinn forstjóri árið 2003 og fluttist árið 2005 aftur heim til Íslands.

VB MYND/BIG

urinn góður hjá okkur,“ segir Ásbjörn.

Fjárfesta í nýjum skipum

Samskip fjárfestu á fyrri hluta árs 2011 í tveimur nýjum gámaskipum sem byggð eru af hollenska félaginu Damen. Skipin eru með um 800 gámaeininga flutningsgetu og eru um 140 metra löng. Fjárfestingin hljómar upp á um fimm milljarða króna, en hér er um að ræða fyrstu fjárfestingu félagsins í gámaskipum í langan tíma. Skipin verða í siglingum á milli Hollands

og Englands og á milli Hollands og Írlands.

„Samskip þekkja vel til þessarar gerðar skipa. Við höfum verið með nokkur systurskip þessara skipa í rekstri á undanfönum árum, en þau voru upphaflega hönnuð fyrir okkur. Reynsla af þessu skipum hefur verið mjög góð,“ segir Ásbjörn.

Nánar aðspurður um skipakaup segir Ásbjörn að nú þegar tímarnir eru snúnir myndist kaup tækifæri í skipum og að félagið ætli sér að nýta sér það. Þá hafi leiguverð á skipum einnig sveiflast mjög mik-

ið, en það náði hæstu hæðum á árunum 2005-2007, en lækkaði svo gríðarlega seinni hluta árs 2008 og hélst lágt allt árið 2009, en fór svo hækkandi fram á vormánuði 2011.

„Við munum skoða vel þau tækifæri sem skapast á mörkuðum á næstu misserum með það fyrir augum að fjárfesta frekar í skipum,“ segir Ásbjörn.

En minnkar það ekkert sveigjanleikann sem þú minntist sjálfur á áðan?

„Við erum með 10 gámaskip í

Þegar þú talar um að horfa fram í tímann og skoða tækifærin koma aukin umsvif á Norðurslóðum meðal annars upp í hugann. Er það eitthvað sem þið bindið vonir við?

„Við sem þjóð eigum að fylgjast vel með og horfa vel fram á við inn í framtíðina. Við eigum að skoða hvaða möguleikar eru í boði og það er allt útlit fyrir að það verði mikil uppbygging í kringum okkur ef fer sem horfir,“ segir Ásbjörn.

„Þannig má nefna olíuleit á Dreka-svæðinu, uppbyggingu á Grænlandi

og auknar siglingar um Norðurslóðir. Þetta eru lengri tíma verkefni, en ákaflega mikilvægt fyrir okkur sem fyrirtæki að þetta sé vel ígrundað, sem og fyrir samfélagið í heild. Það mun margt gerast á næstu einum til tveimur áratugum hér hjá okkur, en þetta er langhlaup.“

rekstrinum og það breytir ekki öllu þótt bætt sé við eignarhaldi á tveimur skipum í flotann,“ segir Ásbjörn. „Við munum eftir sem áður hafa sveigjanleika til að breyta og bregðast við breyttum aðstæðum. Skipaverð er mjög lágt um þessar mundir, og það felast í því mikil tækifæri að festa kaup á góðum skipakosti sem fellur vel að flutningakerfum félagsins til lengri tíma. Það er fyrirsjáanlegt að það verði ekki mikill vöxtur í flutningageiranum hér á landi á næsta ári eða tveimur, en þegar fram líða stundir munu ýmis áhugaverð tækifæri skapast hér á okkar slóðum. En við höfum fulla trú á því að við getum aukið umsvif okkar í Evrópu. Við teljum að núverandi vandi í Evrópu sé ekki varanlegur og að á næstu árum verði aukning í fraktflutningum. Um leið og fraktumferð fór að aukast aftur árið 2010 fóru mörg af stærri skipafélögum að panta stærri og öflugri skip en áður hafa þekkt, og í röðum. Skipin verða afhent á næstu misserum og eiga eftir að breyta umhverfinu í þessum rekstri. Þessi stóru skip sigla á milli stóra hafna, á milli Evrópu, Asíu og S- og N-Ameríku. Það verður alltaf vaxandi þörf fyrir millilandaflutninga á styttri leiðum, s.s. á milli Íslands og Evrópu og innan Evrópu“

Betri lánakjör fyrir Samskip

Eins og fram kom í upphafi er fjórðungur af veltu félagsins tengdur íslenskrí starfsemi. Aðspurður um ganginn hér heima segir Ásbjörn starfsemina á Íslandi skipta miklu máli og vera eina af grunnstöðunum í starfsemi félagsins.

„Auðvitað hefði maður viljað sjá endurreisnina ganga hraðar fyrir sig, en aðstæður eru snúnar, ekki einungis hér, heldur um allan heim, og það verður verðugt verkefni að laða hingað erlendar fjárfestingar. Það hefur margsýnt sig að um leið og fjárfesting eykst þá eykst almenn neysla í kjölfarið. Um leið og hagerfið fer af stað þá eykst innflutningur til landsins,“ segir Ásbjörn.

Skiptir gjaldmiðillinn einhverju máli í rekstri sem þessum?

„Það skiptir okkur ekki öllu máli hvaða gjaldmiðill er notaður hér á landi, en það gefur augaleið að við gerum upp í þeim gjaldmiðli sem

Gott uppgjör á Íslandi árið 2010

Eins og fram kemur hér á síðunni er Samskip í um 90% eigu SMT (Samskip Management Team) Partners, sem síðan er að mestu í eigu Ólafs Ólafssonar. Félagið, sem stofnað var í júní 2010, er með aðsetur í Hollandi. Aðrir eigendur SMT eru Ásbjörn Gíslason, Kristinn Albertsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Hjörleifur Jakobsson, stjórnarformaður Samskipa hf., og Jens Holger Nielsen, forstjóri Samskipa í Hollandi.

Samkvæmt ársreikningi Samskipa hf. (sem er rekstur Samskipa á Íslandi sem fyrr segir) nam hagnaður félagsins árið 2010 um 6,2 milljónum evra, eða tæpum 1 milljarði króna á núverandi gengi, samanborið við tap upp á 2,1 milljón evra árið 2009. Tekjur félagsins árið 2010 jukust um 8,5 milljónir evra á milli ára. Þá námu eignir félagsins um 52,5 milljónum evra í árslok 2010. Undir Samskip hf. á Íslandi heyrna Landflutningar og Jónar Transport auk þess sem félagið á 60% hlut í Póstmarkaðnum ehf. Þá rekur félagið stóra vörumiðstöð í Reykjavík. Eins og gefur að skilja liggur ársreikningur fyrir árið 2011 ekki fyrir.



„Við sem þjóð eigum að fylgjast vel með og horfa vel fram á við inn í framtíðina. Við eigum að skoða hvaða möguleikar eru í boði og allt útlit er fyrir að það verði mikil uppbygging í kringum okkur ef fer sem horfir.“

“
Við fengum mjög samkeppnishæf lánakjör, betri en við heyrum oftast af hér á landi, í því hlýtur að felast góð trú á félaginu.

stærsti hluti starfseminnar er í, sem er evra,” segir Ásbjörn.
Þið eruð stórir í þessum geira í Evrópu og væntanlega vita flestir hvaðan þið komið. Hvernig skynjar þú viðhorfið til Íslendinga svona almennt?
„Móðurfélag samstæðunnar er í Hollandi, en það eru Íslendingar sem eiga félagið. Við höfum þann brag að vera íslenskt félag og það er bara jákvætt. Stjórnendateymi félagsins er fjölþjóðlegt, en ræturn-

ar eru íslenskar, og menn kynna félagið sem íslenskt félag og eru stoltir af,” segir Ásbjörn.
„Við vorum að tala um skipakaup áðan, þessi kaup voru blanda af eiginfjárframlagi og lánum frá þýskum banka. Við fengum mjög samkeppnishæf lánakjör, betri en við heyrum oftast af hér á landi, í því hlýtur að felast góð trú á félaginu. Það hefur svo margt átt sér stað í Evrópu þannig að ég held að viðhorfið til Íslendinga sé ekki slæmt. Icesave fór þó illa með okkur Íslendinga, en við í Samskipum erum með mikla starfsemi í Hollandi og urðum vör við miklar umræður um Icesave þar. Holland er um 17 milljóna samfélag og margir einstaklingar voru í vafa með sparifé sitt. Fólkið fékk peningana sína til baka en um tíma ríkti nokkur óvissa.“
Verður ekki skráð á markað
Samskip voru áður í meirihluta-eigu Kjalar, eignarhaldsfélags sem síðan var í meirihluta-eigu Ólafs Ólafssonar. Viðskiptablaðið greindi frá því í upphafi árs 2010 að Ólafur hefði náð samningum við helstu viðskiptabanka Kjalar, hollenska bankann Fortis og Ar-

ion banka. Í framhaldinu eignaðist SMT Partners, félag í eigu Ólafs og helstu stjórnenda Samskipa, um 90% hlut í Samskipum með því að leggja félaginu til aukið hlutafé.
Blaðamaður veltir því upp og spyr hvort neikvæð umfjöllun og mögulega viðhorf til Ólafs hafi haft truflandi áhrif á félagið. Ásbjörn svarar því til að félaginu vegni vel, bæði hér á landi sem erlendis.
„Ólafur kom að félaginu fyrir tæpum tuttugu árum, fyrst sem forstjóri og síðar sem stjórnarfor-

maður. Hann tók við félaginu í snúinni stöðu á mjög erfiðum tímum og lagði grunninn að því félagi sem Samskip eru í dag,” segir Ásbjörn.
„Hann hefur alla tíð stutt vel við bakið á okkur stjórnendum við uppbyggingu á félaginu og hefur jafnframt mjög viðamikla þekkingu á flutningageiranum. Það hefur reynst félaginu mjög farsælt að það er mikið til sami hópurinn sem hefur starfað hjá félaginu í langan tíma, hvort sem um er að ræða eigendur, stjórnendur eða almenna starfsmenn. Þetta er samhentur hópur sem hefur náð góðum árangri. Reksturinn hefur verið stöðugur og lítið um breytingar, við erum enn að fylgja eftir þeirri stefnu sem lagt var af stað með uppúr síðustu aldamótum.“
Nú stefnir helsti samkeppnisaðili ykkar hér heima, Eimskip, að skráningu á markað á ný. Hefur komið til greina að skrá Samskip á markað?
„Samskip myndu sóma sér vel á hlutabréfamarkaði á komandi árum, en það er ekkert verið að ígrunda slíkt, okkur líður vel með félagið eins og það er,” segir Ásbjörn.

Stærstur hluti rekstursins í Evrópu

Samskip hf. er dótturfélag Samskip B.V. sem skrásett er í Hollandi. Undir Samskip B.V. heyra fjölmörg dótturfélög, sem sérhæfa sig í flutningakerfum sem byggja á lestum, skipum og landflutningum. Fyrir utan það að reka skipaflutninga til og frá Íslandi rekur félagið 4 skip í siglingum milli meginlands Evrópu og Bretlands, 3 skip í siglingum á milli meginlands Evrópu og Írlands, 2 skip í siglingum á milli meginlands Evrópu og Noregs og 1 skip í siglingum á milli meginlands Evrópu og Spánar. Í sumum tilvikum eru þessar skipaleiðir reknar í samstarfi við aðra.

Þá keypti samstæðan fyrir nokkrum árum lestaflutningafyrirtækið Samskip van Dieren sem flytur vörur frá Herna í Þýskalandi út um alla Evrópu og til Skandinavíu, og frystigeymslufyrirtækið frigoCare sem meðal annars rekur frystigeymslur í Noregi og Hollandi.

Þá á félagið 50% hlut í norska félaginu Silver Sea sem sérhæfir sig í rekstri frystiskipa. Félagið sameinaði krafta sína öðru norsku félagi, Green Reefers, um rekstur frystiskipa félaganna sem sinnir flutningum í Norður-Atlantshafi, undir merkjum sameinaðs félags sem heitir Silver Green As. Sameinað félag rekur 16 frystiskip - og flytur stóran hluta alls þess frysta uppsjávarfisks sem framleiddur er í Noregi, Hjaltlandseyjum, Íslandi, Færeyjum og víðar, sem er verulegt magn.

Einfaldlega öruggt



Örugg afritun fyrir fyrirtæki

- ISO 27001 vottuð gagnaver
- Dell enterprise búnaður
- Afritanir undir stöðugu eftirliti
- Vöktun og þjónusta allan sólarhringinn



www.oruggafritun.is

Einföld verðskrá, **enginn** dulinn kostnaður.
Þú borgar **aðeins** fyrir það sem þú notar!



ÖRUGG AFRITUN ehf

Skógarhlíð 22 | 105 Reykjavík | Sími: 588 6644



Að fara eða vera?

Það eru skiptar skoðanir um ágæti þess að „fara“ af tónleikum/leiksýningum/listviðburðum áður en þeim er formlega lokið, hvort fólk eigi eða megi yfir höfuð stinga af úr salnum. Sumum finnst þetta svo helber dónaskapur að það er alls ekki til umræðu – aðrir líta svo á að það sé sjálfsagður réttur gesta að sitja ekki undir einhverju sem þeir hafa ekki smekk fyrir.

Þetta er alls ekki svo einfalt mál en almennt hallast ég að seinna sjónarmiðinu. Ekki síst vegna þess að ég þekki of margt fólk sem hreinlega fer ekki lengur á viðburði vegna þess að fyrir einhverjum árum sá það eða heyrði eitthvað sem því hugnaðist ekki og sat undir því of lengi. Og mögulega síðast þá inn í kollinn á einhverjum að viðkomandi vildi aldrei lenda í þeirri aðstöðu frammar (að engjast innilokaðir í leiðindum og sjálfsvorkunn). Það er mikil synd, ekki síst fyrir fólk sem skiljanlega fer þá á mis við ýmislegt frábært á menningarsviðinu. Þá vil ég heldur að fólk

standi upp og fari. Við erum enda öll með mismunandi smekk.

Þegar kemur að þeirri ákvörðun að fara eða vera eru þrjú

grundvallaratriði sem skipta mestu. 1) Staðsetning í salnum. Ertu á efsta bekk á svölum eða inni í miðjum sal – getur þú látið þig hverfa án þess að trufla 60% hinna gestanna? 2) Þekkir þú einhvern í salnum eða á sviðinu sem mun spyrja þig út í upplifun þína eða mögulegt brottthvarf? Og ef svo er ertu þá tilbúin/n að segja sannleikann eða þarftu að skálda upp einhverja skýringu? 3) Er líklegt að viðburðurinn taki aðra stefnu og verði skemmtilegri þegar á líður? Síðan þarf hver vitanlega að taka ákvörðun fyrir sig og einfaldlega standa með henni.

Fyrir fólk sem býr við lágt leiðindapól á menningarviðburðum legg ég til að það varni skáðlegri upplifun og ónýtu kvöldi með því að kanna ávallt BSB áður en lagt er í hann, þ.e. hvenær er þetta BÚÍÐ, hversu þægilegir eru STÓLARNIR og síðast en ekki síst ... er BAR á svæðinu? ■

Ferðalag aftur í tímann

4/5


Kvikmyndin **Tinker, Tailor, Soldier, Spy** sem gerð er eftir samnefndri bók **John Le Carré**, er stórkostlega skemmtileg mynd, eins og við er að búast þegar **Gary Oldman** og **Colin Firth** leika aðalhlutverkin. Það sem gerir myndina skemmtilegri en ella er að stemningin er mjög í anda áttunda áratugarins, sem er sögusviðið. Gangurinn er hægari en gengur og gerist í nútímakvikmyndum sem er einnig skemmtileg tilbreyting. Ómissandi fyrir áhugamenn um köld stríð og njósnara.



Stórkostlegt vísindagrín

4/5

Allir þurfa á því að halda reglulega að léttu sér lund með einhverjum hætti, þó ekki sé nema í örstutta stund. Fáar teiknimyndaseríur eru betur til þess fallnar en bandaríska vísinda- og nördaserían **XKCD** (www.xkcd.com). Höfundurinn, Randall Munroe, segir umfjöllunarefnið vera rómantik, kaldhæðni, stærðfræði og tungumál, en hver mynd er sjálfstæð – ekki er um samfellda sögu að ræða.



Hlutverkaspil Gömlu viðskiptavinirnir látnir flakka af Wizards of The Coast

Varan gefin frjáls og kúnnar hunsaðir

Margt getur farið úrskeiðis þegar fyrirtæki reynir að vinna aftur fyrir frægð, en fá hafa unnið jafn illa úr sínum málum og Wizards of The Coast.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Það er erfitt fyrir hvaða rótgróna fyrirtæki sem er að finna út hvað á að gera þegar eftirspurn eftir framleiðsluvörðunni fer dalandi. Svo lengi sem engin tæknibylting hefur orðið sem gerir vöruna úrelta – það var fátt sem gat bjarg-



Viðskiptavinir Wizards of The Coast eru ekki eins og fólk er flest, en mikið þarf til að þeir yfirgefi leikjafyrirtæki.

að svipuframleiðendum eftir tilkomu fólksbílsins – þá verður fyrirtækið að finna leið til að laða að nýja viðskiptavinum.

Fyrirtækið Wizards of The Coast var í sérstaklega erfiðri aðstöðu árið 2007 þegar fjórða útgáfa af hlutverkaspilinu marg-

fræga Dungeons & Dragons kom út. Þriðja útgáfan var þá sjö ára gömul og hafði reynst gríðarlega vinsæl. Var hún reyndar svo vinsæl að hún leiddi til endurvakningar í hlutverkaspilageiranum, sem lengi hafði verið að deyja hægum dauðdaga. Árið 2007 var staðan hins vegar farin að versna og var ætlunin að gera nýju útgáfunna einfaldari og aðgengilegri en þær fyrri.

Wizards of The Coast rann hins vegar aldeilis á rassinn með þessa útgáfu, sérstaklega hvað varðar gömlu viðskiptavinina, en erfitt er að segja til um hvernig gekk að laða að nýja. Alltént tókst fyrirtækinu ekki að selja eins margar bækur og vonast hafði verið til.

Vandinn liggur hins vegar í ákvörðun sem tekin var árið 2000. Þá var Linux það heitasta af öllu heitu og stjórnendurnir virðast hafa viljað næla sér í eitthvað af þessu „open-source“ dóti án þess að skilja það almennilega. Alltént voru reglurnar gefnar frjálssar, sem þýddi að hver sem er gat skrifað og gefið út aukabækur fyrir hlutverkspilið án þess að Wizards of The Coast fengi að sjá eitt rautt sent af andvirðinu. Planið var að með þessu væri markaðurinn víkkaður svo fleiri myndu kaupa reglubækurnar sjálfar.

Þegar fjórða útgáfan kom út var því til umhverfi sem gerði þeim það mögulegt að halda áfram að spila þriðju útgáfuna af Dungeons & Dragons án þess að þurfa að

Vilja ekki viðurkenna mistök

Þegar fjórða útgáfan af **Dungeons & Dragons** kom út vildi fyrirtækið ekki viðurkenna að gerð hefðu verið mistök árið 2000 með því að gefa þriðju útgáfuna frjálssa. Af þessum sökum geta aðrir útgefendur fræðilega séð gefið út bækur fyrir nýju útgáfuna, en skilyrðin eru mun þrengri en áður. Í raun áskilur **Wizards of The Coast** sér rétt til að hafna tilteknum bókum. Þetta þykir mörgum útgefendum óásættanlegt og því ætla sá stærsti þeirra að halda áfram að gefa út bækur fyrir þriðju útgáfuna en láta þá fjórðu vera.

greiða fyrirtækinu fyrir það. Annar útgefandi hélt áfram að gefa út reglubækurnar undir öðru nafni og fékk fyrrum listamenn frá Wizards of The Coast til að myndskreyta þær.

Með þessum tveimur ákvörðunum, annars vegar að gefa afurðina sjálfa frjálssa og með því að hunsa núverandi viðskiptavinum í örvæntingarfullri leit að nýjum viðskiptavinum, tókst Wizards of The Coast að tapa stórfé.



KLASSÍK - RITHÖFUNDURINN WILLIAM HEINESEN

Heinesen og eyjarnar átján

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
ago@vb.is

Í þessum pistli ætla ég ekki að mæla með einni einstakri bók heldur heilu höfundarverki sem er vel þess virði að sökkva sér ofan í, ekki síst ef menn eru dálitlir útkjálkamennt í sér eins og ég. Það hefur meðal annars birst í eins konar „fetish“ hjá mér að sækja í af-skekktu og fámenna staði, helst eyjasamfélög þar sem lífið eins og stendur í stað. Þessi áráttu hefur meðal annars dregið mig til Orkneyja og Hjaltlands og síðast en ekki síst oftar en einu sinni til Færeyja og er svo komið að þær eru að verða fáar eyjarnar þar sem ég hef ekki komið.

Ein helsta ástæða þess að ég tók upp á því að fara til Færeyja í utanlandsferðum




mínun var að einhvern tíma um tvítugt tók ég að lesa einhverja af skáldsögum færeyska rithöfundarins William Heinesen (1900-1991), kannski var það Vonin blíð eða einhver önnur sagna hans. Það má einu gilda en niðurstaðan var sú að ég sökkkti mér ofan í sögur Heinesen og heillaðist af skáldskap hans. Heinesen skrifaði reyndar á dönsku en langflestar bækur hans eru til í íslenskrri þýðingu, flestar í afbragðspýðingu Þorgeirs Þorgeirssonar.

Haldi maður að skáldskapurinn og veruleikinn sé úti í hinum „stóra heimi“ er það á algerum misskilningi byggt og þetta verður öllum ljóst sem lesa Heinesen sem kallaði

Þórshöfn í Færeyjum nafna alheimsins; Færeyjar eru algerlega heillandi samfélag í þrengslum sínum, fámenni og sérkennum og það var því eins og opinberun að koma loksins þangað eftir botnlausan lestur á Heinesen. Og fyrir þá sem vilja ganga enn lengra er líka til heillandi ferðasaga frá því líklega á sjöunda áratugnum eftir Hannes Pétursson sem ber titilinn Eyjarnar átján þar sem Hannes lýsir ferðalagi og dvöl sinni í eyjunum. Og enn fyllist hjarta mitt gleði þegar ég kem til Þórshafnar, „höfuðborgar“ Færeyja sem er ekki komin lengra í þroskanum og framþróuninni en að þar er enn leyfilegt að halda sauðfé innan bæjarmarkanna.

Hlutfall auglýsingatekna einstakra gerða fjölmiðla



TÖLFRÆÐI FJÖLMIÐLA

Kyrr kjör

Þegar horft er aftur til ársins 1996 hefur skipting auglýsingatekna fjölmiðla verið furðustöðug, þó vissulega megigreina ákveðna sveiflu.

Um aldamótin sóttu sjónvarpsstöðvarnar mjög í sig veðrið, en eftir að Bausmenn eignuðust Fréttablaðið sótti hlutfallslega aftur í fyrra horf, enda nær allar tekjur Fréttablaðsins af auglýsingasölu. Rétt er þó að hafa í huga að krónutalan til sjónvarpsstöðvanna lækkaði ekki fyrir vik-

ið, þó hlutur þeirra í heildarkökunni hafi minnkað, hún stækkaði mikið á þessum árum.

Eftir hrun bæta sjónvarpstöðvarnar aftur við sig, en ekki síður eru það þó útvarpsstöðvarnar, sem hafa á ný bætt stöðu sína verulega.

TOPP 10		
Viðmælendur á ljósvaka		
Vikan 11.1.2012 - 17.1.2012		
1	Steingrímur J. Sigfússon	—
2	Ögmundur Jónasson	—
3	Guðriður Arnardóttir	—
4	Jóhanna Sigurðardóttir	—
5	Jón Gíslason	—
6	Ásta R. Jóhannesdóttir	—
7	Baltasar Kormákur Baltasarsson	—
8	Bjarni Benediktsson	—
9	Anton Helgason	—
10	Ármann Kr. Ólafsson	—

EFST Á BAUGI

FJÖLMIÐLAVAKTIN



Alger umskipti eru á viðmælendalistanum, en það er ekki síst vegna góðkunningja, sem voru illa fjarri góðu gamni í síðustu viku. Að viðbættum stjórnmálaleiðtogum Kópavogs, auðvitað.

HEIMILD: FJÖLMIÐLAVAKT CREDITINFO.

TOPP 10	
Umfjöllunarefni fjölmiðla	
Vikan 11.1.2012 - 17.1.2012	
1	Samfylkingin 1
2	Alþingi 3
3	Vinstrih. - Grænt framboð 2
4	Sjálfstæðisflokkurinn 10
5	Forsætisráðuneyti —
6	Reykjavíkurborg 4
7	Lögreglustj. á höfuðborgarsv. 5
8	Innanríkisráðuneytið —
9	Háskóli Íslands —
10	Landspítali 6

FJÖLMIÐLAR

Var einhver að deyja í dag?

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON



Það er líklega rétt í þessum pistli að rýna kannski aðeins í eigin barm, eða kannski rann, í stað þess að leita langt yfir skammt. Umfjöllunarefnið verður því skrif um viðskipti og fjármál og þar með gagnrýni á sjálfan sig og aðra sem starfa við það að upplýsa lesendur um það sem gerist í viðskipta- og atvinnulífinu. Byrjum fyrst á staðhæfingu: það verður seint sagt um íslensk viðskipta-skrif að þau einkennist af léttum eða litríkum texta þar sem stöku sinni er brugðið á leik, gripið til óvæntra líkinga eða slegið á léttastrengi. Íslensk viðskiptaumfjöllun er þvert á móti yfirleitt fremur þurr og leiðinleg og fyrir því virðist vera sterk hefð sem Morgunblaðið kann mögulega að eiga einhverja sök á. Og það getur reynst erfitt að brjóta hefðir. Sjálfur hef ég skrifað fjölda greina sem eru svo þurrar og leiðinlegar að ég hef ekki einu sinni nennt að lesa þær sjálfur. Sumir þurrustu langhundarnir sem ég (og mögulega



aðrir) hef skrifað hafa verið þess eðlis að líma hefði átt örlitinn plastpoka á síðuna með geðdeyfðarpillu fyrir þá lesendur að gleypa sem villtust til að fara að lesa þá. Þetta er merkilegt, bæði þegar horft er til þess að Íslendingar eru almennt séð ekki húmorslaus þjóð, en líka þegar horft er til viðskiptaumfjöllunar í erlendum fjölmiðlum, t.d. enskum eða dönskum, sem er oftast miklu frísklegri og léttari en sú íslenska. En að vísu líka stundum allmikið óvandaðri, svo öllu sé nú til skila haldið.

Þegar uppgangur íslenskra fyrirtækja var sem mestur erlendis var ég stundum fenginn til þess að skrifa eitthvert bull (eftir á að hyggja) um þau í danska viðskiptablaðið Børsen. Það segir kannski sína sögu um íslensku hefðina í viðskiptaskrifum að þegar ég skil- aði greinum hringdi vaktstjórinn stundum í mig og spurði mig eiginlega alltaf sömu spurningar: var einhver í fjölskyldunni þinni að deyja í dag?

Höfundur er blaðamaður.

FJÖLMIÐLARÝNI

ANDRÉS MAGNÚSSON
andres@vb.is



Íslandi salt!

Það hefur sjálfsagt fáa órað fyrir því síðastliðið föstudagskvöld að önnur frétt í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins um notkun á „iðnaðarsalti“ í matvælaíðnaði myndi nánast leggja landið undir sig. Um stund virtist hrunið sem hjóm eitt hjá þessu reginhneyksli Íslandssögunnar, enda mátti það helst misskilja af fjölmiðlum, að frelsa skyldi Geir H. Haarde en draga matsveininn snjalla, Jóa Fel, fyrir Landsdóm.

★ ★ ★

Til þess að átta sig örlítið á samhenginu, er gaman að segja frá því að orðið „iðnaðarsalt“ virðist aldrei hafa sést eða heyrst í íslenskum fjölmiðli fyrr en þarna á föstudag. Á næstu fimm dögum 93 fréttir í almennum íslenskum fréttamiðlum, þar sem orðið kom fyrir!

★ ★ ★

Það var merkilegt að fylgjast með því hvernig saltfréttir þessar undu ört upp á sig. Samt var það ekki þannig að fjöldi manns lægi í valnum. Eða að fjölmiðlar hefðu getað skýrt almennilega muninn á iðnaðarsalti (NaCl) og borðsalti (NaCl) eða hvers vegna sérstakri hættu stafaði af því. Kannski var það einmitt þessi ókunnugleiki, bæði fjölmiðlamanna og almennings, sem gerði það mögulegt að saltfréttirnar náðu þessum ótrúlegu hæðum.

Að ekki sé minnst á ályktanirnar, sem sumir drógu. Þingmaður nokkur taldi þetta órækt dæmi um að Ísland væri þvílíkt „bananalýðveldi“ að réttast væri að fara kambóðisku leiðina við endurreisnina, en annar þingmaður var þess fullviss að málið væri „krataáróður“ til þess fallið að kasta rýrð á mataræði formanns Framsóknarflokksins. Eða eitthvað þannig.

Annars staðar var þess krafist að upplýst væri um kaupendur iðnaðarsaltsinsogvoruáskoraniruppi um að þau fyrirtæki skyldu skipulega sniðgengin af neytendum, en Bubbi Morthens mun í mótmælaskyni ekki ætla að fá sér jólaöl það sem eftir er. Þá upphófust furðulegar vangaveltur um hvort þungmálmar kynnu að leynast í iðnaðarsaltinu illa, en Eyjan var svo hjálpleg að upplýsa, að iðnaðarsalt væri meðal annars notað í olíuiðnaði, í kjarnorkuverum og ámóta. Af hverju bætti hún ekki djöfladýrkun og barnaáti við?

Iðnaðarsalt er salt, sem ekki hefur hlotið vottun sem matarsalt, en er manninum ekki skeinuhættara en annað salt.

Hér skal ekki lítið gert úr því að auðvitað eiga matvælafyrirtæki að nota hráefni ætlað til manneldis, en það er fullkomlega óskiljanlegt hvernig þessi litla neytendafrétt tók allt í einu öllu öðru fram, í öllum

miðlum. Eftirþvísemnæstverðurkomistmá leitaupprunans tilrígs milliopinberra eftirlitsstofnana, Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar. Hvílk örlög þegar slík apparöt hafa það þarflegast að hafa þjóðina að fifli og allt í boði fjórðu stéttarinnar.

★ ★ ★

Ríkisútvarpið hafði ekki sagt skilið við matvælaíðnaðinn með iðnaðarsaltsfregninni á föstudagskvöld. Seinna um kvöldið var nefnilega sagt frá þeirri stórfrétt að hamborgarakeðjan McDonalds hefði hug á því að opna 10 veitingastaði á Íslandi, en skýrari teikn um að kreppan sé á enda má vart hugsa sér. Vonandi hafa hamborgarahyggjumenn og Hrannar þó ekki teygð kampavínið í botn, því þessi frétt var ekki sönn.

Fréttastofa RÚV hafði veftimaritið Vol fyrir fréttinni, en virðist ekki hafa gert minnstu tilraun til þess að staðreyna fréttina, sem sannast sagna er með nokkrum ólíkindablæ. Frumheimildin — ef nota má það orð — var óvart grínfréttavefur. Þarna virðist RÚV hafa yfirsést nokkur grundvallaratriði fréttamennsku, eins og t.d. að notast ævinlega við tvær sjálfstæðar heimildir. Eða að kanna heimildakeðjuna ef frumheimild er ekki til að dreifa. Nú eða að spyrja málsaðila, eins og hefði átt að blasa við í þessu tilviki. McDonalds er skráð á hlutabréfamarkað, hefur ríka upplýsingaskyldu og hefur urmúl almannatengla á sínum snærum, sem biða við símana eftir að RÚV hringi.

★ ★ ★

Meðal helstu fréttu áður en salthraukurinn hrundi yfir þjóðina var ófærð í höfuðstaðnum og andvaraleysi og áhugaleysi borgaryfirvaldaáhennni. Borgarstjóri sætti nokkru ámaeli borgaranna fyrir vikið, svo miklu raunar að borgin brást loks við og tilkynnti að ef menn endilega vildu gætu þeir svo sem sótt sér salt í hverfamiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Iðnaðarsalt, treystir maður.

★ ★ ★

Á mánudagskvöld bar það til að olíuflutningabilstjóra varð hált á svellinu í Hestfirði við Djúp og fór mikið eldsneyti úr geymi, svo af stafaði sprengihætta í bráð og umhverfisskaði í lengd. Af þessu sögðu fjölmiðlar þegar fjörmiklar fréttir, jafnvel dramatískar. Allir nema einn. Vefmiðillinn Vísir frétti ekki af þessu fyrr en morguninn eftir og sagði þá litla frétt, sem virtist soðin upp úr fréttum annara miðla. Og við, sem héldum að alnetið svæfi aldrei!

Á RÚNTINUM



RÓBERT RÓBERTSSON

Bílasala eykst og byrjunin á árinu lofar góðu

Íslendingar virðast vera að taka aðeins við sér á nýjan leik hvað varðar kaup á nýjum bílum. Allavega sýna sölutölur jákvæða þróun eftir afar mögur undanfarin ár.

Nýskráningar nýrra fólksbíla á árinu 2011 voru alls 5045 talsins. Aukningin frá árinu 2010 var 62% en þá voru nýskráðir 3106 bílar. Alls keyptu einstaklingar 2547 nýja bíla 2011 sem er 101% hækkun á milli ára en aðrir nýir bílar voru seldir til bíla-leiga. Öll átta bílaumboð landsins seldu fleiri bíla en árið á undan. Toyota var með flesta fólksbíla nýskráða á árinu eða samtals 778 bíla sem gerir 15,4% markaðshlutdeild. Í öðru sæti var Volkswagen með 615 bíla eða 12,2% markaðshlutdeild og í þriðja sæti var Suzuki með 516 bíla eða 10,2% markaðshlutdeild.

Sölutölur fyrir fyrstu viku ársins gefa fögur fyrirheit en þá voru 198 bílar nýskráðir samanborið við 119 bíla eftir jafnmarga daga í fyrra en það er 66,39% fjölgun milli ára. Af þessum 198 nýju bílum í janúar voru 77 jeppar. Skýrist það væntanlega eitthvað af óvenju snjópungum vetri þar sem margir hafa átt erfitt með að komast leiðar sinnar jafnvel innanbæjar. Þá má geta þess að bílaumboðin frumsýna nú hvern nýja bílinn á fætur öðrum og um síðustu helgi voru fjögur stór umboð með sýningar. Mjög góð mæting var á þessar sýningar sem sýnir að fólk er að spá og spekulera í nýjum bílum meira en undanfarin ár.

Betur má ef duða skal

Þetta eru vissulega allt jákvæðar fréttir fyrir bílgreinina og ekki veitir af eftir hrúnið 2008. Sölutölur fóru hægt og bítandi upp árið 2010 eftir algert hrún í sölunni 2008 og 2009 og á síðasta ári jókst bílasala talsvert eins og ofangreindar tölur sýna. Til þess að eðlileg endurnýjun eigi sér stað á bílafloata landsmanna þyrftu nýskráningar að vera á bilinu 12-14.000 bílar á ári að sögn Ózurar Lárussonar, framkvæmdastjóra Bílgreina-sambandsins. Einhver ár eru þar til við uppfyllum þá þörf og á meðan eldist flotinn á götunni sem er ekki í takt við stefnu stjórnvalda um að draga úr losun koltvísýrings vegna umferðar þar sem gamlir bílar menga mun meira en nýir sem og Íslendingar verða eftirbátar hvað varðar öryggi í umferðinni.

Algengir jeppingar, eða sportjeppar eins og þeir eru oft kallaðir, hækkuðu um 200.000 kr. nú um síðustu áramót og stærri jeppar hækkuðu um 500.000 kr. Þessar hækkanir skýrast af skattastefnu stjórnvalda en stjórnvöld ákváðu að hækka vörugjöld þessara bíla sem reyndar hafa verið hvað vinsælastir hér á landi og uppfyllt þarfir flestra. Á næsta ári er svo fyrirhuguð enn meiri hækkun á gjöldum þessara bíla. ■

Nýr sportjeppi frá Subaru

Subaru mun kynna **XV** sportjeppann á árinu sem þykir bæði mjög laglegur og umhverfisvænn. CO2 útblásturinn er aðeins 153 g/km sem er mjög gott miðað við að bíllinn er með tveggja lítra bensínvél og auk þess sjálfskiptur og fjórhjóladrifinn. XV eyðir aðeins 6,6 lítrum að meðaltali á hundraðið samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda. Samkvæmt upplýsingum frá **IH & BL**, sem er umboðsaðili Subaru á Íslandi, mun XV sportjeppinn verða boðinn hér á landi með ríkulegum búnaði.



Ný kynslóð Hyundai i30

Ný kynslóð af **Hyundai i30** verður kynnt til leiks á næstu mánuðum. Talsverðar breytingar verða á bílnum í hönnun og útlitið fagaðra en áður. Þá verður nýja kynslóðin með nýrri 1,6 lítra dísilvél sem skilar 126 hestöflum. Þótt vélin sé stærri og kraftmeiri en í forveranum mun hún menga minna eða innan við 100 g/km sem er mjög góður árangur.



Bílar Reynoldsakstur á Toyota Land Cruiser 150 VX

Lætur ekkert stoppa sig

RÓBERT RÓBERTSSON

Það er ekki ofsögum sagt að Toyota Land Cruiser sé sannkallaður Íslandsvinur. Þessi stóri og stæðilegi jeppi hefur verið vinsælasti jeppi landsins undanfarin ár og gefur ekkert eftir í vinsældum sínum þótt efnahagsástandið sé enn undir meðallagi hér á landi. Alls seldust 213 Toyota Land Cruiser 150 jeppar á síðasta ári sem er ótrúlega góður árangur eða tæplega 5% miðað við heildartölu nýrra seldra bíla.

Land Cruiser hentar afar vel við íslenskar aðstæður. Hann er stór og mikill jeppi, traustur og með lága bilanatíðni. Land Cruiser er alvöru jeppi byggður á grind og með lágu drifi þannig að hann kemst í ýmsar torfærur sem margir keppinautar hans komast síður. Þetta hefur án efa ýtt mjög undir vinsældir Land Cruiser hér á landi. Það var sérstaklega gaman að reynsluaka jeppanum í þeim mikla snjó og ófærð sem verið hefur á höfuðborgarsvæðinu að undanförmu. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það en Land



Það hefur orðið mikil breyting á Land Cruiser á undanförmum árum og mikill búnaður og meiri íburður hefur verið settur í jeppann sem áður fyrr var nokkuð hrár.

unin mjög góð í þessum stóra bíl. Það fannst best á snjópungum og ójöfnum vegum þar sem aksturinn var samt furðu mjúkur. Vélin hefur verið eflað með nýrri og betrumbætti þriggja lítra dísilvél sem skilar 190 hestöflum og talsvert

meira togi en forverinn eða 420 NM sem er allgott. Vélin er öflug og dugmikil sem er reyndar nauðsynlegt fyrir svo stóran og mikinn bíl. Þarna liggur talsverður munur til hins betra miðað við fyrri útgáfur af bílnum. Vélarhljóðið er dálítið frá dísilvélinni en veghljóð er í lágmarki.

Eyðsla á sjálfskiptum dísilbíl í blönduðum akstri er 8,1 en í snjónum sem ekið var í var eyðslan eitt-hvað meiri eins og gefur að skilja.



Cruiser komst allt og fór létt með það, jafnvel á vegaslóðum rétt fyrir utan höfuðborgina sem voru sannarlega illfærir. Það reyndi á jeppann en hann stóðst prófaunina með stæl. Þar kom sér vel að hafa háa og lága drifið. Þetta er jeppi sem lætur ekkert stöðva sig jafnvel við erfiðustu akstursaðstæður.

Fjöðrunin sérstaklega góð

Aksturseiginleikarnir eru með ágætum og sérstaklega er fjöðr-

Koltvísýringslosunin er 217 g/km sem er þó nokkuð í dag en raunar ekkert óeðlilegt miðað við stærð og kraft jeppans. Það er feikilega mikið pláss innandyrá fyrir farþega og farangur. Þetta er stór-góður ferðabíll og stórfjölskyldan ætti að geta farið í gott ferðalag og tekið fullt af farangri án þess að hafa nokkrar áhyggjur. Öryggistilfinningin er mikil að sitja svo hátt í bíl og útsýnið er afbragðsgott. Það fer vel um ökumann og farþega enda eins og áður segir geysimikið pláss.

Vel útbúinn og með kraftalegar línur

Útlitslega séð finnst mér Land Crusier ágætlega hannaður. Hann er nokkuð stórgerður og með kraftmiklar línur sem fer honum vel. Toyota ættareinkennin leyna sér ekki í innréttingunni sem er frekar látlaus en allt er á sínum stað. Stýrið er mjög gott, þykkt og leðurklætt með öllum helstu aðgerðartökkum. Það hefur orðið mikil breyting á Land Cruiser á undanförmum árum og mikill búnaður og meiri íburður hefur verið settur í jeppann sem áður fyrr var nokkuð hrár. Hann er nú búinn ýmsum lúxusbúnaði sem keppinautar hans frá þýsku lúxusbílamerkjunum hafa hingað til verið þekktastir fyrir. Reynoldsakstursbíllinn var af gerðinni VX

og aukabúnaður í jeppanum var hið stórsniðuga Navi kerfi, sem er íslenskt leiðsögukerfi með öllu. Auk þess að vera leiðsögukerfi með íslenskum kortum þá er þetta aksturstölva, bakkmyndavél og snertiskjár fyrir hljómkerfi sem er fullkomið JBL kerfi með 14 há-tölurum. Þessi pakki er fáanlegur sér og kostar 970.000 kr. Þá voru einnig rafdrifin aukasæti sem kosta 530.000 kr.

Land Cruiser kemur í nokkrum útgáfum og munar þar talsvert á verði. Ódýrasta útgáfan er LX en hann er beinskíptur og kostar 9.840.000 kr. Vinsælustu útgáfurnar eru GX á 10.560.000 kr. og VX á 12.480.000 kr. Reynoldsakstursbíllinn kostar 13.980.000 kr. með öllu.

Toyota Land Cruiser 150 VX í stuttu máli:

Vélarstærð: 3,0 lítra dísilvél
Hestöfli: 190
Eyðsla: 8,2 lítrar í blönduðum akstri
Hröðun 0-100: 11,7 sekúndur
Hámarks hraði: 175 km
Hámarks tog: 420 Nm
Koltvísýringslosun: 217 g/km
Verð: 12.480.000 kr. (13.980.000 kr. með aukabúnaði)
Umboð: Toyota Ísland

BEOVISION 10



Beovision 10 er okkar þynnsti flatskjár til þessa. Tækið er útbúið nýjustu LED baklýsingu, sem gerir okkur kleift að hafa tækið þynnra, auk þess sem það notar minni orku en hefðbundnir LCD flatskjáir. Þrátt fyrir þunnan prófil Beovision 10 gefur það öðrum fjölskyldumeðlimum B&O ekkert eftir í hljóði, þar sem tækið er með innbyggða hágæða hátalara og magnara. Við þróuðum sérstakan hljóðgang í formi trompets til að ná fram bestu mögulegu hljóðgæðum út úr þessu magnaða tæki. Fæst með veggfestingu og á gólfstandi, 32", 40" og 46" allt eftir þínum óskum.

Komdu til okkar og upplifðu Beovision 10

BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík
Sími 581 1100 , reykjavik@beostores.com
www.bang-olufsen.is

Opnunartími verslunar 10:00 - 18:00 alla virka daga • 11:00 - 14:00 laugardaga



Tár, bros og hagfræði

Fátt er hagfræði óviðkomandi og er knattspyrnuhagfræði einhver skemmtilegasti útkjálki hennar. Í tuttuðu og tveimur ofurlaunuðum tuðru-spörkurum sjá sumir tækifæri til að greina mannlega hegðun.

Hagfræðingurinn þýski, **Thomas Dohmen** hefur meðal annars sýnt fram á að dómamar veita liðum sem spila á heimavelli án hlaupabrautar oftar vítaspyrnur en liðum sem leika á velli með slíkri braut. (**KSÍ** hefði mátt íhuga þetta áður en **Laugardalsvöllur** var endurbýggður.) Sá hinn sami hefur einnig fjallað um það að leikmenn sem spila á heimavelli eru líklegri til að klúðra vítaspyrnum en að heiman.

Dohmen ásamt öðrum, til að mynda spænsku hagfræðingunum **Apestegui**a og **Palacia-Huerta**, hafa glætt íþróttina nýju lífi á síðustu árum með því að kafa dýpra í tölfraðina en flestir blaða- og sjónvarps-



menn gera. Í ritum þeirra er ekki kveinað yfir ósamræmi í dómgæslu heldur er athugað hvort um sé að ræða kerfisbundin vandamál sem felast í umhverfi og regluverkinu sem knattspyrnan er spiluð innan.

Hinir tveir síðastnefndu sýndu fram á að einn mikilvægasti hlutinn í vítaspyrnukeppnum er að sigra hlutkestið svo að lið þitt taki fyrstu spyrnuna. Liðin sem hefja leik sigra nefnilega 60 prósent af öllum vítaspyrnukeppnum. Ekki nóg með það, lið sem hefja leik og skora úr sinni fyrstu spyrnu vinna um 67 prósent af öllum einvígum. Seinni spyrnur skipta einnig máli en það virðist hafa mikil áhrif á leikmenn hvort lið þeirra sé marki undir, yfir eða að staðan sé jöfn þegar spyrnan er tekin. Ekki furða að þeir hafi lagt til að vítaspyrnukeppnir séu framkvæmdar í anda tennisreglna. (ABBAABBAAB).

Margt í máli hagfræðinganna bendir til þess að ýmsir þættir á borð við stuðning og pressu á leikmenn og dómara verði þess valdandi að hafa áhrif á hvernig þeir standa sig. Áhrif sem skoda má í víðara samhengi, til að mynda á milli vinnuveitanda og starfsmanna þar sem jákvæður eða neikvæður þrýstingur á starfsfólk getur haft ófyrirséðar afleiðingar. Knattspyrnan er nefnilega ekkert grín. Nei, hún er rannsóknarstofan þar sem hagfræðingarnir velta því fyrir sér hvernig raunveruleikinn utan vallarins virkar. ■

Pacquiao tekur slaginn

Filippseyski boxarinn **Manny Pacquiao** hefur tekið áskorun **Floyd Mayweather** um bardaga. Boxararnir eru tveir af þeim stærstu í heiminum í dag. Líklegt er talið að bardaginn fari fram í maí. Enn á eftir að semja um kaup og kjör. Samkvæmt vefsíðu **BBC** er líklegast að þeir skipti tekjum af bardaganum á milli sín.



FIFA óttast um líf leikmanna

Chris Eaton, yfirmaður öryggismála Alþjóðaknattspyrnusambandsins **FIFA**, óttast að líf þeirra leikmanna sem blandast inn í ólöglega hagræðingu á úrslitum sé í hættu. Hann telur að stjórnvöld ríkja heimsins verði að vera vakandi fyrir vandamálinu, í ljósi gríðarlega hárra upphæða sem eru í spilinu. Hann segir enn fremur að sambandið hafi sannanir fyrir því að leikmenn hafi verið drepnir vegna ólöglegra viðskipta af þessu tagi.



Knattspyrna Arsène Wenger hefur þénað vel fyrir Arsenal

Peningamaskínan Wenger

Ef Arsène Wenger væri eitthvað annað en knattspyrnuþjálfari en hefði samt sömu möguleika á því að búa til peninga myndi hvaða yfirmaður sem er vilja fá hann í vinnu. Hann er eini knattspyrnustjórinn í ensku úrvalsdeildinni sem hefur í heildina hagnast af viðskiptum með leikmenn.

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Arsène Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur þénað vel fyrir félagið með sölu leikmanna samkvæmt nýrri úttekt tímaritsins Forbes. Frá því að Wenger tók við liðinu árið 1996 hefur félagið hagnast um 311 milljónir sterlingspunda á leikmannaviðskiptum og Wenger er eini knattspyrnustjórinn í bresku úrvalsdeildinni sem kemur út með hagnaði þegar horft er til viðskipta með leikmenn. Þannig hefur Arsenal undir stjórn Wengers hagnast að meðaltali um 20,7 milljónir punda árlega á leikmanna-kaupum og sölum.

Sá leikmaður sem fært hefur Arsenal mestan hagnað úr viðskiptum með leikmenn er Spánverjinn Cesc Fàbregas. Hann var keyptur frá Barcelona árið 2003, þá aðeins 16 ára gamall, fyrir 2,25 milljónir punda. Fàbregas varð yngsti leikmaður Arsenal frá upphafi til að spila með aðalliðinu, 16 ára og 177 daga gamall. Næstu ár á eftir átti hann eftir að gera garðinn frægan fyrir Arsenal eins og frægt er og sló hvert metið á fætur öðru hjá félaginu. Á árum sínum hjá Arsenal skoraði Fàbregas 57 mörk en á sama tíma átti hann 303 stoðsendingar. Hann var loks seldur aftur til Barcelona í fyrra fyrir 35 milljónir punda, þannig að félagið hagnaðist um 32,75 milljónir punda á nafnvirði.

Tók Vieire upp á armana

En það voru önnur viðskipti sem áttu eftir að koma sér vel fyrir Arsenal. Árið 1997 keypti Wenger Frakkann Nicolas Anelka frá Paris Saint fyrir 500 þúsund pund. Tveimur árum síðar var hann seldur til Real Madrid fyrir 23 milljónir punda. Fyrir hagnaðinn keypti Wenger þá Thierry Henry (sem Wenger hafði áður þjálfað hjá Monaco), Robert Pirès og Sylvain Wiltord auk þess sem félagið byggði nýjan æfingarvöll.



Arsène Wenger hefur fært Arsenal að meðaltali 20,7 milljónir punda í hagnað á ári hverju vegna leikmannaviðskipta.

MYND/ARSENAL

Níu bestu leikmannaviðskipti Arsène Wenger

Nafn	Keyptur frá	Verð:	Seldur til	Verð	Hagnaður
Cesc Fàbregas	Barcelona (2003)	2.25	Barcelona (2011)	35	32.75
Nicolas Anelka	Paris Saint-Germain (1997)	0.5	Real Madrid (1999)	23	22.5
Emmanuel Adebayor	Monaco (2006)	7	Manchester City (2009)	25	18
Marc Overmars	Ajax (1997)	7	Barcelona (2000)	25	18
Kolo Touré	ASEC Mimosas (2002)	0.15	Manchester City (2009)	16	15.85
Patrick Vieira	A.C. Milan (1996)	3.5	Juventus (2005)	13.7	10.2
Gaël Clichy	Cannes (2003)	0.25	Manchester City (2011)	7	6.75
Samir Nasri	Marseille árið (2008)	15.8	Manchester City (2011)	22	6.2
Thierry Henry	Juventus (1999)	10.5	Barcelona (2007)	16.1	5.6

Tölurnar eru í milljónum punda og ártöl viðskiptanna innan sviga.

Áður en Wenger tók við liðinu árið 1996 hafði hann óskað þess að félagið keypti franska miðvallarleikmanninn Patrick Vieira frá A.C. Milan fyrir 3,5 milljónir punda. Vieira átti eftir að verða einn besti leikmaðurinn í bresku úrvalsdeildinni en var loksins seldur til Juventus árið 2005 fyrir 13,7 milljónir punda eftir að ítalska félagið bauð í leikmanninn. Til gamans má geta þess að Fabio Capello var þjálfari A.C. Milan þegar Vieira var seldur til Arsenal. Margir eru eflaust búnir að gleyma því að Vieira hafði lítið fengið að spila hjá A.C. Milan og þótti í raun ekki líklegur til stórræða. Capello var síðan orðinn þjálfari Juventus árið 2005 og greiddi fyrrnefnda upphæð fyrir að fá hann þangað.

Þénar vel sjálfur

Í úttekt Forbes kemur þó fram að Arsenal hafi oft á tíðum greitt lægri laun en önnur félög. Það hefur eflaust átt hlut í því þegar Frakkinn Samir Nasri fór frá félaginu til Manchester City í fyrra. Arsenal hagnaðist þó um 22 milljónir punda á söl-

unni en þess utan fær Nasri mun betur greitt hjá City en hann gerði hjá Arsenal. Annar Frakki, Gaël Clichy, var einnig seldur til City í fyrra en hagnaður Arsenal var örlítið minni, 7 milljónir punda. Ef Wenger fer jafn vel með sína eigin peninga og hann

gerir með peninga liðsins ætti hann að vera vellauðugur maður. Tekjur hans nema um 6,5 milljónum punda á ári, eða tæpum 1.250 milljónum króna á núverandi gengi.



Tölvutækni Skipta út Lotus Notes fyrir Microsoft-lausrir

Icelandair Group semur við Skýrr

Icelandair Group hefur sam-
ið við Skýrr um innleiðingu á
Microsoft-heildarlausn fyrir
tölvupóst og hópvinnu, skjöl,
gæðamál og samskipti. Lausrir-
innar sem verða innleiddar
hjá Icelandair Group eru nán-
ar tiltekið Microsoft Office,
Outlook, Exchange, SharePo-
int og Lync. Einnig mun starfs-
fólki Icelandair Group bjóðast
Microsoft Office til heimili-
safnota gegn vægu gjaldi. Ice-
landair Group er 2.500 manna
samstæða níu fyrirtækja í flugi

og ferðaþjónustu, sem starfa
um allan heim. Í tilkynningu
Skýrr er haft eftir Björgólfi Jó-
hannssyni, forstjóra Icelandair
Group, að þetta sé umtalsverð
breyting á hugbúnaðarhögun
hjá Icelandair Group, þar sem
starfsfólk hafi notað Lotus No-
tes fyrir ofangreind verkefni
allt frá árinu 1995. „Nú verða
stakkaskipti á vinnuumhverfi
starfsfólks á næstu mánuðum
þegar að við færum okkur yfir
í Microsoft-lausrinengið. Við
höfum miklar væntingar til já-

kvæðra áhrifa þeirrar þróun-
ar,“ segir Björgólfur.

Lengi í fararbroddi

Gestur G. Gestsson, forstjóri
Skýrr, segir Icelandair Group
lengi hafa verið í fararbroddi
þjónustufyrirtækja, sem nýti
upplýsingatækni til hins ítrasta
við að veita jafnt viðskiptavin-
um sem starfsfólki hraðaoggóða
þjónustu. „Microsoft-heildar-
lausnin sem um ræðir hefur
yfirskriftina „All-in“ og mér
finnst sú yfirskrift ríma vel við
þjónustustefnu okkar hjá Skýrr,“
segir Gestur.

„Microsoft er hreykið af þess-
ari innleiðingu, enda höfum
við tekið virkan þátt í sam-
starfinu og erum sannfærð um
að það verði Icelandair Group
til góðs. Þessi heildarlausn frá
Microsoft inniheldur flestar
lausrir og nýjungar frá Micro-
soft, sem fyrirtækjum standa
til boða í dag, ásamt því að
bjóða upp á viðbótarfríðindi
og -lausrir. Þannig að þetta er
mjög umfangsmikil innleið-
ing,“ segir Halldór Jörgensson,
framkvæmdastjóri Microsoft á
Íslandi, í tilkynningunni.



Í fremri röð frá vinstri eru Halldór Jörgensson, Microsoft, og Gestur Gestsson, Skýrr, ásamt þeim Björgólfi Jóhannssyni og Hlyni Elíssyni, Icelandair. Fyrir aftan standa Jóhann Áki Björnsson, Skýrr, og Elísabet Halldórsdóttir, Icelandair.

VB MYND/ADSEND



Styrkveitingin 29. desember: Björk Þórarinsdóttir, stjórnarformaður Valitor, Gunnlaugur Árnason fyrir hönd Stykkishólmskirkju, Hrund Gunnsteinsdóttir, Máni Atlason fyrir hönd Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur, Sigríður Á. Sigurðardóttir fyrir hönd Ásdísar Hjalmsdóttur, Baldvin Oddsson, Þröstur Friðbjófsen fyrir hönd Félags heyrnarlausra og Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor.

VB MYND/ADSEND



Styrkir Reiddu fram 15 milljónir í styrki í fyrra

Samfélagssjóður Valitor úthlutar átta styrkjum

Samfélagssjóður Valitor úthlut-
aði átta styrkjum í lok desember
en hlutverk sjóðsins er að styðja
við vandlega valin málefni sem
bæta mannlíf og efla. Í tilkynn-
ingu kemur fram að 16 styrkir
hafi verið veittir á árinu 2011 en
fyrri úthlutun sjóðsins fór fram
í maí sl. Sjóðurinn var stofnaður
fyrir 20 árum og hafa frá upp-
hafi verið veittir samtals 132
styrkir til einstaklinga og sam-

taka sem starfa að menning-
ar-, mannúðar- samfélags- og
velferðarmálum. Heildarfjár-
hæð styrkja á árinu 2011 nam
15 milljónum króna en það var
stjórn sjóðsins sem afhenti þá en
hana skipa Björk Þórarinsdóttir,
stjórnarformaður Valitor, Viðar
Þorkelsson, forstjóri Valitor, og
Kristján Þór Harðarson, sviðs-
stjóri Markaðs- og þróunarsviðs
Valitor.

ÖRUGG EYÐING GAGNA



GAGNAEYÐING

UM HEIMA OG
GEIMA



HRAFN
JÖKULLSSON

Góðu fréttirnar

Eru engar fréttir góðar fréttir? Það finnst flestum, nema kannski fréttastjórum með byrjandi magasár, sem þurfa að fylla dálksenti-metrana. Vondar fréttir eru góðar fréttir í orðabókum margra blaðamanna. Hinsveg-ar virðast góðar fréttir almennt ekki þykja góðar fréttir. Við vorum að ræða þetta í Víkulok-unum á Rás 1 á laugardaginn, **Baldvin Jónsson** markaðsmaður m.m. og Kristín **Vala Ragnarsdóttir** sjálfbærniqúru m.m. Umræðum stjórnaði **Hallgrímur Thorsteinsson** m.m. Það sem kannski var óvenjulegt við þennan umræðu-þátt er að þar var ekki þvargað um pólitík. Bara ekki eitt orð. Við steingleymdum að tala um krís-una í Samfylkingunni, rétt tæptum á ræðu forsetans, sögðum ekki orð um



ástandið í Sjálfstæðisflokknum eða klofn-inginn hjá Vinstri grænum. Engum datt í hug að tala um mögulegan stuðning Hreyfing-arinnar við restina af ríkisstjórninni, og hvorki **Jón Bjarnason** né **Árni Páll** voru nefndir á nafn. Við töluðum hinsvegar heilmikið um góðar fréttir. Það er nefnilega svo mik-ið af góðum fréttum, út um allt, ef við bara nemnum að skyggjast um eftir þeim. Mínir góðu kollegar á hinum ýmsu fjölmiðlum mættu gjarnan huga að þeirri staðreynd. Út um allt eru einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök - jafnvel stofnanir! - að gera góða hluti. Þetta á ekki síst við í atvinnulífínu. Þúsundir fyrirtækja á Íslandi skiluðu þrátt fyrir allt hagnaði á síðasta ári. Fullt af fólki er að vinna að því að láta drauma sína rætast. Aðrir berjast fyrir betri heimi, en niðurstaðan er sú sama: Aukin lífsgæði, aukin hamingja, aukin gleði. Aukin farsæld. Gleði og hamingja auka almenna farsæld. Og góðar fréttir fylla okkur vongleði og bjartsýni. Fordæmi ann-arra eru hvatning og áskorun. Góðar fréttir sýna okkur að heimurinn er (þrátt fyrir allt) ekki á leiðinni þráðbeint til helvítis. Fleiri góðar fréttir, takk. Af öllum svið-um mannlífsins. Fréttir af nýjum fyr-irtækjum, frumkvöðlum, hjálparstarfi... Ég sé núna að mest lesna fréttin á mbl.is flokkast undir góða frétt, allavega fyrir **Nicole** og **Keith**: „**Nicole Kidman** hefur farið að fordæmi eiginmanns síns, **Keiths Urban**, og er hætt að neyta áfengis.“ ■

MEÐMÆLI VIKUNNAR

Rennið ykkur fótskriðu um netheima. Kíkið inn í **kattholt.is**, þar er heill heimur sem gaman er að kynnast. Og á **redcross.is** er hægt að sjá hversu ótrúlega viðamikil starf **Rauði krossinn** vinnur. Á **sos.is** sjáum við árangur í verki: Glöð börn. Fjol-skylduhjálpin.net og maedur.is vinna þrotlaust með fátækum og svöngum. Það er erfitt að láta staðar numið. Kíkið líka á **unicef.is**.



VISKA VIKUNNAR

„Sagan kennir okkur að maðurinn hefur aldrei lært af neinu.“



GEORG WILHELM FRIEDRICH HEGEL
(1770-1831) ÞÝSKUR HEIMSPEKINGUR.

Reykjavíkurskák mótið er elsta hátíðin í höfuðborginni

Krúnudjásnið í Hörpu

Reykjavíkurmótið í skák hefur verið haldið síðan 1964. Núna munu meistarar frá ótal löndum og á öllum aldri leika listir sínar í Hörpu.

Reykjavíkurskák mótið er ein elsta skákhátíð heims. Það hefur ekki farið framhjá mér sem formanni mótsstjórnar virðing-in sem Reykjavíkurskák mótið nýtur á erlendri grundu og að forystumenn annarra skáksambanda tala um mót-ið með lotningu. Hingað sækja á annað hundruð erlendir stórmeist-arar eftir því að koma en við getum aðeins boðið litlum hluta þeirra að taka þátt og reynum þá velja sem eru áhugaverðastir. Reykjavíkurmót-ið er líka elsta hátíð sem haldin er í Reykjavík - byrjaði talsvert á undan Listahátíð, svo dæmi sé tekið,“ segir Gunnar Björnsson forseti Skáksam-bands Íslands, en hið árlega Reykja-víkurmót verður haldið í Hörpu 6.-13. mars.

Gunnar segir að stóraukin áhersla hafi verið lögð á markaðssetningu Reykjavíkurmótsins, eða Reykjavík Open einsog það er kallað í skákheim-um. Í fyrra komu um 100 skákmenn gagnert til að tefla á mótinu, og tel-ur Gunnar að þeir verði enn fleiri núna. „Þessum ágætu skáktúristum fylgja auknar tekjur, svo við getum fremur boðið sterkum og þekktum meisturum,“ segir Gunnar. „Stefn-an er að gera þetta sjálfbært mót, án þess þó að tekið sé tillit til hinnar gif-urlegu sjálfböðavinnu sem mótshald-inu fylgir.“

SKÁKÞRAUTIN

Töframaðurinn gaf tóninn

Hann var í essinu sínu á þessum árum: **Mikail Tal** var að vísu fyrr-verandi heimsmeistari, aðeins 27 ára gamall, en hann var töframaðurinn frá Riga og stjarna hans skein skært á fyrsta Reykjavíkurskák mótinu árið 1964. Þetta mót var að líkindum hið næststerkasta, sem þá hafði farið fram á Íslandi. Aðeins Stúdentamótið 1957 hafði skartað fleiri öflugum meisturum. Mikail Tal fór mik-inn, hlaut hvorki fleiri né færri en 12½ vinning í 13 skákum. **Þorsteinn Skúlason** skrifaði um meistarann í Heimilisblaðið: „Hann tefldi af krafti og áræði og lagði m. a.



Gunnar Björnsson forseti Sf: Skáktúristar koma í auknum mæli til Íslands.

Stuðningur úr mörgum áttum Forseti Sf segir að Reykjavíkurborg hafi ávallt stutt af miklum mynd-arskap við Reykjavíkurskák mótið. „Nýlega gerðu Sf og borgin með sér 3ja ára samning sem auðveldar alla skipulagningu mjög fyrir Sf. Helsti styrktaraðili mótsins er MP banki og svo munu fleiri styrktaraðilar bæta við á næstum dögum og vikum. Ice-landair hefur einnig aðstoðað okk-ur af myndarskap og hafa útbúið pakka fyrir erlenda skákmenn sem gefur þeim tækifæri á að kaupa flug og gistingu á mjög sanngjörnu verði. Síðast en ekki síst hafa menntamála-ráðuneytið og ríkissjóður ávallt stutt vel við bakið á skákhreyfingunni og Reykjavíkurskák mótinu. En við finnum líka fyrir velvilja og stuðn-ingi stórra og smárra fyrirtækja, sem átta sig á gildi skákarinnar og þýð-

ingu hennar, ekki síst fyrir börn og ungmenni.“

Mikil gróska er nú meðal ungu kynslóðarinnar í skák, og Gunn-ar segir að Reykjavíkurmótið snerti allar meginstöðir í íslensku skáklífi: „Þarna fá íslensku stórmeistararnir tækifæri til að bejast um sigur á al-þjóðlegu stórmóti. Áhugamennirnir okkar komast í tæri við erlenda kepp-endur og síðast en alls ekki síst fá krakkarnir okkar tækifæri til að sjá hetjur og meistara að tafla - og jafn-vel mæta þeim við skákbordið. Það er mikil og ánægjuleg reynsla að tefla á alþjóðlegu móti og skiptir miklu máli í reynslubanka okkar efnilegu skák-barna.“

Stigamet slegið í Hörpu

Margir af bestu og efnilegustu skák-mönnum Íslands eru skráðir til leiks

í Hörpu, en að vanda er von á skær-um stjórnunum í heimsókn. „Að öðr-um ölstuðum ber nafn Fabio Ca-ruano hæst. Þessi ungi 19 ára ítalski stórmeistari er stigahæsti skák-maður sem nokkurn tíma hefur teft á Reykjavíkurskák móti. Hann er stigahæsti skákmaður heims und-ir tvítugu og er orðinn reglulegur gestur á ofurskák mótum. Tékkinn David Navara er líka ungur ofurst-meistari sem gaman verður að fylgjast með. Ekki má gleyma Ivan Sokolov, sem ávallt er aufúsugestur, enda hefur hann sigrað á mörgum alþjóðlegum skák mótum á Íslandi. Marga fleiri mætti nefna, háa sem lága á stigalistanum, enda Reykja-víkurmótið öllum opið og hugsað sem allsherjar skákveisla.“

Gunnar segir tímamót þegar Reykjavíkurmótið flytur úr Ráð-húsinu í Hörpu. „Það fór vel um okkur í Ráðhúsinu, en við þurftum einfaldlega meira pláss vegna vin-sælda mótsins. Harpa er stórkost-legur staður fyrir skák móti, og hef-ur vakið mikla athygli í kynningu á mótinu erlendis. Ég hika ekki við að segja að boðið verði upp á ein-hvern glæsilegasta mótsstað sem um getur. Aðstaða fyrir áhorfend-ur verður einnig einstök. Risaskjár verður bæði í skáksalnum, svoköll-uð Flóa á fyrstu hæð, þar sem menn geta horft yfir höfnina og í Munn-hörpunni. Þar geta menn skegg-rætt skákirnar yfir skákbolla, öl-kollu eða kvöldverði. Metnaður við mótshaldið er mikill, enda Reykja-víkurmótið krúnudjásnið í íslensku skáklífi.“



Tal. Óstöðvandi á fyrsta Reykjavíkurskák mótinu.

að velli tvo skæðustu keppinauta sína, þá stórmeistarana **Friðrik** og **Gligoric**.“

Það var einmitt Gligoric sem hreppti

annað sætið, með 11 ½ vinning. Um hann segir Þorsteinn í pistli sínum: „Hann er stúdent að mennt, hefur stundað háskóla-nám í ensku og talar hana mjög vel auk fleiri tungumála. Hann er einnig vel ritfær, og nú um þessar mundir er að koma út bók eftir hann í heimalandi hans.“

Friðrik Ólafsson hafnaði í þriðja sæti, ásamt norska skákmanninum **Sven Jo-hannessen**. Þeir hlutu 9 vinninga, og höfðu margir gert sér vonir um ennþá betri árangur hjá Friðrik. Vitnum enn í Þorstein Skúlason: „Friðrik tefldi fyrstu sjö um-ferðir mótsins mjög vel, en eftir það slak-aði hann mjög á klónni og varð frammi-staða hans í mótinu því eigi svo góð, sem menn höfðu væntzt og vonast eftir.“

Friðrik hafði þó ekki sagt sitt síðasta orð. Hann sigraði á næsta Reykjavík-urmóti, árið 1966, og tvisvar eftir það, 1972 og 1976.

» Hrafn Jökullsson

Uppboð JS Watch co. styrkja krabbameinsfélagið Kraft með úrauppboði

Erro og Eggert skreyta úr til styrktar Krafti

Úraframleiðandinn JS Watch co. býður upp tvö úr skreytt af listamönnum Erró og Eggerti Péturssyni til styrktar Krafti, stuðningsfélagi ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Íslenski úraframleiðandinn JS Watch co. Reykjavík stendur þessa dagana fyrir uppboði á úrum til styrktar Krafti, stuðningsfélagi ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Tveir af fremstu listamönnum þjóðarinnar, þeir Erró og Eggert Pétursson, skreyta úrin. Uppboðið hófst 8. desember og lýkur á morgun, 20. janúar. Allur ágóði rennur óskertur til Krafts.

Nálgast má uppboðsvefinn í gegnum heimasíðuna kraftur.org. Þar má sjá að hæsta boð í úrin er nú 725 þúsund krónur í úr Errós og 560 þúsund krónur í úrið sem Eggert skreytir.

Í tilkynningu um uppboðið



kemur fram að hugmyndin kviknaði hjá eigendum JS Watch á árinu 2010. Þeir ákváðu að fá til sín fremstu listamenn þjóðarinnar til þess að skapa eitt-hvað sérstakt og styðja þannig Kraft. Hugmyndin sem var lögð fyrir listamennina var að fá þá til þess að skreyta skífur tveggja úra frá JS Watch ásamt öskjunni utan um úrið. Þannig vilja þeir skapa ein-

stök listaverk sem ekki eiga sér hliðstæðu.

Handmáluð skífa

Skífa Eggerts er handmáluð. Á henni er blómið steindepla (Veronica fruticans). „Ég hef undanfarin ár mikið málað plöntur sem vaxa í snjóðældum upp til fjalla. Snjórinn skýlir þar viðkvæmum gróðrinum yfir veturinn. Plönturnar sem eru á öskjunni vaxa í snjóðældum. Skærblár litur



Úrin og öskjurnar eru fagurlega skreytt af þeim Erró og Eggerti Péturssyni. Eigendur JS Watch segja kaupin einstakt tækifæri fyrir safnara og áhugamenn um úr og listir. Uppboðinu lýkur á morgun, 20. janúar.

aukapersónum í amerískum teiknimyndasögum, birtast á málverkinu eins og áhorfendaskari á fótboltaleik. Árið 1999 vann hann hringlaga mynd upp úr sama verki og er á skífunni, en sjálft verkið er á öskjunni. Úrið er einnig JS Watch – Islandus 44mm.

Til viðbótar við úrin tvö er annað verk í vinnslu. Listamaðurinn Lína Rut skreytir það og verður það boðið upp í byrjun næsta árs.

steindeplunnar glitrar inn á milli smjörlaus og ljónslappa,“ útskýrir Eggert í tilkynningu. Ennfremur segir að úrið sem skartar málverki Eggerts er JS Watch co. Reykjavík – Islandus 44mm, með sjálftrektu gangverki í hæsta gæðaflokki.

Skífa Errós ber afrit af málverki eftir hann frá árinu 1992 og heitir Facescape. Andlitsmyndir, einkum af

BRÖNS

ALLA LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími: 517 4300 | www.geysirbistrobar.is

Verð
aðeins
1.895
með kaffi
eða te



...ofan í kjölinn.

— Áskriftarsíminn er 511 6622 —

vb.is

Leiðandi í matar- og drykkjarsjálfaölum fyrir vinnustaði

Erum við hjá þér?

www.selecta.is



selecta

S: 5 85 85 85



Landsbankinn var stærsti kröfuhafinn í þrotabú þotuflugs.

Skiptalok Engar eignir fundust í þrotabúi einkaþotuflugfélagsins Þotuflugs

Flugferðinni lokið hjá Þotuflugi

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Búið er að ljúka skiptum á þrotabúi Þotuflugs ehf., en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms í apríl í fyrra. Þotuflug stóð að rekstri leiguflugfélagsins Icejet, sem sérhæfði sig í einkaþotuflugi og þjónustu við hljómsveitir og íþróttalið.

Félagið var stofnað árið 2005 og var eini rekstraraðili á einkaþotum með höfuðstöðvar á Íslandi. Félagið hætti rekstri í ágúst 2010, en lengi

vel var það með þrjár vélar í flugi, allar Fairchild-Dornier vélar.

Kröfur í þrotabúið námu alls tæplega 137 milljónum króna og þar af námu forgangskröfur 29,5 milljónum. Til forgangskrafna teljast meðal annars launakröfur, en óverulegar eignir fundust hins vegar í búinu og því fengust engar greiðslur upp í kröfurnar.

Í eigu Nordic Partners
Meðal kröfuhafa Þotuflugs voru Eimskip, Arion banki og Tollstjórin, en stærsti kröfuhafinn var Lands-

bankinn, sem leysti til sín eignir móðurfélags Þotuflugs, Nordic Partners, í marsmánuði árið 2010.

Nordic Partners átti og rak nokkur hótél í Danmörku, þar á meðal d'Angleterre, Kong Frederik og Front, auk veitingahússins Copenhagen Corner í Danmörku.

Síðasti ársreikningur sem til er frá Þotuflugi er frá árinu 2008. Kemur þar fram að 129 milljóna króna tap varð á rekstri fyrirtækisins það árið og eigið fé var neikvætt um 88 milljónir króna.

INNKALLANIR

23. jan. Drög ehf.,
24. jan. Parl ehf.,
24. jan. Ethnic Care Ísland ehf.,
24. jan. Mosalind ehf.,
24. jan. Samur og Hönnun ehf.,
24. jan. Vélaleiga HR ehf.,
24. jan. Fjölmið Lúðvíksson ehf.,
24. jan. Aðhald ehf.,
24. jan. DaChin International ehf.,
28. jan. Heildarlausnir ehf.,
28. jan. Bensinstöðin ehf.,
28. jan. Heiðin ehf.,
28. jan. Eðalþjálfaþing Vögun ehf.,
28. jan. Eyrarnes ehf.,
28. jan. Fasteignasöðun Reykjavíkur ehf.,
28. jan. Íslensk þekkingarleið ehf.,
28. jan. Rekstur arkitekta ehf.,
28. jan. Abbsal ehf.,
28. jan. Al ehf.,
28. jan. CFL ehf.,
28. jan. Hversdagshöllin ehf.,
29. jan. Svartí Pétur ehf.,
29. jan. Bónstöðin Mosó ehf.,
29. jan. Fusion ehf.,
29. jan. Maggi Múr ehf.,
29. jan. Tór ehf.,
5. feb. Bl þjónusta ehf. (áður Krossá ehf.),
5. feb. GAM ehf.,
5. feb. Hbygg ehf.,
5. feb. Langhyllur ehf.,
5. feb. Vinistinn ehf.,
5. feb. Fasteignamiðlun Reykjavíkur ehf.,
5. feb. JA Group ehf.,
5. feb. Lindarblær ehf.,
5. feb. RG Media ehf.,
5. feb. Ský fyrir tungl ehf.,
7. feb. G.H. verktakar ehf.,
7. feb. GV Miðlun ehf.,
7. feb. Hvít perla ehf.,
7. feb. Hamar & sigó ehf.,
7. feb. ÓPA ehf.,
8. feb. GÓ ferðir ehf.,
8. feb. Holtsgata 1 ehf.,
9. feb. Inkæt ehf. (áður Svar tækni ehf.),
9. feb. Íslandsveitir ehf.,
9. feb. Radióráð ehf.,
9. feb. Spot ehf.,
9. feb. Vestarr ehf.,
12. feb. PM 4 ehf.,
12. feb. PM 5 ehf.,
12. feb. PM 6 ehf.,
12. feb. PM 7 ehf.,
12. feb. PM 8 ehf.,
12. feb. PM 9 ehf.,
12. feb. Eignarhaldsfélagið Smellinn ehf.,
12. feb. Paneleiningar ehf.,
12. feb. PM 1 ehf.,
12. feb. PM 2 ehf.,
12. feb. PM 3 ehf.,
12. feb. L og F ehf.,
12. feb. Skúflækur ehf.,
12. feb. DM Verk ehf.,
12. feb. Áhrif ehf.,
12. feb. Álfarferðir ehf.,
12. feb. Norður búiðir ehf.,
12. feb. S 40 ehf.,

kt. 700904-2450,
kt. 450809-0120,
kt. 561006-0400,
kt. 600106-0900,
kt. 550208-0400,
kt. 660810-0640,
kt. 570206-1090,
kt. 650599-2419,
kt. 630910-1370,
kt. 470300-2990,
kt. 681294-2799,
kt. 630307-1120,
kt. 681205-1360,
kt. 570203-1699,
kt. 610203-2530,
kt. 510706-1880,
kt. 671197-2919,
kt. 700394-2989,
kt. 641008-1920,
kt. 691297-3149,
kt. 710797-2349,
kt. 670410-0560,
kt. 561009-0310,
kt. 470709-0140,
kt. 580806-0310,
kt. 460907-1360,
kt. 580102-2040,
kt. 550199-4169,
kt. 640603-2750,
kt. 650809-1570,
kt. 540410-1270,
kt. 590707-0310,
kt. 600197-2749,
kt. 461005-0470,
kt. 691206-1140,
kt. 471206-0400,
kt. 560404-4760,
kt. 650505-1070,
kt. 661005-1570,
kt. 410606-0970,
kt. 490509-1980,
kt. 591202-2740,
kt. 660204-2880,
kt. 580209-0410,
kt. 580105-0680,
kt. 430996-2079,
kt. 651102-2190,
kt. 660308-1640,
kt. 660308-1800,
kt. 660308-2290,
kt. 660308-1210,
kt. 660308-0590,
kt. 431105-1010,
kt. 640204-2060,
kt. 450308-0800,
kt. 450308-0720,
kt. 540907-1020,
kt. 510809-0680,
kt. 570104-0409,
kt. 540206-2280,
kt. 601200-2360,
kt. 501105-0820,

12. feb. CAN ehf.,
12. feb. Íslensk Sælbjörg ehf.,
12. feb. EG 100 ehf.,
12. feb. EG 200 ehf.,
12. feb. EG 300 ehf.,
12. feb. EG 400 ehf.,
12. feb. EG 500 ehf.,
12. feb. EG 600 ehf.,
12. feb. Hafursfell ehf.,
12. feb. Bókahald og skattur ehf.,
12. feb. R11 Holding ehf.,
12. feb. R11 ehf.,
12. feb. Fasteignamiðlun Tryggvagötu ehf.,
12. feb. Fjárfestingafélagið Huginn ehf.,
12. feb. Laugavegur 22 ehf.,
12. feb. Seascap Iceland ehf.,
12. feb. Gresja ehf.,
12. feb. Hlutaþreif ehf.,
13. feb. Hraðlausnir ehf.,
13. feb. Kats ehf.,
13. feb. Pyramiddinn ehf.,
14. feb. E.H. af ehf.,
14. feb. Vor og haust ehf.,
14. feb. ABG ehf., bókhaldsþjónusta,
14. feb. Euro-skór Ísland ehf.,
14. feb. Sólarsýn ehf.,
14. feb. Ráðbók ehf.,
14. feb. SM Jónsson ehf.,
14. feb. Vinnustofan V.Á. ehf.,
15. feb. Stanley 84 ehf.,
15. feb. Litagléði ehf.,
15. feb. S.P.A. Ráðgjöf ehf.,
15. feb. SJUR ehf.,
15. feb. Sängmál ehf.,
15. feb. Viðreisn verktakar ehf.,
16. feb. Borgfirska mafían ehf.,
19. feb. Eel ehf.,
20. feb. JÓHÁ ehf.,
20. feb. Egta ehf.,
20. feb. Joel-Pappírspökagerð ehf.,
20. feb. Theraik ehf.,
21. feb. Betra heimili ehf.,
21. feb. Eðlafilm ehf.,
21. feb. Eignanet ehf.,
21. feb. GG fjárfesting ehf.,
21. feb. P vinnar ehf.,
21. feb. Sjúkrahaldsþjónustan ehf.,
21. feb. Alkurgerð ehf.,
21. feb. Tons County ehf.,
21. feb. Allar lagnir ehf.,
21. feb. Choice Tours Iceland ehf.,
21. feb. Nite ehf.,
21. feb. R400 ehf.,
22. feb. Öp verk ehf.,
23. feb. Zoltan ehf.,
23. feb. Icelandic Fishing Adventure ehf.,

kt. 660607-0990,
kt. 490909-0440,
kt. 450308-0640,
kt. 660308-0830,
kt. 660308-0670,
kt. 660308-1130,
kt. 660308-1050,
kt. 610300-0910,
kt. 660308-0910,
kt. 570102-2860,
kt. 481206-0650,
kt. 660307-1840,
kt. 660305-1370,
kt. 690199-2119,
kt. 681205-1010,
kt. 710189-1619,
kt. 700908-1860,
kt. 480808-1690,
kt. 411104-3110,
kt. 510698-2909,
kt. 471101-2220,
kt. 590706-0780,
kt. 521275-0149,
kt. 560699-2509,
kt. 700806-2000,
kt. 610204-2140,
kt. 450707-0580,
kt. 660907-1650,
kt. 580800-2890,
kt. 650209-0440,
kt. 681207-1550,
kt. 510203-2320,
kt. 500992-2719,
kt. 610704-3280,
kt. 430108-0930,
kt. 490905-1110,
kt. 670204-2350,
kt. 430203-3040,
kt. 490904-2630,
kt. 670209-2960,
kt. 641007-0720,
kt. 600204-2460,
kt. 601006-0220,
kt. 460104-2460,
kt. 410310-1040,
kt. 520285-0169,
kt. 650507-2310,
kt. 450406-1040,
kt. 710807-1320,
kt. 501106-1510,

Eiríkur S. Svavarsson hrl.
Eiríkur S. Svavarsson hrl.
Lúðvík Örn Steinarrson hrl.
Lúðvík Örn Steinarrson hrl.
Lúðvík Örn Steinarrson hrl.
Lúðvík Örn Steinarrson hrl.
Lúðvík Örn Steinarrson hrl.
Lúðvík Örn Steinarrson hrl.
Lúðvík Örn Steinarrson hrl.
Guðmundur Egill Erlendsson hdl.
Stefán Ólafsson hrl.
Sigurður Albertsson hrl.
Sigurður I. Halldórsson hdl.
Eybjörg H. Hauksdóttir hdl.
Eybjörg H. Hauksdóttir hdl.
Eybjörg H. Hauksdóttir hdl.
Eybjörg H. Hauksdóttir hdl.
Helga Vala Helgadóttir hdl.
Helga Vala Helgadóttir hdl.
Helga Vala Helgadóttir hdl.
Helga Vala Helgadóttir hdl.
Helga Vala Helgadóttir hdl.
Kristján B. Thorlacius
Kristján B. Thorlacius
Benedikt Sigurðsson hdl.
Benedikt Sigurðsson hdl.
Benedikt Sigurðsson hdl.
Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.
Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.
Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.
Kristján B. Thorlacius hrl.
Rúnar S. Gíslason hdl.
Rúnar S. Gíslason hdl.
Rúnar S. Gíslason hdl.
Rúnar S. Gíslason hdl.
Ingi Tryggvason hdl.
Pétur Kristinnsson hdl.
Hilmar Gunnlaugsson hrl.
Einar Sigurðsson hdl.
Árni Pálsson hrl.
Eva Hrönn Jónsdóttir hdl.
Björn L. Bergsson hrl.
Björn L. Bergsson hrl.
Björn L. Bergsson hrl.
Björn L. Bergsson hrl.
Andrés Valdimarsson hrl.
Andrés Valdimarsson hrl.
Herdís Þorgeirsdóttir hdl.
Herdís Þorgeirsdóttir hdl.
Egbert B. Ólafsson hdl.
Egbert B. Ólafsson hdl.
Egbert B. Ólafsson hdl.

TILBOÐSFRESTUR

20. janúar 2012.
9. febrúar 2012.
22. mars 2012.
16. apríl 2012.

Landsvirkjun - Skjalakerfi og kerfi fyrir ábendingar
Landsvirkjun - Búðarhálsvirkjun, vélaþennar
Ríkiskaup - Hönnunarsamkeppni um byggingu stofnunar Vigdísar Finn­bogadóttur
Ríkiskaup - Hönnunarsamkeppni um fangelsi á Hólmstöði

GJALDÞROT

FS 38 ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 9. febrúar 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Svanhvít Yrsa Árnadóttir hdl. skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Lýstar kröfur í búið námu alls kr. 9.241.692.344. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29. desember 2011 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Agn Fasteignafélag ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. nóvember 2009 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Guðrún Helga Brynleifsdóttir hrl. skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Lýstar kröfur í búið námu alls kr. 432.254.668. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. desember 2011 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

TF festir ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 26. mars 2007 var ofangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Sigurður Sigurjónsson hrl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 13. desember 2011. Samtals var lýst kröfum að fjárhæð kr. 315.284.907. Þar af veðkröfum skv. 111. gr. að fjárhæð kr. 289.193.485. Engum forgangskröfum var lýst skv. 112. gr. Samkvæmt úthlutunargerð fékkst greiðsla upp í veðkröfur kr. 19.800.000 eða 6,88%. Upp í almennar og eftirstæðar kröfur fékkst ekkert.

D 500 ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 13. apríl 2011 var ofangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Guðbjarni Eggertsson hdl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Lýstar kröfur í búið námu alls kr. 295.551.528. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 15. desember 2011 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

SÁ verlausnir ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. september 2011 var ofangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Klemenz Eggertsson hdl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Lýstar kröfur í búið námu alls kr. 282.302.092. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. desember 2011 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

.....
Gjaldþrot eru birt í röð eftir umfangi lýstra krafna. Ekki er greint frá gjaldþrotum undir 50 milljónum kr.

ÚTBOD

Landsvirkjun - Skjalakerfi og kerfi fyrir ábendingar

Landsvirkjun óskar eftir þátttöku í samningskaupaferli vegna kaupna á eftirfarandi kerfum: Kerfislausn 1: Skjalakerfi fyrir almenn skjöl og gæðaskjöl fyrirtækisins. Kerfislausn 2: Kerfi fyrir ábendingar og útbótaverkefni ásamt innri úttektum. Heimilt er að bjóða í báðar fyrrgreindar kerfislausnir eða aðeins aðra þeirra. Leiðað er eftir heildstæðri lausn sem uppfyllir þarfir fyrirtækisins og getur þróast með því. Óskum um þátttöku í samningskaupaferli skal skila á sama stað fyrir klukkan 11:00 föstudaginn 20. janúar 2012 þar sem nöfn umsækjenda verða lesin upp að viðstöddum þeim þátttakendum sem þess óska.

Landsvirkjun - Búðarhálsvirkjun, vélaþennar

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í framleiðslu á vélaþennum fyrir Búðarhálsvirkjun. Verkið felst í hönnun, framleiðslu, þrófunum, þökkun, afhendingu og eftirliti með uppsetningu á 55 MVA „shell type“ vélaþennum samkvæmt nánari lýsingu í útbóðsgögnum. Áætlaður afhendingartími spennna er í lok mars 2013. Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 fimmtudaginn 9. febrúar 2012.

Áfram Ísland - Vejum Íslenskt

Þú færð límmiðana hjá okkur

Íslensk framleiðsla!

Hafðu samband við sölumann í 567 88 88

 Plast, miðar og tæki -www.pmt.is

FÓLK Á FERÐINNI

Meðeigendur hjá Lex
Heiðrún Lind Marteinsdóttir og **Ásgerður Ragnarsdóttir** héraðsdómslögmennt eru nýir meðeigendur á lögmannsstofunni Lex. Heiðrún hefur starfað hjá Lex frá því í nóvember 2006 og Ásgerður hóf störf í september 2008. Heiðrún Lind útskrifaðist úr Háskólanum í Reykjavík og Ásgerður úr Háskóla Íslands. Báðar eru stúdentar frá MR og hafa gegnt fjölmörgum félags- og trúnaðarstörfum.

Halla til Straums
Halla Sigrún Hjartardóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Straums fjárfestingarbanka hf. Halla starfaði áður hjá Íslandsbanka á árunum 2002-2011, síðast sem forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar. Halla er með B.Sc. gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og próf í verðbréfamíðlun.

Frá Íslandsbanka til Straums
Þá hefur **Leó Hauksson** verið ráðinn í fyrirtækjaráðgjöf Straums fjárfestingarbanka hf. Leó hefur starfað á fjármálamarkaðnum síðastliðin 12 ár, hjá Kaupþingi banka (síðar Arion banka) á árunum 1999-2011 og hjá Íslandsbanka á síðastliðnu ári. Leó er með BS-gráðu frá Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og með próf í verðbréfamíðlun.

Tinna til Íslandsbanka
Tinna Molphy hefur verið ráðin til að sjá um fjárfestatengsl hjá Íslandsbanka. Hefur bankinn náð sér þar í reyndan starfsmann því Tinna gegndi svipaðri stöðu hjá Landsbanka Íslands fyrir hrún. Hafði hún í millitíðinni stutta viðkomu hjá Icelandic Group eftir að Framtakssjóður Íslands festi kaup á félaginu í gegnum Vestia.

Gunnar aðstoðarmaður ráðherra
Gunnar Tryggvason verkfræðingur hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Oddnýjar Harðardóttur fjármálaráðherra. Gunnar er með B.Sc. gráðu í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands, Dipl.Ing. gráðu í raforkuverkfræði frá Háskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi og diplomagráðu í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarsstofnun HÍ. Hann hefur undanfarin tvö ár starfað sem sérfræðingur hjá KPMG á sviði orkuviðnaðar. Gunnar er kvæntur Úlfhildi Leifsdóttur tannlækni og eiga þau sex börn.

Fólk Gísli Baldur Garðarsson á langan feril að baki sem lögmaður

Úr síldinni í olíuna

Gísli Baldur Garðarsson hrl., stjórnarformaður Olís, og Einar Benediktsson, forstjóri félagsins, komu að rekstrinum snemma á tíunda áratugnum.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Viðskiptafélagarnir Einar Benediktsson og Gísli Baldur Garðarsson eignuðust Olís árið 2003, þegar þeir keyptu um 70% hlut í Kauphöll Íslands. Skömmu síðar eignuðust þeir félagið að fullu og hafa átt síðan, í gegnum einkahlutafélagið FAD 1830. Olís var fyrsta félagið sem var skráð á Verðbréfabingi, forvera Kauphallar Íslands. Einar Benediktsson kom að Olís árið 2002, þegar hann var ráðinn forstjóri. Fram að þeim tíma hafði Einar starfað hjá Síldarútvegsnefnd. Fyrst sem aðstoðarframkvæmdastjóri eftir að hann lauk viðskiptafræðinámi frá Háskóla Íslands og síðar sem framkvæmdastjóri. Þar starfaði hann í um 17 ár. Síldarútvegsnefndin skipulagði og fór með eftirlit með verkun saltaðrar síldar, og sá um sölu afurðarinnar. Gísli Baldur gerðist stjórnarformaður Olíuverslunarinnar árið 1993. Áður hafði hann setið í stjórninni til vara. Eftir að



Einar Benediktsson hefur starfað á tveimur vinnustöðum frá því hann útskrifaðist úr viðskiptafræði, fyrst hjá Síldarútvegsnefnd í 17 ár og síðan hjá Olís. Þar hefur hann verið í um 19 ár, sem forstjóri og eigandi ásamt Gísli Baldri Garðarssyni.

VB MYND/ABSEN

hann útskrifaðist úr lögfræði árið 1976 hefur hann starfað á ýmsum lögfræðistofum. Hann stofnaði lögmannsstofuna Lögmenn við Austurvöll árið 1984. Sú stofa sameinaðist JÁS Lögmönnum í febrúar í fyrra, undir nafninu CATO lögmenn.

Hluturinn minnkar
Málefni og rekstur Olís hefur verið mikið til umfjöllunar í kjölfar efnahagshrunsins. Félagið er afar skuldbætt og móðurfélagið FAD 1830 einnig. Landsbankinn gerði eigendunum að koma

með nýtt eigið fé. Viðskiptablaðið greindi frá því nýverið að tíðinda er að vænta af eigendahópi Olís. Búið er við að þeir komi að á næstu viku, en meðal þeirra eru Samherji og Fisk Seafood, félag Kaupfélags Skagfirðinga. Einar og Gísli Baldur verða ennþá í eigendahópnum en ljóst að hlutur þeirra mun minnka verulega.

Til viðbótar við umfjöllun um félagið eftir hrún var það mikið í fjölmiðlum í tengslum við samráð Olíufélaganna, eins og önnur íslensk olíufélög.

UM GÍSLA BALDUR GARÐARSSON

- » Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1970.
- » Cand. jur. frá Háskóla Íslands 1976.
- » Útskrifaður frá lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn 1978.
- » Héraðsdómslögmaður 1977.
- » Hæstaréttarlögmaður 1985.
- » Námskeið við Harvard háskóla í Boston 1991.
- » Blaðamaður á Morgunblaðinu 1971-1974.
- » Lögmenn Aðalstræti 9 1976-1977.
- » IBM á Íslandi 1978-1980.
- » Lögmenn Klapparstíg 40 1980-1984.
- » Lögmenn við Austurvöll, eigandi frá 1984.
- » Cato Lögmenn frá 2011.

UM EINAR BENEDIKTSSON

- » Stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1972.
- » Viðskiptafræðipróf cand. oecon. frá Háskóla Íslands 1976.
- » Aðstoðarframkvæmdastjóri og síðar framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar frá 1976-1992.
- » Forstjóri Olís frá 1993 til dagsins í dag.

UMMÆLI VIKUNNAR

Mæti

„Verð mættur á Vinnumálastofnun á slaginu 09:00 á mánudaginn (nógu helvíti mikið er ég búinn að borga í skatta í lífinu - og kannski tími til kominn að fá eitthvað af því tilbaka).“



EIRÍKUR JÓNSSON BLÁDAMAÐUR
Á BLOGGI SÍNU Á EYJUNNI 13. JANÚAR.



Krabbamein, astmi, ofnæmi, exem, treg blóðrás, blöðruhálskirtilsbólga, parkinsonveiki, umgangspesir

Lúpínuseyði gæti hjálpað

Lúpínuseyði sem Ævar Jóhannesson gaf fólki í rúma tvo áratugi gerði mörgum gott eins og lesa má í æviminningum hans og á vefsíðunni www.lupinuseydi.is. Hér verður ekkert fullyrt, en það skaðar ekki að lesa sögurnar og meta það sjálf hvort seyðið gæti gert ykkur gott.

SVARTI  HAUKUR

www.lupinuseydi.is s. 517 0110

Fæst í heilsubúðum

Endahnúturinn

Ríkisstyrktur andkapítalismi

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Ahverju ári eru skattgreiðendur þíndir til þess að greiða fyrir listir og menningu – í gegnum ríkið. Þrátt fyrir að listir og menning hafi orðið til á undan skattgreiðendum finnst stjórn-
málamönnum sjálfsagt mál að taka pening af fólki til þess að útteila eftir geðþótta í listir og menningu. Sumir virðast þannig halda að ríkið sé betur til þess fallið en einstaklingurinn til þess að skilgreina og velja lista- og menningarviðburði eða starfsemi þetta kristallaðist auðvitað í tónlistarhúsinu í Reykjavík þar sem stjórn-
málamaðurinn í öllum flokkum voru í sama ruglinu. Stjórn-
málamaðurinn eru hræddir við að fá listama-
fúna upp á móti sér og keppast við að láta allt eftir henni – á kostnað skattgreiðenda að sjálfsögðu.

Listasafn Reykjavíkur er að sjálfsögðu rek-
ið fyrir almennafé. Í byrjun vikunnar aug-
lýsti opinbera listasafnið „gjörning“ eftir spænska „listamanninn“ Santiagos Sierras. Listin í gjörningnum felur það í sér að hinn iðjulausi Spánverji er búinn að útbúa skúptúr sem mynda stafina NO. Honum er ekið um á vörubílspalli og stillt upp fyrir framan Alþingishúsið, fjármálastofnanir, kauphöllina og fleiri staði. Þessi djúpa list á að lýsa „ádeilu á kapitálískt markaðs-
hagkerfi og efnahagshruni Íslands.“ eins og það er orðað í tilkynningu frá opinbera safninu. Gott og vel. Manninum er að sjálf-
sögðu heimilt að hafa þessa skrátnu skoð-
un og ef hann vill deila á allt sem tengist kapitálísku markaðshagkerfi er honum það einnig frjálst. Einhver þyrfti þó að benda honum á að ríkið er ekki sjálfbært í sjálfu sér og það er bara fyrir markaðsdrif-
in hagkerfi sem svona „listamenn“ geta stundað sína list – í boði skattgreiðenda. Verra er þó að Listasafn Reykjavíkur skuli bera kostnaðinn af þessari vitleysu. Stofn-
unin er rekin fyrir opinbert fé og ákveður þarna að hygla daðri við kommúnisma umfram aðrar stjórn-
málaskoðanir. Ætlar listasafnið næst að flytja inn – á kostnað skattgreiðenda – einhvern listamann sem deilir á kommúnisma og sósíalisma?

Það væri gaman að sjá Sierras lífa af ein-
hverju öðru en framlagi frá hinu opinbera. Enn skemmtilegra væri að sjá Listasafn Reykjavíkur lífa af einhverju öðru en framlagi frá hinu opinbera. ■



www.motus.is

Er þitt fyrirtæki með peningana á hreyfingu?

Leyfðu okkur að aðstoða.

Hafðu samband við okkur í síma 440 7000 eða á motus@motus.is

motus

„TRY&BUY“

Prófið
Samsung
CLP-670N
prentarann
án gjalds
í 30 daga



TILBOÐ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Ef þér líkar ekki við hann þá geturðu skilað honum aftur án nokkura spurninga af okkar hálfu

Við hjá ORMSSON erum svo fullvissir um gæði prentarans, að við getum með stolti boðið þér hann á þessum vildarkjörum.

ÖFLUGUR LITAGEISLAPRENTARI

með innbyggðu netkorti, prentar allt að 24 bls/mín
Upplausn: 9600 x 600 dpi. Verð aðeins 59.900 kr.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SAMSUNG

SAMSUNG ER STÆRSTI RAFTÆKJAFRAMLEIDANDI Í HEIMI OG NÆST STÆRSTI SÖLUADILI Á GEISLAPRENTURUM Í EVRÓPU skv. IDC